# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs

Skipulagslýsing, dags. 15.09.2022

Auglýsingar




# Fylgiskjal 11

# Skipulagshönnun

**– Miðlæg íbúabyggð í Vestmannaeyjum**




Vestmannaeyjabær auglýsir eftir áhugasömum fagaðilum til að vinna að hugmyndum fyrir heildarskipulag miðlægrar íbúabyggðar, samfélagsþjónustu og græns svæðis í hjarta Heimaeyjar. Svæðið sem um ræðir er kennt við Malarvöll og Lönguláq.

Valdir verða umsækjendur til að vinna að hugmynd fyrir heildarnýtingu og skipulag svæðisins. Sú tillaga sem þykir best verður þróuð áfram í samstarfi milli Vestmannaeyjabæjar og viðkomandi fagaðila.

Val á umsækjendum mun taka mið af fyrri verkum umsækjenda, umsögnum vegna fyrri verka og viðtölum við viðkomandi.

Áhugasamir aðilar eru beðnir að hafa samband við skipulagsfulltrúa – dagny@vestmannaeyjar.is. Með umsókn skulu fylgja fyrri verkefni af svipuðum toga og mun valnefndin styðjast við þau gögn við val á umsækjendum.

Þegar hugmyndirnar liggja fyrir verður valin sú tillaga sem þykir best og hún þróuð áfram í samstarfi milli Vestmannaeyjabæjar og viðkomandi fagaðila.

Aðalskipulag svæðisins má skoða á kortvef Vestmannaeyjabæjar: https://map.is/vestm/

Markmið skipulagsins er að svæðið bjóði uppá á mannvænt umhverfi og fjölbreytt framboð íbúða. Fyrirhugað er að á svæðinu verði leikskóli og að grænt svæði í Lönguláq muni halda sér. Þannig er áhersla á góða landnýtingu, gönguvænt umhverfi og aðlaðandi tómstundarsvæði.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. október 2022.**




Erum við að leita **að þér?**

# Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi

**Leikskóli við Skólatröð. Lýsing skipulagsverkefnis.**

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsingu) vegna nýs deiliskipulags leikskóla við Skólatröð.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði nær yfir 0,2 ha lóð við Vallartröð 12A. Í lýsingunni eru settar fram helstu forsendur og markmið deiliskipulagsvinnunnar ásamt tímaáætlun skipulagsferlisins.

**Miðvikudaginn 19. október milli kl. 17:00-18:00 verður kynningarfundur/opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem lýsingin verður kynnt sérstaklega þeim sem þess óska.**

Ofangreind lýsing skipulagsverkefnis á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er nánari upplýsinga um lýsinguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 27. október 2022.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

**Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Lýsing skipulagsverkefnis.**

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsingu) vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla. Auk þess er staðsetning minjasvæðis leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi – að og frá hverfinu.

Ofangreind lýsing skipulagsverkefnis er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is.
Ef óskað er nánari upplýsinga um lýsinguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en **kl. 15:00 fimmtudaginn 27. október 2022.**

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# Vatnsendahvarf. Lýsing skipulagsverkefnis.

Hlusta

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 27. september 2022 að kynna skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs fyrir Vatnsendahvarf í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulag fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla. Auk þess er staðsetning minjasvæðis leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi – að og frá hverfinu.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk skipulagsdeildar í síma 441-0000 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 13:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 **fimmtudaginn 27. október 2022.**

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

### Vatnsendahvarf. Lýsing skipulagsverkefnis.

**Tímabil**

1. október 2022 - 27. október 2022

**Tengd skjöl**

Vatnsendahvarf_breyting á aðalskipulagi_skipulagslýsing

HEIM

# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, skipulagslýsing

## Ábendingar, athugasemdir og umsagnir




# Fylgiskjal 12

**Málsnúmer:2208338** / tengd mál 2011714 deilisk, 2110443 útvarpshús

**Lýsing skipulagsverkefnis,** dags. 15. sept. 2022**. Breyting á aðalskipulagi, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð.** Breyting nr. 2.

Lýsing skipulagsverkefnis var auglýst í Fréttablaðinu og á vefsíðu Kópavogs 1. október 2022. Frestur til að skila inn athugasemdum var til fim. 27. október 2022 kl. 15.

| |
|---|
| Tölvubréf sent út 30.sept. og 3. okt. 2022<br>Varðar kynningu á lýsingu skipulagsverkefnis, Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, breytingu á aðalskipulagi<br>Vakin var athygli á að erindi þetta var aðeins sent í tölvupósti til hlutaðeigandi umsagnaraðila |

| |
|---|
| *Sent til:*<br>*Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Vegagerðin, Samgöngustofa, Isavia, Heilbrigðiseftirlit Gb., Hfj. Kóp., Mos. og Seltj., Veðurstofa Íslands, Veitur, Landsnet, Strætó, Samtök sveitarfél. á höfuðb.svæðinu, Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusvið, sveitarfélagið Ölfus, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær, Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir.* |

**Umsagnir/athugasemdir** (staða 8. nóvember 2022)

| | **Dagsetning umsagnar** | | **Umsagnaraðili –** efnisatriði umsagnar |
|---|---|---|---|
| | | | |
| X | 5. október 2022 | | Umhverfisstofnun, UST. Axel Benediktsson sérfræðingur, Björn Stefánsson sérfræðingur.<br>Benda á að UST veitti umsögn um deiliskipulagstillöguna.<br>Í greinargerð kemur fram að náttúrufar hefur verið skoðað og leiddi sú úttekt í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Bregðast þarf við þessum nýju upplýsingum og stefnt að því að setja skilmála þar um í aðal- og deiliskipulagi.<br>UST gerir ekki athugasemd við lýsingu þessa. |
| X | 6. október 2022 | | Skipulagsstofnun. Birna Björk Árnadóttir. Bendir á að gera þarf grein fyrir skipulagsákvæðum fyrir og eftir breytingu og breytingum á stærð svæða. Mælir með sameiginlegu umhverfismati fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að nýju deiliskipulagi sama svæðis. |
| X | 6. október 2022 | | Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.<br>Skipulags- og byggingarráð gerir ekki athugasemd. |
| X | 7. október 2022 | | Mosfellsbær. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytinguna.<br>f.h. skipulagsnefndar Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi. |
| X | 14. október 2022 | | Landsnet. Einar S. Einarsson framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs.<br>Landsnet veitti umsögn um vinnslutillögu deiliskipulags fyrir sama svæði.<br>Þar var m.a. vakin athygli á að samkvæmt kerfisáætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, sem mögulega gæti legið við mörk skipulagsins. Einnig að fyrirtækið ynni þá að gerð umhverfismats vegna þessa. Þar sem umhverfismati vegna framangreindra framkvæmda sem gerðu m.a. ráð fyrir valkosti um Vatnsendahvarf, hefur verið sett í bið um óákveðinn tíma, telur Landsnet ekki lengur þörf á að fyrirtækið veiti umsagnir um skipulag á þessu svæði. |
| X | 18. október 2022 | | Bjarni Antonsson, Kleifakór 3.<br>Kallar eftir skýrari teikningum á deiliskipulagstillögum (sem settar voru með til skýringar í lýsingu skipulagsverkefnisins vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi).<br>(svar frá skipulagsdeild til Bjarna sbr.: Athugasemdir þínar eru mótteknar. Vek athygli á því að verið er að auglýsa skipulagslýsingu, en ekki tillögu að deiliskipulagi svæðisins.<br>Þér er velkomið að koma hingað í Digranesveg 1 / skipulagsdeild og fá skýringar vegna skipulagslýsingarinnar) |
| X | 19. október 2022 | | Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ. Snorri Sigurðsson sviðsstjóri náttúruverndarsviðs. Fram kemur að Kópavogsbær hafi leitað til NÍ sem framkvæmdi úttekt á gróðurfari og fuglalífi á svæðinu sumarið 2021. Huga þarf áfram að stöðu blátoppu. NÍ áskilur sér rétt til frekari athugasemda síðar. |
| X | 20. október 2022 | | Veitur. Helga Rún sérfræðingur. Veitur þurfa góðan fyrirvara til að leggja ný dreifikerfi fyrir heitt vatn og rafmagn. Skoða þarf hvort gera þurfi ráð fyrir lóðum fyrir dreifistöðvar. |
| X | 21. október 2022 | | Sveitarfélagið Ölfus f.h. skipulags- og umhverfisnefndar Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi. Nefndin gerir ekki athugasemdir. |
| X | 26. október 2022 | | Minjastofnun Íslands. Henný Hafsteinsdóttir minjavörður Reykjavíkur og nágrennis. Bendir m.a. á að útlínur skráðra fornleifa vegna deiliskipulags í Vatnsenda skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt. |
| X | 27. október 2022 | | f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf. Karl Alvarsson yfirlögfræðingur. Afrit sent Samgöngustofu. Vekur m.a. athygli á að hæð masturs á Vatnsendahæð þarf að liggja fyrir í deiliskipiulagi. Félagið kallar eftir upplýsingum um hæð efstu bygginga yfir sjávarmáli á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Þarf að liggja fyrir svo hægt sé að reikna út áhrif breytinga á á flugumferð um Reykjavíkurflugvöll. Einnig þarf að skoða í samvinnu við Isavia og Samgöngustofu þörf á hindranalýsa byggingar sem ná hæst yfir sjávarmál á þessu svæði. |
| X | 27. október 2022 | | Veðurstofa Íslands. Árni Snorrason forstjóri VÍ.<br>Gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| X | 31. október 2022 | | Svæðisskipulagsnefnd. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri, SSH.<br>Ekki eru gerðar athugasemdir. |
| X | 31. og 27. október 2022 | | Reykjavíkurborg. Umsögn deildarstjóra aðalskipulags Haraldar Sigurðssonar dags. 27.okt. ásamt útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa 27.okt. 2022. f.h. skipulagsfulltrúa Þuríður Guðmundsdóttir. Bréf dags. 31. okt.22. Ekki er gerð athugasemd við erindið. |
| X | 1. nóvember 2022 | | Heilbrigðiseftirlit Gb., Hfj., Kópav., Mos., Seltj. HEF<br>Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd en væntir þess að fá tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi til umsagnar síðar. Nefndin væntir þess að hljóðvistarmál fái þar góða umfjöllun. |

Qualified Electronic Signature
BJÖRN STEFÁNSSON
2022-10-06 08 53 10 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
AXEL BENEDIKTSSON
2022-10-06 12 57 05 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Kópavogsbær
Bergljót Sigríður Einarsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 5. október 2022
UST202210-003/A.B.
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs er barst 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð

Í erindinu kemur fram fyrirhuguð breyting er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi þ.e. að og frá hverfinu.

Auk þess kemur fram í greinargerð að náttúrufar hefur verið skoðað og leiddi sú úttekt í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Bregðast þarf við þessum nýju upplýsingum og stefnt að því að setja skilmála þar um í aðal- og deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi deiliskipulagið fyrir svæðið 20. apríl sl.[1]

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson
*sérfræðingur*

[1] https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn_Vatnsendahvarf__20.4_b.pdf

Skipulagsstofnun

Kópavogsbær
Bergljót S. Einarsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 6. október 2022

*Tilvísun: 202210001* / 3.2

---

**Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi í Vatnsendahvarfi, Vatnsendahæð**

---

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 30. september 2022, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 15. september 2022, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að breyta útfærslu og fyrirkomulagi fyrirhugaðrar byggðar í Vatnsendahvarfi-Vatnsendahæð. Breytingin nær m.a. til íbúðarbyggðar, opins svæðis, samfélagsþjónustu og tenginga við aðliggjandi svæði.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir mótun tillögu:

Í lýsingunni eru gerð ágæt skil á forsendum þess að talin er þörf á að gera tilteknar breytingar á stefnu og afmörkun landnotkunar í Vatnsendahvarfi, Vatnsendahlíð. Hins vegar kemur ekki fram hvaða skipulagsákvæði gilda um einstaka reiti sem eru viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagbreytingar. Minnt er á að í tillögu að breytingu þarf að gera grein fyrir skipulagsákvæðum fyrir ÍB-5, ÍB-6, S-27, S-67, VÞ-20, MV9 og OP-5.13 fyrir og eftir breytingu á viðkomandi reit, hvort sem eingöngu er um að ræða breytingar á stærð svæðis eða bæði stærð og skipulagsákvæðum eins og þéttleika og yfirbragði.

Í lýsingunni kemur fram að lagt verði mat á áhrif tillögu að breytingu með áherslu á áhrif á samfélag, náttúrufar og menningarminjar. Um er að ræða breytta útfærslu á svæði þar sem megindrættir landnotkunar hafa verið ákveðnir og því á við að bera saman áhrif gildandi skipulags og áformaðrar tillögu að breytingu og beina sjónum að þeim þáttum sem eru líklegir til að verði fyrir áhrifum vegna breytingarinnar. Bent er á að nýta fá en lýsandi viðmið til að komast að niðurstöðu svo sem viðmið sem fela í sér ákjósanlega niðurstöðu um þjónustu og aðgengi að grænum svæðum, fjölbreyttum og virkum ferðamátum og verndun tegunda sem eru á válista og menningarminjar. Einnig ætti að skoða þann möguleika að leggja fram eina sameiginlega umhverfismatsskýrslu fyrir aðalskipulagsbreytinguna og tillögu að deiliskipulagi.

Minnt er á að vinna þarf aðalskipulagsbreytinguna á stafrænu formi og að loknu skipulagsferlinu þarf að skila endanlegri tillögu á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar auk annarra samþykktra skipulagsgagna.

Birna Björk Árnadóttir

## Guðmundur G. Gunnarsson

**From:** Anna María Elíasdóttir <annae@hafnarfjordur.is>
**Sent:** fimmtudagur, 6. október 2022 15:31
**To:** Skipulag
**Subject:** Skipulags- og byggingarráð - 768 : 2210001 - Umsagnarbeiðni, lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogs

**Tilkynning um afgreiðslu máls**

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 6. október 2022 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var:

**2210001 - Umsagnarbeiðni, lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogs**

*Kópavogsbær óskar 30.9.2022 eftir umsögn vegna skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.*

Skipulags- og byggingarráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Ofangreint tilkynnist hér með
Anna María Elíasdóttir

Hafnarfjörður

Anna María Elíasdóttir
Skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2

585 5500 / 664 5623
annae@hafnarfjordur.is
hafnarfjordur.is

Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Mosfellsbær, 10. október 2022
erindi nr. 202105014/19.3 fdb

**Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar**

Á 573. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 7.10.2022, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

**Vatnsendahvarf - nýtt deiliskipulag og aðalskipulagsbreyting**

Borist hefur erindi frá Kópavogsbæ, dags. 04.09.2022, með ósk um umsögn skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2022 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Fyrirhuguð breyting er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við þær ábendingar og umsagnir sem bárust. Umsagnafrestur er til og með 27.10.2022.

Lagt fram og kynnt. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

*Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.*

Þetta tilkynnist hér með.

**Virðingarfyllst,**
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Kristinn Pálsson,
*Skipulagsfulltrúi*

*Málsaðili ber sjálf/ur ábyrgð á því að kynna sér hugsanlegan kostnað afgreiðslu erindis á heimasíðu sveitarfélagsins: www.mos.is/gjaldskrar*

---

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

## Guðmundur G. Gunnarsson

| | |
|---|---|
| **From:** | Jórunn Gunnarsdóttir <jorunn@landsnet.is> |
| **Sent:** | föstudagur, 14. október 2022 14:26 |
| **To:** | Skipulag |
| **Subject:** | Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs_Vatnsendahæðar |
| **Attachments:** | 2022.10.14 Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs_Vatnsendahæðar_undirritud.pdf |

Góðan daginn!

Meðfylgjandi er umsögn frá Landsneti.

Vinsamlegast satðfestið móttöku.

Bkv. Jórunn

**Jórunn Gunnarsdóttir**
Verkefnisstjóri
Stjórnunarsvið / Corporate Service & Communications
Tel / Sími +354 563 9313 / Mobile / Gsm. +354 695 0635 / jorunn@landsnet.is

LANDSNET

**www.landsnet.is / www.facebook.com/landsnet / www.linkedin.com/company/landsnet / www.Instagram.com/landsnet**

LANDSNET

Umhverfissvið Kópavogsbæjar
skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

14.10.2022
2022-10-5/0.11.2

Efni: **Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar**

Landsneti barst þann 3. október 2022 beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040 vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar. Frestur til að veita umsagnir er til 27. október 2022.

Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet hefur áður veitt umsögn um vinnslutillögu deiliskipulags fyrir sama svæði. Þar var vakin athygli á að samkvæmt kerfisáætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, sem mögulega gæti legið við mörk skipulagsins. Einnig að fyrirtækið ynni þá að gerð umhverfismats vegna þessa.

Þar sem umhverfismati vegna framangreindra framkvæmda sem gerðu m.a. ráð fyrir valkosti um Vatnsendahvarf, hefur verið sett í bið um óákveðinn tíma, telur Landsnet ekki lengur þörf á að fyrirtækið veiti umsagnir um skipulag á þessu svæði.

Virðingarfyllst

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson

Undirritað af:
Einar Snorri Einarsson
3101723759
Dags: 14.10.2022
Tími: 14:01:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a1d13fb2-4915-4fc9-9a3c-5660e10eba7a

## Bergljót Sigríður Einarsdóttir


**From:** bjarnia@ismennt.is


**Sent:** þriðjudagur, 18. október 2022 11:54

**To:** Skipulag

**Subject:** Vegna kynningar á Vatnsendahvarfi

Sæl

Þið eruð með í kynningu breytinug á skipulagi á Vatnsendahvarfi. Í þessari kynningu eru þið með mynd af upphaflega skipulaginu og þeim breytingum sem lagðar eru til.

*Myndir eingöngu birtar til skýringar. Myndirnar eru ekki í mælikvarða.*



Drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 – hér birt til skýringar.

**Mynd 5a.**



Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahæðar-Vatnsendahvarf, drög í vinnslu eftir forkynningu tillögu.

**Mynd 5b.**

Myndin sem er hér að ofan er svo smá og í svo lélegri upplausn að það er ekki hægt að sjá þann texta sem skrifaður er á þessar myndir. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa um að það það skipulag sem verið sé að kynna sjáist á mynd. Því óska ég eftir því að fá þessa mynd senda þannig að textinn á myndinni sjáist allavega.

Gert er ráð fyrir í skipulaginu að Kambavegur verði safngata niður að Vatnsendavegi. Hvað þýðir það varðandi hámarkshraða? Verður hann þá 50? Verður þá gatnamótunum við Kambaveg og Kóraveg breytt þannig að Kambavegur verður þá með forgang á Kóraveg niður á Vatnsendaveg? Hvernig verðu þá hugað að gangandi umferð yfir Kambaveg þegar hann er orðin safngata?

Með kveðju


Bjarni Antonsson

Kleifakór 3

**Guðmundur G. Gunnarsson**

| | |
|---|---|
| **From:** | Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is> |
| **Sent:** | miðvikudagur, 19. október 2022 17:59 |
| **To:** | Bergljót Sigríður Einarsdóttir; Skipulag |
| **Cc:** | Eydís Líndal Finnbogadóttir - NI |
| **Subject:** | Re: Kynning_Lýsing-skipulagsverkefnis_br-ask_Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð skv. 1.mgr.30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 |

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0034 (SS).

Vísað er til tölvubréfs frá skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 3. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Um er að ræða 2. breytingu á aðalskipulaginu frá staðfestingu þess 28. desember 2021.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu fyrir deiliskipulag sama svæðis þann 25. maí 2021 og um deiliskipulagstillöguna þann 6. maí 2022 (í forkynningarferli), en er nú stefnt að því að móta áfram deiliskipulagstillöguna í kjölfar breytingar á aðalskipulagi. Mun deiliskipulagstillagan því aftur verða send til umsagnar samhliða breytingartillögu á aðalskipulagi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagslýsinguna þann 25. maí 2021 kom fram mat stofnunarinnar á verndargildi svæðisins en þar kom fram að um raskað svæði væri að ræða með lítið verndargildi. Hins vegar var lagt til að gerð yrði úttekt á fuglalífi og að kortlögð yrði útbreiðsla plöntutegundarinnar blátoppu sem er válistategund (og í dag friðuð samkvæmt auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðherra nr. 1385 frá 18. nóvember 2021).

Kópavogsbær leitaði til Náttúrufræðistofnunar sem framkvæmdi úttekt á gróðurfari og fuglalífi skipulagssvæðisins sumarið 2021. Fjallað var um niðurstöður úttektarinnar í greinargerð með deiliskipulagstillögunni og í umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagið frá 6. maí 2022 kom fram að þótt vaxtarstaðir blátoppu í norðausturhorni skipulagssvæðisins myndu lenda inni á opnu svæði og eitthvað af vaxtarstöðum vestast á skipulagssvæðinu yrði einhverjum raskað nema farið yrði í tilfærslur á torfum yfir á önnur opin svæði, helst með mólendisgróðri. Í umsögninni var einnig mælt með að hlífa og/eða nýta grágrýtishnullunga af svæðinu við landslagsmótun eins og við á.

Skipulagslýsingin sem nú er til kynningar er vegna þess að útfærsla á deiliskipulagstillögunni í ljósi ábendinga á umsagnartíma kallar á tilfærslu á landnoktunarreitum í aðalskipulagi. Breytingin felst m.a. í að færa og stækka opið svæði gegnum byggðina. Ekki virðist sem breytingin muni hafa stórfelld áhrif á stöðu blátoppu og með stækkun opins svæðis aukast mögulega tækifæri til að færa torfur af henni inn á það ef þörf þykir sem og að koma fyrir grágrýtishnullungum sem raska þarf vegna framkvæmda. Huga þarf áfram að þessum atriðum að mati Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á athugasemdum síðar, einkum um endanlega deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
........................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

## Bergljót Sigríður Einarsdóttir

**From:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
**Sent:** fimmtudagur, 20. október 2022 14:15
**To:** Skipulag; Auður D. Kristinsdóttir
**Subject:** Boðaþing 5-13 og Vatnsendahvarf - lýsing

Góðan dag

Veitur hafa kynnt sér skipulagslýsingu fyrir Vatnsendahvarf og deiliskipulagsbreytingu fyrir Boðaþing 5-13 og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Vatnsendahvarf – Veitur þurfa góðan fyrirvara til að hanna og leggja ný dreifikerfi fyrir heitt vatn og rafmagn. Mögulega gæti þurft að gera ráð fyrir lóðum undir dreifistöðvar rafmagns. Veitur óska eftir góðu samvinnu á næstu stigum skipulagsins.

Boðaþing 5-13 – Veitur benda á að háspennulagnir rafmagns liggja við lóðamörk suðurhluta skipulagsins(sjá nánar á mynd hér fyrir neðan). Óljóst er hvar bílakjallari liggur og hvers konar sorpgeymslu er gert ráð fyrir við lóðamörk. Bendum á að það þarf að verja lagnir með viðeigandi ráðsöfunum eða afleggja lagnirnar og leggja í nýja lagnalegu á kostnað þess sem óskar eftir breytingunni.




Kær kveðja,


**Helga Rún Guðmundsdóttir**
Sérfræðingur í umhverfis og skipulagsmálum
Framtíðarsýn og rekstur / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is

Skipulags- og
byggingarfulltrúi

ÖLFUS

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 olfus.is

Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Þorlákshöfn, 21. október 2022
Málsnúmer: 2209043 GJ
Kt. umsk. 7001693759

Á 39. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 19.10.2022 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

**Umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar - Vatnsendahvarf - Vatnsendahæð**

*Skipulagsfulltrúi Kópavogs óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Kópavogs.*

*Afgreiðsla: Nefndin telur að lýsingin gefi góða mynd af verkefninu og gerir ekki neinar athugasemdir.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar

Gunnlaugur Jóhasson
skipulagsfulltrúi Ölfuss

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Henny Hafsteinsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
henny@minjastofnun.is

Kópavogsbær
B.t. skipulagsfulltrúi

Fannborg 2
200Kópavogur

Reykjavík 26. október 2022
*MÍ*202210-0003/ 6.08 / 0875

**Efni: Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð - breyting á aðalskipulagi - lýsing skipulagsverkefnis**

Með tölvubréfi dagsett 30. september 2022 óskaði Bergljót S. Einarsdóttir, verkefnastjóri hjá umhverfissviði Kópavogs eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsingu skipulagsverkefnis, Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar vegna breytingu á aðalskipulagi. Meðfylgjandi erindinu var lýsing á skipulagsverkefni/greinargerð unnin af umhverfissviði Kópavogs, breyting nr. 2, dagsett 15. september 2022.
Tilgangur breytingarinnar er að samræma stefnu í aðalskipulagi við þá útfærslu byggðar, sem unnið er að í deiliskipulagi og uppfæra aðalskipulagið með tilliti til þeirra ábendinga, umsagna og nýrra upplýsinga sem bárust eftir forkynningu á deiliskipulagstillögu á vinnslustigi sem kynnt var í mars 2022. Minjastofnun veitti umsögn um þá tillögu dagsett 29. apríl 2022.

Samkvæmt meðfylgjandi greinargerð eru helstu breytingarnar, sem snúa að stjórnsýslu Minjastofnunnar, að leiðrétta þarf staðsetningu fornleifa nr. MV-9 á aðalskipulagsuppdrætti og leiðrétta þarf ákvæði/texta um hús Útvarpsstöðvar Íslands í greinargerð aðalskipulagsins.
Einnig kemur fram í greinargerðinni að verið sé að vinna að deiliskipulagi svæðisins samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari og er ætlunin að auglýsa þær samtímis.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi*, unnin af Fornleifafræðistofunni í maí 2022. Samkvæmt þeirri skráningu eru 12 fornleifar/minjar skráðar á deiliskipulagssvæðinu. Þegar mynd 1 (staðsetning fornleifa) úr fornleifaskráningunni er borin saman við mynd 5a (drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi) úr greinargerðinni má sjá að allar

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

skráðar fornleifar/minjar á skipulagssvæðinu eru staðsettar innan landnotkunarreits fyrir íbúðabyggð á norðaustur hluta svæðisins.

*Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu skipulagsverkefnis Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar vegna breytingu á aðalskipulagi.*
*Rétt er að minna á að útlínur skráðra fornleifa innan deiliskipulagssvæðis, sem hafa verið mældar upp sbr. ofangreinda fornleifaskráningu, skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.*

*Ef frekari upplýsinga er óskað skal hafa samband við undirritaða.*

Virðingarfyllst,

Henný Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

*Afrit sent:*
*Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi (skipulag@kopavogur.is)*
*Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)*

Innanlandsflugvellir

Kópavogsbær
Umhverfissvið Kópavogs, skipulagssvið
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavíkurflugvelli, 27. október 2022
*INN2209013KA*

**Efni: Breyting á aðalskipulagi Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Lýsing.**

Isavia hefur móttekið erindi Kópavogsbæjar dags. 30.9.2022 þar sem óskað er eftir umsögn Isavia um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi við Vatnsendahvarf í Kópavogi.

Isavia hefur farið yfir umrædd gögn sem merkt eru breyting nr. 2 dags. 15. september 2022 og gerir ekki athugasemd við lýsinguna eða fyrirhugaðar framkvæmdir en óskar eftir nánari upplýsingum og bendir á eftirfarandi:

Á umræddu svæði er mastur á vegum Neyðarlínunnar sem er ráðandi hindrun í hringflugi stærri flugvéla um Reykjavíkurflugvöll. Hæð mastursins er um 200 m (655 ft) yfir sjávarmáli. Félagið óskar eftir upplýsingum sem fyrst um framtíð mastursins, mun það standa áfram eða verður það fjarlægt? Einnig kallar félagið eftir upplýsingum um hæð efstu bygginga yfir sjávarmáli á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Mikilvægt er að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en deiliskipulag er auglýst þannig að hægt sé að reikna út áhrif breytinganna á flugumferð um Reykjavíkurflugvöll.

Þegar að uppbyggingu svæðisins kemur þarf að skoða í samvinnu við félagið og Samgöngustofu þörf á að hindranalýsa byggingar á svæðinu en gera má ráð fyrir að æskilegt sé að hindranalýsa a.m.k. þær byggingar sem ná hæst yfir sjávarmáli á þessu svæði.

Félagið vill nota tækifærið og vekja sérstaka athygli bæjarins á ákvæðum í 148. og 149. gr. nýrra laga um loftferðir nr. 80/2022, varðandi frávik frá hæðartakmörkunum og framfylgni við skipulagsreglur flugvalla.

Virðingarfyllst,
f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Karl Alvarsson
Yfirlögfræðingur

Afrit sent Samgöngustofu.

Veðurstofa Íslands

Kópavogsbær
Bt. Bergljótar Sigríðar Einarsdóttur
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
skipulag@kopavogur.is

Dags. 27.10.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2022-0180

Með erindi dags. 30. september sl. óskaði Kópavogsbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands eftir umsögn á lýsingu skipulagsverkefnis við Vatnsendahvarf á Vatnsendahæð.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu þessa.

Virðingarfyllst,

Árni Snorrason
Forstjóri Veðurstofu Íslands

**Guðmundur G. Gunnarsson**

| | |
|---|---|
| **From:** | Þjónustuver Kópavogsbæjar |
| **Sent:** | þriðjudagur, 1. nóvember 2022 08:01 |
| **To:** | Guðmundur G. Gunnarsson |
| **Subject:** | FW: Svæðisskipulagsnefnd - 110 : 2210001 - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð - Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis |

Kveðja,

Sigríður Helgadóttir
*Þjónustufulltrúi þjónustuver*
441 0000 | siggahelga@kopavogur.is

Kópavogsbær
kopavogur.is
Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

---

**From:** Jón Kjartan Ágústsson <jon@ssh.is>
**Sent:** mánudagur, 31. október 2022 17:09
**To:** Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>; Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
**Subject:** Svæðisskipulagsnefnd - 110 : 2210001 - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð -Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis

Góðan dag,

Vísa til meðfylgjandi bókunar frá 110. fundi svæðisskipulagsnefndar dags. 14.10.2022 vegna ofangreinds:

------------

**2210001 - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð -Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis**

*Fyrirliggjandi er bréf skipulagsfulltrúa Kópavogs vegna ofangreinds. Á 107. fundi nefndarinnar dags. 29.4.2022 var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð vegna auglýsingar að nýju deiliskipulagi Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar: ekki gerðar athugasemdir. Nú liggur fyrir lýsing að aðalskipulagsbreytingu. Á kynningartíma deiliskipulags komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulags tillögunnar sem kalla á breytingar á aðalskipulagi.*

Niðurstaða
Ekki gerðar athugasemdir

------------

Þessu er hér með komið á framfæri.

Bent er á að fundargerðir nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu SSH hér.

Með kveðju,

**Jón Kjartan Ágústsson M.Sc.**
Svæðisskipulagsstjóri
jon@ssh.is

**Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**
Hamraborg 9, 200 Kópavogi
564-1788
www.ssh.is

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Kópavogur 31.10.2022

Kópavogsbær
Skipulagsfulltrúi
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 27. október 2022 varðandi eftirfarandi mál.

**Kópavogur, Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð**
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 30. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um lýsing skipulagsverkefnis (skipulagslýsing) dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi þ.e. að og frá hverfinu. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 27. október 2022.

*Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 27. október 2022 samþykkt.*

F.h. skipulagsfulltrúa

Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 27. október 2022.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagssvið

Kópavogsbær
b/t skipulagsstjóra
Digranesvegur 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 27. október 2022

Mál SN220620: Kópavogur, Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, skipulagslýsing vegna breytingu á aðalskipulagi

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar, dagsett 30. september, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar á skipulagslýsingu, dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Í aðalskipulagsbreytingunni verður m.a. afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, auk þess sem fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla..

Ekki er gerð athugasemd við erindið.

Haraldur Sigurðsson

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
BORGARTÚN 12-14 105 REYKJAVÍK
SÍMI 411 1111 BRÉFASÍMI 411 3071
NETFANG: SKIPULAG@REYKJAVIK.IS

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur
Mosfellsbær • Seltjarnarnes

Umhverfissvið Kópavogs, skipulagssvið
B.t. Bergljótar S. Einarsdóttur verkefnastjóra
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 1. nóvember 2022
Tilvísun: K-17975

Sent á netfangið: skipulag@kopavogur.is

***Umsögn um deiliskipulagsverkefni,***
***Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, breyting á Aðalskipulagi Kópavogs.***

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var 31. október 2022 var lagt fram erindi frá skipulaginu í Kópavogi dags. 3. október 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um lýsingu á skipulagsverkefni, *Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, breyting á aðalskipulagi.* Frestur til að veita umsögn var til 27. október 2022 en óskað var eftir nokkra daga fresti vegna tímasetningar á áformuðum fundi heilbrigðisnefndar.

Verkefnið snýr að skipulagi á nýju íbúðahverfi. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 var stefnt á uppbyggingu nýs íbúðahverfis á skipulagssvæðinu. Tilgangur breytingarinnar er að samræma stefnu í aðalskipulagi við útfærslu byggðar í deiliskipulagi. Fram kemur að áformað er að auglýsa saman breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi síðar í vetur.

Eftirfarandi bókun var samþykkt.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu á breytingu á aðalskipulagi á þessu stigi en væntir þess að fá aðalskipulagsbreytinguna og tillögu að deiliskipulagi til umsagnar á síðari stigum. Þá væntir nefndin þess að hljóðvistarmál fái þar góða umfjöllun.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi

Hlíðasmári 14 • 201 Kópavogur • Sími 550 5400 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hef@heilbrigdiseftirlit.is

# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs

Vinnslutillaga, dags 24.11.2022 ásamt fylgigögnum




# Fylgiskjal 13

# Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

*Breyting á aðalskipulagi*

*Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð*

FORKYNNING

Tillaga til forkynningar skv. 2. mgr. 30. gr.

Málsmeðferð aðalskipulagsbreytingar samkvæmt

30. gr., 31. gr. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Verður kynnt samkvæmt

3. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. sömu laga

Breyting nr. 2

Tillaga, drög 24. nóvember 2022

málsnr. ONE 2208338

Skipulagsdeild

Umhverfissvið

Tillaga að deiliskipulagi er unnin samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og er stefnt að því að auglýsa báðar tillögurnar samtímis eftir forkynningu þessa á tillögu að breytingu á aðalskipulagi - með vísan til 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 /2010.

FORKYNNING

**Samþykktar og staðfestingarferli**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs þann ____________ 20__.

______________________________________________________

var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann ____________ 20__.

______________________________________________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr.skipulagslaga nr. 123/2010 þann____________20__.

______________________________________________________

Tillaga þessi að aðalskipulagsbreytingu í forkynningu er sett fram í greinargerð þessari, A4. Uppdrættir fyrir og eftir breytingu eru í greinargerðinni.

# Efnisyfirlit

1 Inngangur ........ 2
2 Forsendur ........ 2
2.1 Aðdragandi breytingar ........ 2
2.2 Deiliskipulag Vatnsendahæð – Vatnsendahvarf, tillaga í vinnslu ........ 3
2.3 Staðhættir ........ 5
3 Gildandi skipulag og tengsl við aðrar áætlanir. ........ 5
3.1.a Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040 ........ 5
3.1.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 ........ 6
4 Breytingar ........ 7
4.1 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar ........ 7
4.1.a Markmið, lýsing, breyting ........ 7
4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti ........ 7
4.1.c Tillaga að breytingum í greinargerð ........ 9
5 Umhverfisáhrif áætlunar – samantekt ........ 12
5.1 Samantekt umhverfismatsskýrslu ........ 12
6 Kynning og samráð ........ 13
Deiliskipulagstillaga í vinnslu - forkynning vor 2022 - samráð ........ 13
6.1 Lýsing skipulagsverkefnis, forkynning tillögu þessarar, kynning tillögu ........ 13
6.1.a Lýsing skipulagsverkefnis – kynning: ........ 13
6.1.b Forkynning tillögu þessarar að breytingu á aðalskipulagi: ........ 13
6.2 Auglýsing tillagna – tillögur auglýstar samtímis ........ 14
6.3 Umsagnar- og hagsmunaaðilar ........ 14
6.4 Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun ........ 15
7 Heimildir ........ 16

Fylgiskjal 1: Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Umhverfismatsskýrsla. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi. Dags. 24. nóvember 2022. Drög í forkynningu. .. ........ 17

Fylgiskjal 2: Minnisblað, VSÓ ráðgjöf. Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Niðurfelling tengibrautar á Kamvegi í aðalskipulagi, dags. 15.11.2022. ........ 17

Fylgiskjal 3: Minnisblað, VSÓ ráðgjöf. Vatnsendahvarf. Mat á þjónusturýmd, dags. 4.11.2022. ........ 17

FORKYNNING

# 1 Inngangur

Hér er lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð. Um er að ræða 2. breytingu frá staðfestingu aðalskipulagsins 28. desember 2021. Tilgangur breytingar á aðalskipulagi er að samræma stefnu í aðalskipulagi við þá útfærslu byggðar sem unnið er að í deiliskipulagi m.a. í kjölfar forkynningar og samráðs og uppfæra aðalskipulagið m.t.t. nýrra upplýsinga um fornminjar og gróðurfar. Sjá nánar kafla 2.1. Aðdragandi breytingar.

Tillaga að breytingum á aðalskipulagi er hér lögð fram til forkynningar. Óskað er eftir ábendingum um tillöguna sem geta nýst við að fullvinna tillöguna, en til stendur að auglýsa hana formlega á sama tíma og deiliskipulags-tillagan verður auglýst. Á meðan tillaga þessi að breytingu á aðalskipulagi er í forkynningu verður haldið áfram að móta deiliskipulagstillöguna.

# 2 Forsendur

## 2.1 Aðdragandi breytingar

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er sett stefna um uppbygginguu nýs íbúðarsvæðis í Vatnsendahvarfi á Vatnsendahæð samanber m.a. mynd 4 í kafla *3.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040* aftar í greinargerð þessari.

Í samræmi við þá stefnu hefur verið unnið að deiliskipulagi fyrir svæðið og var deiliskipulagstillagan (drög) forkynnt vorið 2022. Á kynningartíma komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögunnar.

Tillögur að breytingum deiliskipulagsins kalla á að breyta þarf gildandi aðalskipulagi - breyta afmörkun íbúðarsvæða, opinna svæða, samfélagsþjónustusvæði o.fl. Áætlað er að færa og stækka opið svæði í gegnum byggðina til að gefa tækifæri á fjölbreyttari útivistarmöguleikum. Þá er æskilegt að færa opna svæðið norðar þar sem það mætir Arnarnesvegi í samræmi við áætlaða legu stíga á vistloki/brú yfir veginn til að skapa betri göngu- og hjólatengingar.

Hér með er í greinargerð þessari er lögð fram tillaga til forkynningar tillögu að breytingu á aðalskipulagi (drög). Sjá tillögu að breytingu á mynd 5 í kafla *4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti*. Sjá jafnframt skýringarmyndir (myndir 1 og 2) sem sýna annars vegar drög deiliskipulagstillögu (mynd 1) sem forkynnt var vorið 2022 og hins vegar sömu tillögu breytta (mynd 2) í kjölfar forkynningar og samráðs. Tekið er fram  að enn er unnið að útfærslu deiliskipulagstillögunnar.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu til norðurs við Arnarnesveg í útjaðri íbúðarsvæðisins. Í kynningarferli deiliskipulagsins komu fram ábendingar um að betra aðgengi væri fyrir íbúa í hverfinu ef þjónustan væri í því miðju og er nú unnið með þá útfærslu í deiliskipulagstillögu. Því er ekki lengur gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu í jaðri íbúðarsvæðisins en þess í stað er gert ráð fyrir verslun og þjónustu inni í miðju hverfinu og settir skilmálar þar um, sjá kafla *4.1.c.*

Innan nýja hverfisins er gert ráð fyrir að Kambavegur verði safngata og tengi hverfið við íbúðarsvæðið í Kórum um Kóraveg og athafnasvæðið í Hvörfum. Í tillögu þessari að breytingu er lagt til að skilgreiningin tengibraut á hluta Kambavegar að og frá hverfinu verð felld niður þ.e. gatan verði ekki skilgreind sem tengibraut.

Búið er að skoða náttúrufar á svæðinu og úttektin leiddi í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Brugðist er við þessum nýju upplýsingum og settir skilmálar, sjá kafla *4.1.c.*

Við minjaskráningu í tengslum við deiliskipulagið kom í ljós að staðsetning friðaðra minja í aðalskipulaginu var ónákvæm. Því þarf að leiðrétta staðsetningu minjanna á aðalskipulagsuppdrætti. Fyrir liggur ,,Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi, 2022. Bjarni F. Einarsson."

Í tengslum við síðustu endurskoðun aðalskipulags Kópavogs fjölluðu Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd um varðveislu á húsi Útvarpsstöðvar Íslands sem reist var á Vatnsendahæð árið 1929. Er þar mælt er með því í aðalskipulaginu að húsið sé varðveitt (kafli 4.1.9 Minjavernd) en tilmæli um verndun náðu einkum til ytra borðs eldri hluta hússins. Minjastofnun benti þá á að sjá mætti fyrir sér að húsið fengi nýtt hlutverk í deiliskipulagi og að húsið hefði listrænt gildi sem eitt af verkum Guðjóns Samúelssonar fyrrum húsameistara ríkisins. Frá því að aðalskipulagið var staðfest hafa komið fram nýjar upplýsingar. Í ljós hefur komið að húsið er að öllum líkindum gert skv. teikningu danskra arkitekta og hliðstæðar byggingar eru til í Danmörku. Þá reyndist húsið við nánari skoðun að heita má ónýtt og undirlagt af myglu. Í kjölfar þessara upplýsinga var veitt heimild fyrir því að húsið yrði rifið.   Í ljósi þessa breytta varðveislugildis er ástæða til að taka út úr aðalskipulagi ákvæði um íbúðarhverfið (ÍB-6) þar sem segir að Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd Ríkisins vilji benda á mikilvægi þess að varðveita húsið. Í ljósi ríkulegrar sögu á svæði Útvarpsstöðvarinnar eru settir skilmálar um að þar verði útsýnis og upplýsingastaður, *sjá kafla 4.1.c*.

FORKYNNING

## 2.2 Deiliskipulag Vatnsendahæð – Vatnsendahvarf, tillaga í vinnslu

**Forkynning deiliskipulags í vinnslu – kynnt vor 2022**

Í mars-apríl 2022 var tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi til forkynningar. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Tillagan gerir ráð fyrir nýju íbúðarhverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Gert er ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara.

Á **mynd 1** má sjá deiliskipulagsuppdráttinn eins og hann leit út þegar tillagan var forkynnt - á mynd 2 má sjá drög að deiliskipulagsuppdrætti (drög), og á eftir að móta frekar. Breytingar sem gerðar eru þar kalla á breytingu á aðalskipulagi sem er til umfjöllunar í greinargerð þessari.




**Mynd 1. Drög/tillaga að deiliskipulagi sem forkynnt var vorið 2022.**
Drögin/tillagan samkvæmt gildandi aðalskipulagi Kópavogs samanber mynd 4 í kafla *3.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.*

***Skýringarmynd, ekki í mælikvarða. Birt til upplýsinga.***

## Tillaga (uppfærð drög) að deiliskipulagi í kjölfar forkynningar og samráðs

**Skýringarmynd, tillaga enn í vinnslu.**

**Á mynd 2** hér fyrir neðan má sjá drög að breyttri tillögu að deiliskipulagsuppdrætti – tekið er fram að þau (drögin) á eftir að móta frekar.




**Mynd 2. Drög/ tillaga að deiliskipulagi, breytt í kjölfar forkynningar og samráðs – í vinnslu.**
Í samræmi við drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem skilgeind er í kafla *4. Breytingar*. Sjá m.a. mynd 5 í kafla *4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti* og kafla *4.1.c Tillaga að breytingum í greinargerð.*

***Skýringarmynd, ekki í mælikvarða. Birt til upplýsinga.***

## 2.3 Staðhættir

Svæðið sem fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi nær til er í Vatnsendahvarfi á Vatnsendahæð en íbúðarhverfið liggur að fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs (á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur), að íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (S-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Auk breytinga á umræddu svæði er gert ráð fyrir að skilgreining á tengibraut að og frá hverfinu á tveimur stöðum verði felld niður.




**Mynd 3. Fyrirhugað nýtt íbúðarhverfi í Vatnsendahvarfi á Vatnsendahæð er afmarkað með hvítri punktalínu, loftmynd úr LUKK.** Skýringarmynd, ekki í mælikvarða.

Vatnsendahvarf liggur hæst í um 148 my.s. og liggur hærra í landinu en aðliggjandi svæði. Á hæðinni hefur verið útvarpssendistöð umkringd fjarskiptamöstrum en svæðið er að öðru leyti óbyggt. Aðliggjandi byggð hefur byggst upp á síðastliðnum tveimur áratugum. Á stórum hluta svæðisins eru ríkjandi landgerðir alaskalúpína, skógarkerfill, tún eða annað manngert land. Alaskalúpínan er ríkjandi á svæðinu en inn á milli eru misstórir mólendisblettir. Í úttekt Náttúrufræðistofnunar sem unnin var fyrir deiliskipulagsgerð á svæðinu kom í ljós að fjöldi æðplantna er á svæðinu og þar af ein grastegund, blátoppa, sem er á válista Náttúrufræðistofnunar sem tegund í nokkurri hættu og nú friðuð.

# 3 Gildandi skipulag og tengsl við aðrar áætlanir.

### 3.1.a Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Breytingar á afmörkun landnotkunarreita í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf á Vatnsendahæð eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með því að styðja við:

- Aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum, bæði innan hverfis og með góðum stígatengingum.
- Markmið um nærþjónustu í göngufæri með möguleika á verslun og þjónustu í miðju íbúðarhverfisins.

Umhverfisáhrif uppbyggingar íbúðarhverfis í Vatnsendahvarfi voru metin í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og þar voru metin neikvæð áhrif af uppbyggingu íbúðarsvæðisins á andrúmsloft. Bent var á að uppbygging í útjaðri byggðar gæti haft neikvæð áhrif þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði gætu valdið meiri notum á einkabílnum, sem vinnur á móti markmiðum svæðisskipulagsins um að meginþunga vaxtar sé beint á miðkjarna og önnur þróunarsvæði. Þrátt fyrir að Vatnsendahvarf sé utan þessara vaxtarsvæða þá er uppbyggingarsvæðið engu að síður mikilvægt þéttingarsvæði innan núverandi byggðar sem nýtir vel núverandi innviði, er staðsett nálægt atvinnukjarna sem byggst hefur upp í Hvörfum, auk þess sem stutt er í tengingu inn á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Þá er uppbyggingin innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins.

FORKYNNING

### 3.1.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Samkvæmt meginmarkmiðum aðalskipulagsins skal stuðla að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Breyting á landnotkunarreitum í aðalskipulagi styður við markmið aðalskipulagsins (kafli 2.1.1.1) um þéttingu byggðar með fjölbreyttu framboði af húsnæði, aðgengi að útivistarsvæðum og möguleika á þjónustu innan hverfis, sem og greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Á mynd 4 hér fyrir neðan má sjá hluta af þéttbýlisuppdrætti gildandi aðalskipulags Kópavogs. Tillögu að breytingu (drögum) er lýst í kafla *4.1.b*.




**Skýringar**

- Athafnasvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði
- Samfélagsþjónusta
- Strandsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Vegir, götur og stígar
- Verslun og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði

Önnur tákn[1], verndarsvæði

- Hverfisvernd
- Minjavernd MV-9
- Göngu og/eða hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Borgarlína
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Göngubrú / Undirgöng
- Vaxtarmörk
- L Leiksvæði

[1] Staðsetning á táknum er til hliðsjónar.
[2] Heimilt er að gera ráð fyrir undirgöngum á fleiri stöðum en sýndir eru á uppdrætti enda sé tilgangur að auka umferðaröryggi.
[3] Staðsetning tákns fyrir stíg á uppdrætti (punktalína), meðfram stofn- og tengibrautum og öðrum götum er ekki ráðandi um hvoru megin götu stígur liggur.

**Mynd 4. Hluti af þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, mælikvarði 1:10.000.**

**Gildandi aðalskipulag Kópavogs FYRIR BREYTINGU.**

# 4 Breytingar

## 4.1 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar

### 4.1.a Markmið, lýsing, breyting

Meginmarkmið breytingar er að styrkja og bæta íbúðarbyggð í Vatnsendahvarfi /Vatnsendahæð. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (drög) felst í að samhæfa/aðlaga aðalskipulag að tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/ Vatnsendahæð í kjölfar samráðs á forkynningarstigi – sjá einnig kafla *2 Forsendur* framar í greinargerðinni.

Vorið 2022 var deiliskipulagstillaga í vinnslu kynnt þ.e. forkynning auglýst og kynnt m.a. á vefsíðu Kópavogs. Opinn kynningarfundur var haldinn í Hörðuvallaskóla 7. apríl 2022 og kynningin einnig aðgengileg á vefsíðu Kópavogs. Auk þess voru samráðsfundir haldnir með vísan til samráðsáætlunar við gerð deiliskipulagsins. Í kjölfar forkynningar og samráðs liggur fyrir ný tillaga/drög að deiliskipulagi sem kallar á breytingu á aðalskipulagi. Auk þess sem leiðrétta þarf staðsetningu á skráðum ,,fornminjum" á einum stað (MV-9). Sjá einnig kafla 2.1 Aðdragandi breytingar framar í greinargerð þessari.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar kemur m.a. fram að breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag eru í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs. Við samanburð á valkostum um þróun byggðar innan hverfisins voru í öllum tilvikum teknar ákvarðanir sem höfðu jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði. Sjá kafla *5. Umhverfisáhrif áætlunar – samantekt* og *fylgiskjal 1: Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Umhverfismatsskýrsla. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi – drög til forkynningar.*

### 4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti

Breyting á aðalskipulagi, mynd 5, nær yfir svæðin ÍB-6, S-27 og S-67, VÞ-20, OP-5.13 og MV-9. Breytingar eru í samræmi við deiliskipulagstillöguna sem unnið er að og í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Göngu- og hjóla-leiðir eru uppfærðar. Skilgreiningin „tengibraut" á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður.

Nánar tiltekið eru breytingar á þéttbýlisuppdrætti þessar:

- Verslunar- og þjónustureitur VÞ-20 fellur niður og svæðið verður hluti af ÍB-6
    - samkvæmt breytingartillögu eru skilmálar um verslun og þjónustu að finna í töflu ÍB-6 í kafla 4.1.c
- Samfélagsreitir S-27 og S-67 efst á hæðinni eru sameinaðir og stækkaðir og fá auðkennið S-27
- Samfélagsreitur S-67 sunnan til á svæðinu er óbreyttur
- Opið svæði OP-5.13 stækkar/breikkar og er aðlagað að stígatengingum yfir nýjan Arnanesveg
- Lögun íbúðarsvæðis ÍB-6 breytist
- Lega göngu- og/eða hjólaleiðar breytist í samræmi við legu opins svæðis
- Staðsetning á minjaverndarsvæði MV- 9 lagfærð

- Skilgreiningin „tengibraut" á hluta Kambavegar að og frá hverfinu (ÍB-6) frá Vatnsendavegi er felld niður á tveimur stöðum




## Skýringar

| | |
|---|---|
| Athafnasvæði | Hverfisvernd |
| Landbúnaðarsvæði | Minjavernd MV-9 |
| Opin svæði | Göngu og/eða hjólreiðaleið |
| Samfélagsþjónusta | Reiðleið |
| Strandsvæði | Borgarlína |
| Vötn, ár og sjór | Stofnbraut |
| Vegir, götur og stígar | Tengibraut |
| Verslun og þjónusta | Göngubrú / Undirgöng |
| Íbúðarbyggð | Vaxtarmörk |
| Íþróttasvæði | L Leiksvæði |

Önnur tákn[1], verndarsvæði

[1] Staðsetning á táknum er til hliðsjónar.
[2] Heimilt er að gera ráð fyrir undirgöngum á fleiri stöðum en sýndir eru á uppdrætti enda sé tilgangur að auka umferðaröryggi.
[3] Staðsetning tákns fyrir stíg á uppdrætti (punktalína), meðfram stofn- og tengibrautum og öðrum götum er ekki ráðandi um hvoru megin götu stígur liggur.

**Mynd 4. Hluti af þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, mælikvarði 1:10.000.**

**TILLAGA AÐ BREYTINGU í forkynningu nóvember/desember 2022.**

## 4.1.c Tillaga að breytingum í greinargerð

Breytingar á greinargerð eru þessar:

- Íbúðarsvæði, ÍB-6, uppfærðir skilmálar fyrir útvarpshúsið, verslunar- og þjónustustarfsemi, leik- og grunnskóla, fjarskipti o.fl.
- Leikskólar, S-27, breyting á skilmálum fyrir leikskóla eða samþættan leik- og grunnskóla
- Skólar, kirkjur, félög/samfélagsþjónusta, S-67, skilmálar gilda nú fyrir einn reit en ekki tvo
- Verslunar- og þjónustusvæði VÞ-20 fellt út
- Opin svæði, OP-5.13, skilmálum bætt við um hundagerði, fjarskipti, dvalar- og leiksvæði og útsýnis- og upplýsingastað

- Fornleifar. Útlínur skráðra fornleifa sem hafa verið mældar skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þ.e. þess svæðis sem er deiliskipulagt

### Íbúðarsvæði

*Reitur ÍB-6*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu**. Sá texti sem er grálitaður fellur út. **Nýr texti er feitletraður.**
Hluti af <u>töflu 2-9</u>. Yfirlit yfir íbúðarsvæði í Kópavogi.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| ÍB-6 | Vatnsendi<br>Vatnsendahvarf<br>(Vatnsendahæð) | Í Vatnsendahvarfi (á Vatnsendahæð) er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi, ÍB-6 með blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Í hverfinu eða við það er gert ráð fyrir svæðum fyrir samfélagsþjónustu, S-67 og S27, litlu verslunar- og þjónustusvæði, VÞ-20 og opnu svæði, OP-16.<br>Á svæði ÍB-16 er gert ráð fyrir :<br>-Samtals um 500 íbúðum í hverfinu öllu. Þar af verði um 300 byggðar (eða bygging hafin) árið 2030.<br>- Blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa.<br>- Að fjölbýli verði á um 3 hæðum auk kjallara.<br>- Einbýli-, rað- og parhús verði á 1 til 2 hæðum auk kjallara.<br>- Hlutfall íbúða í fjölbýli er áætlað um 60-70% og<br>- Hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40%<br>- Bent er á að austarlega á svæðinu er rúst sem skráð er í Fornleifaskrá Kópavogs, merkt MV-9 á þéttbýlisuppdrætti.<br>Á Vatnsendahæðinni er gamla Útvarpsstöðin á Vatnsenda en Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd hafa fjallað um sögulegt gildi byggingarinnar (haust 2020) og vilja benda á mikilvægi þess að varðveita húsið.<br>Áætlað er að börn hverfisins geti sótt skóla m.a. í Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla og/eða í fyrirhuguðum skóla í Vatnsendahlíð.<br>Náttúrufar á þessum svæðum hefur lítið verndargildi en bent er á að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda komi.<br>Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3. Áætlun um uppbyggingu íbúða.<br>Stærð heildarsvæðis um 24 ha. |

Skipulagsákvæði í <u>töflu 2-9</u> **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður**.

| Nr. | Heiti. | Lýsing |
|---|---|---|
| ÍB-6 | | Í Vatnsendahvarfi (á Vatnsendahæð) er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi, ÍB-6 með blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. |

FORKYNNING

| | | |
|---|---|---|
| | | Á svæði ÍB-16 er gert ráð fyrir :<br>-Samtals um 500 íbúðum í hverfinu öllu. Þar af verði um 300 byggðar (eða bygging hafin) árið 2030 **og/eða allt hverfið uppbyggt á þeim tíma.**<br>- Blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa.<br>- Að fjölbýli verði á um 3 hæðum auk kjallara.<br>- Einbýli-, rað- og parhús verði á 1 til 2 hæðum auk kjallara.<br>- Hlutfall íbúða í fjölbýli er áætlað um 60-70% og<br>- Hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40%<br>**- Gera skal ráð fyrir sambýli. Það skal útfæra nánar í deiliskipulagi.**<br>- Bent er á að austarlega á svæðinu er rúst sem skráð er í Fornleifaskrá Kópavogs, merkt MV-9 á þéttbýlisuppdrætti. **Staðsetning hefur verið lagfærð á uppdrætti.**<br>**Á Vatnsendahæðinni stóð gamla Útvarpsstöðin á Vatnsenda. Þar er nú gert ráð fyrir útsýnis- og upplýsingareit. Útfærist nánar í deiliskipulagi.**<br>**Fornleifar. Útlínur skráðra fornleifa sem hafa verið mældar skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þ.e. þess svæðis sem er deiliskipulagt.**<br>**Gera skal ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi miðju hverfisins, á lóðum við græna geirann sunnan við skólann. Um þessar lóðir skal setja skilmála í deiliskipulagi.**<br>**Um leik- og grunnskóla, sjá umfjöllun um S-27 í töflu 6-2. Yfirliti yfir leikskóla.**<br>**Á svæðinu hefur blátoppa fundist sem er grastegund á válista Náttúrufræði-stofnunar sem tegund í nokkurri hættu. Hún er nú friðuð skv. auglýsingu nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Unnið skal að verndun/varðveislu blátoppu samkvæmt tillögu Kópavogsbæjar með vísan til ábendinga Náttúrufræði-stofnunar Íslands. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi.**<br>**Úttekt á fuglalífi hefur leitt í ljós að það er fábreytt.**<br>**Huga skal að fjarskiptalausnum t.d. með mastri/möstrum á hæðinni og/eða með öðrum fjarskiptalausnum. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi.**<br>Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3. Áætlun um uppbyggingu íbúða.<br>Stærð heildarsvæðis um **23 til 24 ha.** |

## Leikskólar /grunnskólar

*Reitur S-27*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu.** Sá texti sem er grálitaður fellur út.

Hluti af <u>töflu 6-2.</u> Yfirlit yfir leikskóla.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-27 | Vatnsendahvarf / Vatnsendahæð | Gert er ráð fyrir leikskóla í Vatnsendahvarfi. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir möguleika á að hafa skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi, S-67.<br>Ákvörðun verður tekin við gerð deiliskipulags. Stærð 0,41 ha. |

Skipulagsákvæði í <u>töflu 6-2</u> **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður**.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-27 | Vatnsendahvarf/ Vatnsendahæð | **Gert er ráð fyrir leikskóla eða samþættum leik- og grunnskóla fyrir yngri deildir í Vatnsendahvarfi. Auk þess er áætlað að börn hverfisins geti sótt skóla m.a. í Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla og/eða í fyrirhuguðum skóla í Vatnsendahlíð. Stærð: um 1,3 ha.** |

FORKYNNING

## Skólar, kirkjur, félög/samfélagsþjónusta

*Reitur S-67*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu**. Sá texti sem er grálitaður fellur út.

Hluti af töflu 6-5. Yfirlit yfir aðra skóla, kirkjur og félög/samfélagsþjónustu.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-67 | Vatnsendahvarf/-hæð | Svæði fyrir samfélagsþjónustu s.s. skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi. Tveir reitir (svæði) koma til greina og eru báðir merktir á uppdrætti (sama númeri). Á öðrum svæðinu er jafnframt gert ráð fyrir leikskóla, S-27. Ákvörðun verður tekin við gerð deiliskipulags. Stærð 1,8 ha. |

Skipulagsákvæði í töflu 6-5 **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður**.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-67 | Vatnsendahvarf/-hæð | **Svæði fyrir samfélagsþjónustu, sunnan við nýtt íbúðarsvæði (ÍB-6) í Vatnsendahvarfi (á Vatnsendahæð) s.s. skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi.** Stærð um 1,8 ha. |

## Verslunar- og þjónustusvæði

*Reitur VÞ-20.*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu en reiturinn er felldur út.**

Hluti af töflu 3-6. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| VÞ-20 | Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð | Nýtt verslunar- og þjónustusvæði sem tengist fyrirhugaðri íbúðarbyggð í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð. Stærð 0,45 ha. |

Skipulagsákvæði **eftir breytingu**. Sjá nýjan texta, **feitletraðan**, í töflu 2-9 um íbúðarsvæði, ÍB-6, eftir breytingu.

## Opin svæði

*Reitur OP-5.13*

Skipulagsákvæði fyrir breytingu. Sá texti sem er grálitaður er felldur út.

Hluti af töflu 4-3. Yfirlit yfir opin svæði.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| OP-5.13 | Vatnsendahvarf | Opið svæði í tengslum við nýja byggð í Vatnsendahvarfi (-hæð). Þar eru fyrirhugaðir stígar sem tengja hverfin saman. Stærð 6.39 ha. |

Skipulagsákvæði í töflu 4-3 **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður.**

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| OP-5.13 | Vatnsendahvarf | Opið svæði í tengslum við nýja byggð í Vatnsendahvarfi (-hæð). Þar eru fyrirhugaðir stígar sem tengja hverfin saman. **Gert er ráð fyrir hundagerði, útvistar- og leiksvæði, upplýsingaskilti auk útsýnisstaðar frá háholtinu þar sem gamla „útvarpshúsið“ var áður. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi.**<br><br>**Fornleifar. Útlínur skráðra fornleifa sem hafa verið mældar skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þ.e. þess svæðis sem er deiliskipulagt.**<br><br>**Huga skal að fjarskiptalausnum t.d. með mastri/möstrum á hæðinni og/eða með öðrum fjarskiptalausnum. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi.**<br><br>Stærð **um 7 ha**. |

FORKYNNING

# 5 Umhverfisáhrif áætlunar – samantekt

Umhverfismatsskýrsla fylgir tillögu þessari. Um er að ræða sameiginlega skýrslu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi í Vatnsendahvarfi- Vatnsendahæð.

Lagt er mat á umhverfisáhrif tillagnanna í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samantekt umhverfismatsskýrslu áætlananna, í kafla þessum (hér á eftir), verður einnig birt í greinargerð með tillögu að deiliskipulagi.

Umhverfismatsskýrslan í heild sinni er í *fylgiskjali 1: Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Umhverfismatsskýrsla. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi – drög til forkynningar.*

## 5.1 Samantekt umhverfismatsskýrslu

Umhverfismatsskýrsla fylgir tillögu þessari að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs-/Vatnsendahæðar sem og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Umfjöllunin á við báðar tillögurnar.

Lagt er mat á umhverfisáhrif tillagnanna í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Eftirfarandi samantekt umhverfisskýrslu er birt í báðum tillögunum þ.e. tillögu þessari að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

**Samantekt:**

Þegar á heildina er litið þá eru breytingar á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð líklegar til að hafa eftirfarandi áhrif á umhverfið:

| | | |
|---|---|---|
| Landslag og ásýnd | Óveruleg áhrif þar sem nýtt hverfi mun eftir uppbyggingu falla inn í umhverfi borgarbyggðar. | − |
| Samfélag | Jákvæð áhrif af uppbyggingu hverfis með grænum geira, skóla, leikskóla, verslun og þjónustu, góðu stígakerfi og götum þar sem gert er ráð fyrir lágum umferðarhraða. Almennar tengingar við hverfið og gott stígakerfi vinna á móti aukinni umferðarsköpun. | + |
| Náttúrfar | Jákvæð áhrif á náttúrufar þar sem blátoppa, sem í dag á undir högg að sækja í vaxandi lúpínubreiðu, verður færð í öruggara umhverfi. | + |
| Hljóðvist og loftgæði | Jákvæð útfærsla í skipulagi þar sem Kambavegur er ekki lengur áætluð sem tengibraut, sem hefur jákvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði og umferðaröryggi. | + |
| Menningarminjar | Jákvæð áhrif á minjar, þar sem minjar sem áður voru skráðar á rangan stað, eru nú skráðar á réttum stað, auk þess sem skipulagið tekur tillit til minjanna. | + |

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag eru í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs.

Við samanburð á valkostum um þróun byggðar innan hverfisins voru í öllum tilvikum teknar ákvarðanir sem höfðu jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

Til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á blátoppu, sem vex innan skipulagssvæðisins, var tekin ákvörðun um að varðveita gróðurtorfur frá fundarstöðum hennar og koma þeim fyrir þar sem hún getur dafnað til framtíðar.

FORKYNNING

# 6 Kynning og samráð

Allar forsendur fyrir uppbyggingu íbúðarhverfis í Vatnsendahvarfi/ Vatnsendahæð liggja fyrir í aðalskipulagi. Sú tillaga sem hér er forkynnt felur ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á stefnu aðalskipulagsins heldur er um að ræða minni breytingar á útfærslu byggðar í hverfinu í samræmi við nýjar upplýsingar (s.s. náttúrufarsúttektar og fornleifaskráningar), umsagnir og ábendingar sem borist hafa í tengslum við forkynningu deiliskipulagstillögu.

### Deiliskipulagstillaga í vinnslu - forkynning vor 2022 - samráð

Bent er á að tillaga að nýju deiliskipulagi – sem enn er í vinnslu - fyrir Vatnsendahvarf/ Vatnsendahæð hefur verið unnin eftir samráðsáætlun. Forkynning deiliskipulags var 10. mars til 22. apríl 2022. Sjá gögn sem kynnt voru í forkynningu deiliskipulags. https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu.

Við gerð deiliskipulagstillögu var í fyrstu ekki reiknað með að vinna breytingu á aðalskipulagi en í tengslum við og í kjölfar forkynningar á henni (deiliskipulagstillögunni) komu fram margar góðar hugmyndir að breytingum sem talið er að hafi jákvæði áhrif - og er unnið að breytingum á deiliskipulagstillögunni í framhaldi af þeim. Í kjölfarið varð ljóst að breyta þyrfti aðalskipulagi til að það yrði í samræmi við þær breytingar nú er lagt til að verði gerðar. Tekið er fram að samráð stendur enn yfir varðandi úrvinnslu deiliskipulagstillögunnar.

## 6.1 Lýsing skipulagsverkefnis, forkynning tillögu þessarar, kynning tillögu

### 6.1.a Lýsing skipulagsverkefnis – kynning:

Við kynningu lýsingar skipulagsverkefnisins (þessarar breytingar) var kallað eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum. Hún (lýsingin) var auglýst í Fréttablaðinu og vefsíðu Kópavogs og kynnt umsagnar- og hagsmunaaðilum. Kynningartími var frá 1.-27. október 2022.

Lýsingin er aðgengileg á vefsíðu Kópavogs https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/vatnsendahvarf-lysing-skipulagsverkefnis

### 6.1.b Forkynning tillögu þessarar að breytingu á aðalskipulagi:

**Tillaga þessi (drög) verður forkynnt**. **Stefnt að auglýsingu 3. desember 2022 -** með vísan til 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. *Tillagan* (drög þessi) ásamt *Umhverfismatsskýrslu áætlunarinnar* (drög í forkynningu) verður m.a. auglýst í Fréttablaðinu og kynnt á vefsíðu Kópavogs https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu.

**Um samráð við gerð deiliskipulags** (til upplýsinga). Í tengslum við forkynningu þessa er stefnt að því að hafa frétt/grein á vefsíðu Kópavogs og facebook-hópi hverfisins um samráð við gerð deiliskipulagstillögu í Vatnsendahvarfi og tillögur að breytingum í kjölfar samráðs þ.e. um vinnu sem fram hefur farið og hafði áhrif á úrvinnslu deiliskipulagstillögunnar og tillögu (drög þessi) að breytingu á aðalskipulagi (sem hér er í forkynningu).

**Forkynning, opið hús á kynningartíma - tímasetning verður auglýst.** Boðið verður upp á opið hús á vegum skipulagsdeildar umhverfissviðs Kópavogs að Digranesvegi 1. Verður þar m.a. farið yfir helstu breytingar á deiliskipulagstillögunni í kjölfar samráðs – sem eru grunnur að tillögu þessari að breytingu á aðalskipulagi (drögum). Tillagan verður einnig kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og svæðisskipulagsnefnd (samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, ssh).

**Kynningartími, ábendingar og athugasemdir.** Á kynningartíma er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við kynnta tillögu og skal ábendingum og athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Kópavogs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða með tölvupósti á skipulag@kopavogur.is fyrir kl. 12:00 **5. janúar 2023.**

Eftir að forkynningu þessari er lokið verður farið yfir umsagnir, athugasemdir og ábendingar og tillögur samþættar þ.e. tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi. Sjá **kafla 6.2** hér á eftir.

FORKYNNING

## 6.2 Auglýsing tillagna – tillögur auglýstar samtímis

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi**

Þegar búið verður að kynna lýsingu þessa og forkynna breytingu á aðalskipulagi verður á ný farið yfir athugasemdir og unnið úr þeim. Í framhaldi verða lagðar fram samþættar tillögur þ.e. tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar. Stefnt er að því að aulýsa þær samtímis sbr. 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sjá nánar kafla *6.4 Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun.*

## 6.3 Umsagnar- og hagsmunaaðilar

Við kynningu lýsingar skipulagsverkefnisins (þessarar breytingar) var kallað eftir umsögnum frá neðangreindum hagsmunaaðilum. Sjá einnig umfjöllun í kafla ***6.1.a*** hér að framan.

Gerð er grein fyrir forkynningu tillögu þessarar að breytingu á aðalskipulagi í kafla ***6.1.b*** hér að framan.

Þegar endanlega tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi sama svæðis verða tillögurnar kynntar á ný – sjá umfjöllun í kafla ***6.2*** hér að framan - og sendar til umsagnar hagsmunaaðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Isavia
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf.
- Landsnet
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis og samgöngusvið
- Sveitarfélagið Ölfus
- Hafnarfjörður
- Garðabær
- Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir

Eins og fram hefur komið í greinargerð þessari hefur verið horft til umsagna sem hafa borist (í forkynningu deiliskipulags) við úrvinnslu deiliskipulagstillögunnar (sem enn er í vinnslu) og við úrvinnslu tillögu þessarar (draga) að breytingu á aðalskipulagi.

Á næsta ári - þegar tillögurnar tvær þ.e. tillaga að deiliskipulagi og tillaga að breytingu á aðalskipulagi verða auglýstar samtímis verða eftirfarandi aðilar upplýstir m.a. með vísan til forkynningar deiliskipulags – listi hefur verið uppfærður. Boðið verður upp á opið hús.

- Sögufélag Kópavogs
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla
- Landssamtök hjólreiðamanna
- Nemendafélög Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla /tengiliðir skólarnir
- Eldri borgarar sem sækja félagsmiðstöðina í Boðaþingi í Kópavogi /tengiliður Boðaþing

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila.

FORKYNNING

# 6.4 Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun

## Málsmeðferð

Aðalskipulagsbreyting er/verður unnin samkvæmt 1. mgr. 36. gr. -og 30. gr., 31. gr. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin verður kynnt samkvæmt 3. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

Deiliskipulag er/verður unnið, kynnt og afgreitt samkvæmt 40. gr., 41. gr. og 42. gr. sömu laga.

Tillögurnar verða auglýsar samtímis samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sömu laga.

## Skipulagsferli – áfangar og drög að tímaáætlun

Eftirfarandi eru helstu áfangar og drög að tímaáætlun, birt með fyrirvara um breytingar.

| Aðalskipulags-breyting<br>Lýsing á á skipulagsverkefni | Aðalskipulags-breyting, **tillaga í vinnslu**<br>**Forkynning** | Aðalskipulagsbr. og deiliskipulag, **tillögur**<br>Auglýsing, kynning | Aðalskipulagsbr. og deiliskipulag, **tillögur**<br>Úrvinnsla | Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag, **tillögur**<br>Afgreiðsla | Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag<br>Gildistaka |
|---|---|---|---|---|---|
| Samþykkt að kynna/auglýsa lýsingu að tillögu að breytingu á aðalskipulagi<br><br>Kynningartími um 3-4 vikur<br><br>Unnið úr athugasemdum<br><br>Tillaga að breytingum | Samþykkt að forkynna /augl. tillögu að breytingum á aðalskipulagi<br><br>Kynningartími um 3-4 vikur<br><br>**Unnið úr athugasemdum**<br><br>Tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi samhæfðar | Samþykkt að auglýsa tillögur samtímis<br><br>**a.**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi -send til Skipulags-stofnunar til athugunar – svar innan 4ra vikna<br><br>**b**.Uppfærð tillaga að deiliskipulagi<br><br>**c.** Tillögur auglýstar samtímis -6 vikna athugasemdafrestur | Að auglýsingu lokinni<br><br>-Athugasemdir berast<br>-Unnið úr athugasemdum, greinargerð skrifuð<br><br>Greinargerð og endanlegar tillögur lagðar fram til afgreiðslu | Tillögur ásamt viðbrögðum við athugasemdum í greinargerð afgreiddar /samþykktar<br><br>-Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst<br>-Aðilum sem sendu inn athugasemdir svarað<br><br>Gögn aðalskipulags-breytingar send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar<br><br>Gögn deilskipulags send til Skipulagsstofnunar til skoðunar áður en gildistaka verður auglýst | Skipulagsstofnun staðfestir breytingu á aðalskipulagi og auglýsir gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda<br><br>Kópvogsbær auglýsir gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda |
| September-oktbóber 2022 | Nóvember 2022 - janúar 2023 | Febrúar 2023 til ca. apríl/maí 2023 | Apríl-maí-júní 2023 | Maí-júní 2023 | Júní-júlí 2023 |

# 7 Heimildir

Helstu heimildir. Listinn er ekki tæmandi.

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Aðgengilegt á vefsíðu Kópavogs og skipulagssjá Skipulagsstofnunar.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040. Aðgengilegt á vefsíðu ssh.is.

Deiliskipulagstillaga í vinnslu. Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Deiliskipulagstillaga til forkynningar (á vinnslustigi) fyrir Vatnsendahæð-Vatnsendahvarf. Kynnt 10. mars til 22. apríl 2022. Gögn aðgengileg á vefsíðu Kópavogs https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/vatnsendahaed-vatnsendahvarf-forkynning-deiliskipulagstillogu

Deiliskipulagstilllaga til forkynningar (uppdráttur, 11.02.2022)
Vatnsendahvarf, greinargerð (dags. 11.02.2022)
Vatnsendahvarf, kynning fyrir skipulagsráð (14.02.2022)
Vatnsendahvarf, samráðsáætlun (uppfærð, dags. 24.2.2022)
Vatnsendahvarf, náttúrufarsúttekt (vegna deiliskipulags Vatnsendahæðar).

Lýsing fyrir skipulagsverkefni, fyrir nýtt deiliskipulag á Vatnsendahæð /Vatnsendahvarf, dags. 25. mars 2021. Kynnt vor 2021.

Náttúrfarsúttekt. Minnisblað. Úttekt á fuglalífi og gróðurfari vegna deiliskipulags Vatnsendahæðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, unnið fyrir Kópavogsbæ. Rannveig Thoroddsen og Borgný Katrínardóttir.

Minnisblað skipulagsdeildar, dags. uppfært 25.5.2022, um samráð og kynningu deiliskipulagstillögu á vinnslustigi – forkynningarstigi.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi, 2022.

Deiliskipulagstillaga í úrvinnslu að lokinni forkynningu, skýringarmynd (mynd 2) í greinargerð þessari.

Breyting á aðalskipulagi, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð, Lýsing á skipulagsverkefni, dags. 15. september 2022. Breyting nr. 2. Kynnt 1. – 27. október 2022. (Bent er á að um er að ræða lýsingu vegna breytingartillögu sem er hér til forkynningar). https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/vatnsendahvarf-lysing-skipulagsverkefnis

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar m.a. Lýsing fyrir skipulagsáætlun.

o.fl.

FORKYNNING

## Fylgiskjal 1: Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Umhverfismatsskýrsla. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi. Dags. 24. nóvember 2022. Drög í forkynningu.

Sjá pdf fylgiskjal.

## Fylgiskjal 2: Minnisblað, VSÓ ráðgjöf. Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi, dags. 15.11.2022.

Sjá pdf fylgiskjal.

## Fylgiskjal 3: Minnisblað, VSÓ ráðgjöf. Vatnsendahvarf. Mat á þjónusturýmd, dags. 4.11.2022.

Sjá pdf fylgiskjal.

FORKYNNING

EFLA

**MINNISBLAÐ**

# DRÖG Í FORKYNNINGU

| SKJALALYKILL | TITILL | |
|---|---|---|
| 101458 MIN-001-V04 | **Umhverfismatsskýrsla**<br>• **Vatnsendahvarf, deiliskipulag**<br>• **Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð, breyting á aðalskipulagi** | |
| **DAGS.** | **VERKKAUPI** | **TILVÍSUNARNÚMER** |
| 24.11.2022 | Kópavogsbær | ... |
| **SENDANDI** | **MÓTTAKANDI** | **DREIFING** |
| Hrafnhildur Brynjólfsdóttir | Bergljót S. Einarsdóttir | Kópavogsbær |
| | Kristjana H. Kristjánsdóttir | Kópavogsbær |
| | Jóhanna Helgadóttir | Arkþing/ Nordic |

## UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Umhverfismatsskýrsla þessi fylgir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/ Vatnsendahæðar sem og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.  Umfjöllunin á við báðar tillögurnar. Samantekt umhverfisskýrslu er birt í aðalskipulags- og deiliskipulagstillögunum.

Hér er lagt mat á umhverfisáhrif tillagnanna í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

## DEILISKIPULAG VATNSENDAHÆÐAR OG BREYTING Á AÐALSKIPULAGI - TILLÖGUR

Í tillögu að **deiliskipulagi** Vatnsendahvarfs er sett stefna um blandaða íbúðabyggð ásamt samfélagsþjónustu, verslun og þjónustu, með vísan til gildandi aðalskipulags. Með deiliskipulaginu er unnið samkvæmt markmiðum og áherslum í aðalskipulagi og fellur uppbyggingin að markmiðum um fjölbreytt framboð íbúðargerða og búsetukosta. Áherslur á vistvænar lausnir og vistvæna byggð styðja við frekari uppbyggingu í Vatnsendahvarfi. Í hverfinu og við það er gert ráð fyrir svæðum fyrir leikskóla, verslunar- og þjónustusvæði og opnu svæði. Gert er ráð fyrir um 500 íbúðum og er áætlað hlutfall íbúða í fjölbýli 60-70% og hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40%.

Á kynningartíma deiliskipulagstillögu fyrir Vatnsendahvarf komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögunnar og kalla á tilfærslu á landnotkunarreitum í **aðalskipulagi**. Kópavogsbær hefur því ákveðið gera tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við breyttar forsendur úr deiliskipulagsferlinu og nýjar upplýsingar sem hafa komið fram.

- Breyting á afmörkun íbúðarsvæða og opinna svæða.

- Svæði fyrir verslun og þjónustu fellt niður í útjaðri hverfisins en skilmálar settir um að verslun og þjónusta skuli vera innan íbúðarsvæðis.
- Kambavegur felldur niður sem tengibraut, að/frá fyrirhuguðu íbúðarhverfi.
- Leiðrétting á staðsetningu minja.
- Umfjöllun um varðveislugildi húss Útvarpsstöðvar Íslands felld út vegna breyttra forsendna.

Gögn úr forkynningu deiliskipulags fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð má sjá á vef Kópavogsbæjar, en verið er að vinna að breytingum á tillögunni í kjölfar forkynningar, út frá þeim atriðum sem nefnd eru hér að ofan.

## TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Breytingar á afmörkun landnotkunarreita í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með því að styðja við:

- aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum, bæði innan hverfis og með góðum stígatengingum.
- markmið um nærþjónustu í göngufæri með möguleika á verslun og þjónustu í miðju íbúðahverfisins.
- markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

Umhverfisáhrif uppbyggingar íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi voru metin í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og þar voru metin neikvæð áhrif af uppbyggingu íbúðasvæðisins á andrúmsloft. Bent var á að uppbygging í útjaðri byggðar gæti haft neikvæð áhrif þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði gætu valdið meiri notum á einkabílnum, sem vinnur á móti markmiðum svæðisskipulagsins um að meginþunga vaxtar sé beint á miðkjarna og önnur þróunarsvæði. Í aðalskipulaginu (k. *9.5.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð*) er einnig bent á að uppbygging almenningssamgöngukerfisins og stígakerfis og efling atvinnusvæða í Hvörfum gæti dregið úr þessum áhrifum. Þrátt fyrir að Vatnsendahvarf sé utan þessara vaxtarsvæða þá er uppbyggingarsvæðið engu að síður mikilvægt þéttingarsvæði innan núverandi byggðar sem nýtir vel núverandi innviði, er staðsett nálægt atvinnukjarna sem byggst hefur upp í Hvörfum, auk þess sem stutt er í tengingu inn á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Þá er svæðið (uppbyggingin) innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins og styður við markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

### Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Samkvæmt meginmarkmiðum aðalskipulagsins skal stuðla að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Breyting á landnotkunarreitum í aðalskipulagi styður við markmið aðalskipulagsins um þéttingu byggðar með fjölbreyttu framboði af húsnæði, aðgengi að útivistarsvæðum og möguleika á þjónustu innan hverfis, sem og greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Breyting á aðalskipulagi nær yfir eftirfarandi svæði ÍB-6, S-27 og S-67, VÞ-20, OP-5.13 og MV-9. Allar breytingarnar eru í samræmi við útfærslu deiliskipulags sem unnið er að og í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Göngu- og hjólaleiðir eru uppfærðar og tengibraut felld út.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu aðalskipulagsins. Við breytingu á aðalskipulagi og mótun nýs deiliskipulags hefur verið litið til markmiða aðalskipulagsins sem voru mótuð með sterkri tengingu við heimsmarkmiðin.

### Deiliskipulag

Það svæði sem deiliskipulag Vatnsendahvarfs nær yfir hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Nærliggjandi íbúðahverfi eru fullbyggð og er byggð á deiliskipulagssvæðinu eðlilegt framhald af aðliggjandi byggð. Við gerð deiliskipulagsins er tekið tillit til nærliggjandi deiliskipulagsáætlana, þær eru:

- Vatnsendi-norðursvæði, samþykkt 26.07.2002.
- DSK Hörðuvalla (Vatnsendi), samþykkt 24.07.2003
- Vatnsendahvarf, svæði IV, samþykkt 13.05.2008.
- Arnarnesvegur, þriðji áfangi, samþykkt 07.07.2022.

## UMHVERFISÁHRIF

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum á breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Vatnendahæð/Vatnsendahvarf eru:

- Landslag og sjónræn áhrif vegna áhrifa af byggð.
- Samfélag vegna áhrifa á framboð af íbúðarbyggð, þjónustu og grænum svæðum.
- Náttúrufar með hliðsjón af náttúrufarsúttekt.
- Hljóðvist og loftgæði vegna umferðar.
- Menningarminjar með hliðsjón af minjaskráningu.
- Vatnafar.

Við val á umhverfisþáttum var m.a. litið til umfjöllunar í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Kópavogs. Viðmið eru einkum sótt í stefnu stjórnvalda í viðkomandi málaflokkum og skipulagsáætlunum, Landsskipulagsstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Kópavogs, auk viðmiða í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna , lögum og reglugerðum, sem og umsögnum í skipulagsferlinu.

Til að meta hugsanleg umhverfisáhrif svæðisskipulagsins er notast við þá aðferðafræði að horfa til þess hver séu áætluð áhrif af framfylgd stefnu skipulagsáætlananna. Lögð er til eftirfarandi einkunnagjöf:

| | |
|---|---|
| + | Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. |
| ○ | Óveruleg áhrif á umhverfisþátt. |
| − | Neikvæð áhrif á umhverfisþátt. |
| ? | Óviss áhrif ef áhrif á umhverfisþátt eru háð útfærslu. |

**Landslag og ásýnd**

Uppbygging á deiliskipulagssvæðinu mun gjörbreyta ásýnd og landslagi svæðisins. Svæðið er að mestu aflíðandi hæð með mýrlendi, mólendi og graslendi (tún) ásamt svæðum þöktum alaskalúpínu. Þó landið gerbreyti um ásýnd þá verður það eftir uppbyggingu í samræmi við nálæga borgarbyggð og mun þannig falla inn í umhverfi sitt sem er jákvætt, en það breytir þó ekki því að náttúrlegt umhverfi víkur fyrir byggð. Áhrif uppbyggingarinnar á **landslag og ásýnd** metin **neikvæð.**

**Samfélag**

Á deiliskipulagssvæðinu er skipulagt íbúðarsvæði með grænum geirum, skóla, leikskóla og möguleika á verslun og þjónustu. Uppbyggingin styrkir svæðið í heild sinni og íbúar þess munu geta sótt fjölbreytta þjónustu sem er að finna í nærumhverfi þess. Innra skipulag hverfisins ýtir undir samveru og lýðheilsu með aðstöðu til hreyfingar, boltavöllum, hundagerði og stígum sem tengjast nálægum útivistarsvæðum og þjónustu. Áhrif á **samfélag** og heilsu eru talin **jákvæð** m.t.t. fjölgunar íbúa og blandaðrar byggðar sem m.a. styður við blómlegt mannlíf.

Til samræmis við útfærslu í deiliskipulagi eru tveir reitir fyrir samfélagsþjónustu sameinaðir í aðalskipulagsbreytingunni og færðir til innan hverfisins. Á reitunum tveimur er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir uppbyggingu leikskóla og möguleikanum á skóla, kirkju og/eða annarri starfsemi. Tillagan miðar við að færa svæðið og sameina í einn reit og koma þar fyrir leikskóla og skóla í samræmi við þarfir hverfisins. Breytingin er í samræmi við áherslur aðalskipulagsins um aðgengi að leikskólum og gerð í kjölfarið á samráði við Menntasvið Kópavogs og skólastjórnendur í nálægum skólum, þar sem kom fram að æskilegt væri að koma fyrir skóla fyrir yngsta stig grunnskóla í tengslum við nýjan leikskóla. Breytingin styður við framboð samfélagsþjónustu í hverfinu og hefur þannig **jákvæð** umhverfisáhrif á **samfélag**, auk þess sem staðsetning skólanna er miðsvæðis í hverfinu.

Færsla í aðalskipulagi á áætluðu svæði fyrir verslun og þjónustu frá jaðri íbúðasvæðisins inn í hverfið og að miðju þess er í samræmi við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og markmið hverfisáætlana í aðalskipulagi Kópavogs um að borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins, sem byggir m.a. á aðgengi íbúa að þjónustu í nærumhverfi sínu. Með þessari breytingu aukast líkur á að t.d. verslun eða ámóta starfsemi verði í göngufæri við íbúa hverfisins og nýtist sem hverfisþjónusta, eins og bent var á í umferðargreiningu.[1] Breytingin er því líkleg til að hafa **jákvæð** umhverfisáhrif á **samfélag** með bættu aðgengi íbúa að þjónustu.

Samkvæmt umferðargreiningu[2] verður umferðarsköpun innan hverfisins umtalsverð. Sú umferð á þó greiða leið að stofnbrautakerfi höfuðborgarinnar um nýjan Arnarnesveg og nálæg gatnamót við Breiðholtsbraut. Umferðaráhrif frá hverfinu koma því frekar til almennrar aukningar á umferð á nærliggjandi stofnbrautum og í borginni allri frekar en að valda staðbundnum töfum. Þó eykur uppbygging á nálægu atvinnusvæði í Hvörfum líkurnar á að íbúar geti sótt vinnu í nálægð við heimili sitt sem getur dregið úr þörf fyrir lengri ferðir. Áhrif aukinnar umferðar á **samfélag** eru því metin **óveruleg**.

Í umsögn Strætó um deiliskipulagstillögu fyrir svæðið kemur fram að stór hluti hverfisins mun vera utan 400m fjarlægðar frá stöðvum almenningssamgangna skv. framtíðar leiðaneti sem Strætó hefur unnið í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Í deiliskipulaginu er hins vegar gert ráð fyrir þeim möguleika að strætó geti farið um Kambaveg og gert ráð fyrir strætóstöð við grænt svæði nálægt skóla og í miðju hverfinu.

[1] VSÓ ráðgjöf. Minnisblað um Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Umferðargreining á vinnslustillögu deiliskipulags, dags 1. apríl 2022.
[2] Sama.

Í stefnu aðalskipulags Kópavogs er lögð áhersla á að yngstu börnunum verði gert kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf í sínu hverfi. Í deiliskipulaginu er unnið að þessu með skipulagi stíga, en stígatengingar fara um græna geira í átt að íþróttasvæðinu við Kórinn og aðrir stígar liggja í átt að Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla.

Í aðalskipulagsbreytingunni er áætlað að útivistarsvæði í grænum geira í gegnum íbúðarhverfið verði stækkað og við þá breytingu er opnað fyrir fjölbreyttari not af útivistarsvæðinu sem endurspeglast í áformum í deiliskipulagi um sleðabrekku, leiksvæði, dvalarsvæði, hundagerði, almenningsrými og boltavöll. Breyting er gerð á því hvar grænn geiri mætir Arnarnesvegi og er það gert í samræmi við útfærslu stígatengingar yfir Arnarnesveg á áætluðu vistloki, sem skapar góða tengingu við meginleiðir gangandi og hjólaleiðanet höfuðborgarsvæðisins. Með breytingunni er stutt við aukið aðgengi íbúa að fjölbreyttu útivistarsvæði í nærumhverfi sínu t.a.m. í Elliðaárdal, skíðasvæði í Seljahverfi í samræmi við stefnu aðalskipulags Kópavogs, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði. Breytingin hefur jákvæð umhverfisáhrif á **samfélag** með bættu aðgengi fyrir íbúa að grænum svæðum og stígakerfi.

Að öllu samanlögðu eru áhrif uppbyggingarinnar á **samfélag** metin **jákvæð.**

**Náttúrfar**

Í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir svæðið var unnin náttúrufarsúttekt í samræmi við tilmæli úr umhverfismati aðalskipulags Kópavogs um að áður en til uppbyggingar kæmi yrði gerð úttekt á vistgerðum og fuglalífi og metið hvort tilefni væri til mótvægisaðgerða. Úttektin leiddi í ljós að fuglalíf á svæðinu væri ekki sérstætt og gæfi ekki tilefni til aðgerða. Hins vegar kom í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Í deiliskipulagstillögu eru útfærðar mótvægisaðgerðir sem miða við að gróðurtorfur með blátoppu skuli varðveittar og fundinn viðeigandi staður til framtíðar. Metið er jákvætt að færa blátoppuna úr núverandi gróðurumhverfi þar sem hún á undir högg að sækja, þar sem hún vex á svæði þar sem lúpínubreiðan stækkar hratt, en lúpína er flokkuð sem ágeng tegund. Með tilliti til skilmála í aðalskipulagi og mótvægisaðgerða í deiliskipulagi, sem unnar voru eftir samtal við Náttúrufræðistofnun og garðyrkjustjóra Kópavogs, eru áhrif á **náttúrufar** metin **jákvæð.**

**Hljóðvist og loftgæði**

Samkvæmt aðalskipulagsbreytingu er ekki lengur gert ráð fyrir að Kambavegur verði tengibraut að hverfinu. Þetta hefur jákvæð áhrif á útfærslu götunnar í deiliskipulagi, þar sem nú er gert ráð fyrir götu með lágan umferðarhraða sem bætir öryggi óvarinna vegfarenda, meðal annars í nálægð við skóla. Við útfærslu götunnar í deiliskipulagi, innan íbúðarsvæðisins, er gert ráð fyrir viðeigandi hraðatakmarkandi aðgerðum, en hægari umferð hefur minni áhrif á hljóðvist, auk þess sem alvarleiki slysa þar sem virkir vegfarendur og ökutæki mætast verður minni.[3] Með breytingunni minnka einnig líkur á gegnumakstri um hverfið sem hefði leitt til meiri umferðar. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar og útfærslu götunnar í skipulagi á **hljóðvist og loftgæði** er því metin **jákvæð**.

**Menningarminjar**

Í tengslum við deiliskipulagsgerð hafa minjar verið skráðar og eru fornminjar sýndar á deiliskipulagsuppdrætti. Við skráninguna kom í ljós að staðsetning minjasvæðis MV9 í gildandi aðalskipulagi var ónákvæm. Aðalskipulagsbreytingin uppfærir staðsetningu minjasvæðisins miðað við þessar nýju upplýsingar. Útfærsla

[3] VSÓ ráðgjöf. Minnisblað um Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi, dags 2. nóvember 2022.

deiliskipulagsins tekur tillit til þessara minja sem ætlunin er að varðveita. Skipulagið tekur tillit til minja, sem áður voru rangt skráðar sem hefði getað skapað hættu, og eru því áhrif á **minjar** því metin jákvæð.

Tekið er tillit til þessara minja við útfærslu byggðarinnar. Nú liggur fyrir betri þekking á staðsetningu minjanna sem ekki lá fyrir áður, sem hefur jákvæð áhrif á varðveislu minjanna.

**Valkostir**

Við gerð aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 var lögð til byggð íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi og var hún borin saman við núllkost, sem var að halda svæðinu sem stofnanasvæði með fjarskiptamöstrum og tengdum mannvirkjum. Niðurstaða þess samanburðar var að gera ráð fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar á þessu svæði.

Við gerð deiliskipulags voru skoðaðir valkostir um staðsetningu verslunar og þjónustu innan hverfisins, umfang og staðsetningu skóla, afmörkun græns geira og skilgreiningu á Kambsvegi sem tengibraut. Niðurstaða þeirrar greiningar var í öllum tilvikum breyting sem hafði jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

## SAMANTEKT

Þegar á heildina er litið þá er tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð líkleg til að hafa eftirfarandi áhrif á umhverfið:

| | | |
|---|---|---|
| Landslag og ásýnd | Óveruleg áhrif þar sem nýtt hverfi mun eftir uppbyggingu falla inn í umhverfi borgarbyggðar. | − |
| Samfélag | Jákvæð áhrif af uppbyggingu hverfis með grænum geira, skóla, leikskóla, verslun og þjónustu, góðu stígakerfi og götum þar sem gert er ráð fyrir lágum umferðarhraða. Almennar tengingar við hverfið og gott stígakerfi vinna á móti aukinni umferðarsköpun. | + |
| Náttúrfar | Jákvæð áhrif á náttúrufar þar sem blátoppa, sem í dag á undir högg að sækja í vaxandi lúpínubreiðu, verður færð í öruggara umhverfi. | + |
| Hljóðvist og loftgæði | Jákvæð útfærsla í skipulagi þar sem Kambavegur er ekki lengur áætluð sem tengibraut, sem hefur jákvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði og umferðaröryggi. | + |
| Menningarminjar | Jákvæð áhrif á minjar, þar sem minjar sem áður voru skráðar á rangan stað, eru nú skráðar á réttum stað, auk þess sem skipulagið tekur tillit til minjanna. | + |

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag eru í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs.

Við samanburð á valkostum um þróun byggðar innan hverfisins voru í öllum tilvikum teknar ákvarðanir sem höfðu jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

Til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á blátoppu, sem vex innan skipulagssvæðisins, var tekin ákvörðun um að varðveita gróðurtorfur frá fundarstöðum hennar og koma þeim fyrir þar sem hún getur dafnað til framtíðar.

## KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulag Vatnsendahvarfs og tengd breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru unnar í nánu samstarfi skipulagshönnuða, skipulagsfulltrúa, verkefnisstjóra skipulags, skipulagsráðs Kópavogs og bæjarstjórnar Kópavogs.

Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi var kynnt í október 2022 og tillaga til forkynningar fyrir breytingu á aðalskipulagi í desember 2022. Tillaga til forkynningar fyrir nýtt deiliskipulag var kynnt á vormánuðum 2022. Við kynningu skipulagslýsingar og tillagna var óskað eftir umsögnum frá fjölda aðila og var fleirum bætt á lista yfir umsagnaraðila ef ábendingar bárust um það.

Unnið var samkvæmt samráðsáætlun við tillögu að deiliskipulagi á forkynningarstigi. Áætlunin var kynnt samhliða kynntum gögnum sem eru aðgengileg á heimasíðu Kópavogs.

Stefnt er að því að auglýsa tillögur að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi samtímis í febrúar-mars 2023. Við kynningu á þeim er óskað eftir umsögnum frá eftirfarandi aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Isavia
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf.
- Landsnet
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis og samgöngusvið
- Garðabær
- Ríkiseignir

Þegar tillögur að deiliskipulagi og breytingar á aðalskipulagi verða auglýstar samtímis verður einnig haft samráð við eftirfarandi m.a. með vísan til forkynningar deiliskipulags. Boðið verður upp á opið hús eins og gert er í forkynningu fyrir aðalskipulagsbreytinguna.

- Sögufélag Kópavogs
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla.
- Landssamtök hjólreiðamanna
- Foreldrafélög og nemendafélög Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla
- Stjórn félags eldri borgara í Kópavogi

nnkomnar ábendingar og umsagnir eru nýttar jafnt til mótunar deiliskipulagstillögu og breytingar á aðalskipulagi. Stefnt er að því að auglýstar tillögur taki gildi sumarið 2023.

Fylgiskjal 2

# Minnisblað

Minnisblað dags. 15.11.2022

Uppfærsla minnisblaðs. 29.11.2022

22251

*Dreifing*
Kristjana H Kristjánsdóttir, Kópavogsbær
Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Kópavogsbær

Höfundur
RÞÞ

Yfirfarið/Samþykkt
SÓ

Tilefni

**Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi**

Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi

## 1 Inngangur

Að beiðni Kópavogsbæjar hefur VSÓ Ráðgjöf metið áhrif þess að fella niður tengibrautir sem sýndar eru í aðalskipulagi Kópavogs um Kambaveg að hinu nýja hverfi á Vatnsendahæð.

Greiningin þessi nær aðeins til akandi umferðar.

### 1.1 Forsendur

Fyrirliggjandi er

- Breyting á aðalskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar Lýsing á skipulagsverkefni. dags 15.09.2022.
- Minnisblað VSÓ Ráðgjafar: Vatnsendahæð umferðargreining. dags. 01.04.2022.
- Minnisblað VSÓ Ráðgjafar: Hámarkshraði í Kópavogi. dags 05.05.2022 (óútgefið – unnið fyrir umferðaröryggisáætlun Kópavogs)

Núverandi hámarkshraði Kambavegar er mismunandi.. Kambavegur sunnan við Vatnsendahæð, þ.e. frá Kóravegi, er með hámarkshraða 30 km/klst. Kambavegur norðaustan við Vatnsendahæð, þ.e. frá hringtorgi við Vatnsendahvarf er með hámarkshraða 50 km/klst. Er því um að ræða tvo stubba sama tengivegar, með mismunandi hámarkshraða.

Ekki hefur á þessu stigið verið ákveðið hver hámarkshraðinn verður á Kambavegi.

## 2 Líkindi þess að breytingin hafi áhrif á umferð.

Horft er til þeirrar breytingar að fella tengibrautina Kambavegur út en að Kambavegur verði í staðinn hefðbundin safngata. Á myndum 1 – 2 má sjá tengibrautirnar sem verið er að fella út, Kambavegur til suðurs og Kambaveg til norðaustur. Gera má ráð fyrir að flestir notendur Kambavegar notist aðeins við annan kaflann, þ.e. á leið inn eða út úr hverfinu.

Breytingin mun því ekki lengja vegalengd ferða heldur einungis hafa möguleg áhrif á akstershraða og þar með aksturstíma.




Mynd 1  Kambavegur tengist Kóravegi til suðurs við Vatnsendahæð. Lengd 243 metrar.




Mynd 2  Kambavegur tengist til norðaustur hringtorgi Vatnsendavegs / Vatnsendahvarfs / Víkurhvarfs við Vatnsendahæð. Lengd 280 metrar.

Í minnisblaði VSÓ Ráðgjafar dags 05.05.2022, er lagt til að hámarkshraði í húsagötum og götum sem gegna bæði hlutverki safngatna og húsagatna verði 30 km/klst sem og götur við útivistarsvæði, en aðrar safngötur verði með hámarkshraða 40 km/klst.

Skoðaðar verða því 3 sviðsmyndir fyrir báða vegarkafla.

1. Núverandi tengibraut heldur sér og verður með 50 km/klst hámarkhraða, á öllum Kambavegi.
2. Tengibraut verður að safngötu með 40 km/klst hámarkhraða, á öllum Kambavegi.
3. Tengibraut verður að safngötu með 30 km/klst hámarkhraða, á öllum Kambavegi.

Gert er ráð fyrir ökutækjum í frjálsu flæði og að ökumenn fylgi hraðatakmörkunum.

Í töflu 1 má sjá þann tíma sem tekur að aka hvorn kaflann m.v. uppgefinn hámarkshraða. Lækkun hámarkshraða úr 50 km/klst niður í 40 km/klst bætir við 4,4 til 5 sekúndum (0,07-0,08 mín) í ferðatíma, eftir því hvaða átt yrði fyrir valinu. Yrðu báðir leggir eknir myndi heildarlenging í ferðatíma verða 9,4 sekúndur ( 0,16 mín). Yrði farin sú leið að hafa hámarkshraðann 30 km/klst í stað 50 km/klst, myndi ferðatími aukast um 11,7 – 13,4 sekúndur (0,19 – 0,22 mín), á hvorum kafla fyrir sig, eða um 25,1 sekúndu (0,42 mín) ef eknir yrðu báðir kaflarnir.

Samkvæmt ferðarvenjukönnun SSH o.fl. frá árinu 2019 fóru íbúar Kópavogs í 3,9 ferðir á dag að meðaltali[1]. Ef gert er ráð fyrir að allar ferðir fari í gengum báða kafla Kambavegar og að hámarkshraði verði 30 km/klst verður heildarferðartímaaukning 100 sekúndur á dag, þó gerum við ráð fyrir að flestar ferðir um Kambaveg endi /byrji í hinu nýja hverfi.

[1] https://stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/SAM/23_K%C3%B3pavogur.pdf

Í greiningu VSÓ Ráðgjafar um samanburð ferðavenjukannana 2014 og 2017 kemur fram að meðalferðatími að vinnu er hæstur, um 18 mínútur, en aðrar ferðir eru um fjórum mínútum styttri (þ.e. 14 mínútur) að meðaltali[2]. Er því meðalferðartími miðað við að aka báða leggina að lengjast úr 14 mínútum í 14.42 mínútur eða um 2,9% sem **getur ekki talist hafa nein eða í hæsta máta óveruleg áhrif á leiðarval né umferð.**

**Útreikningar hér að ofan gera ráð fyrir að sama hámarkshraða á öllum Kambavegi. Í dag er einungis 50 km/klst hámarkshraði á norðaustur hluta Kambavegar, væri því heildar akstursaukning við að lækka hámarkshraða úr 50 km/klst niður í 30 km/klst aðeins um 13 sekúndur á ferð eða 0,21 mínútur, sem er meðaltímaferða aukning um 1,5% (úr 14 mín í 14,21 mín).**

**Tafla 1: Breytingar á ferðatíma með breyttum ökuhraða**

| Hámarkshraði | | Til suðurs<br>Vegalend 243 metrar | | Til norðausturs<br>Vegalend 280 metrar | |
|---|---|---|---|---|---|
| [km/klst] | [m/s] | [sek] | [mín] | [sek] | [mín] |
| 30 | 8,3 | 29,2 | 0,49 | 33,6 | 0,56 |
| 40 | 11,1 | 21,9 | 0,36 | 25,2 | 0,42 |
| 50 | 13,9 | 17,5 | 0,29 | 20,2 | 0,34 |

| Hraðabreytin | | Tíma aukning | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Úr [km/klst] | Í [km/klst] | [sek] | [mín] | [sek] | [mín] |
| 50 | 30 | 11,7 | 0,19 | 13,4 | 0,22 |
| 50 | 40 | 4,4 | 0,07 | 5,0 | 0,08 |

[2] https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/ferdir_a_einstakling_skyrsla/$file/Fer%C3%B0ir_%C3%A1_einstakling_sk%C3%BDrsla.pdf

## 3 Aðrir hagsmunir lækkunar hámarkshraða

Í minnisblaði VSÓ Ráðgjafar dags, 05.05.2022 kemur eftirfarandi fram:

Ávinningur af lækkuðum hámarkshraða er meðal annars lækkun á jafngildishljóðstigi um 1-2 dB(A), en það er talið innan skynmarka fólks. Einnig verður alvarleiki slysa þar sem virkir vegfarendur og ökutæki mætast alvarlegri með hækkandi ökuhraða, líkt og sjá má á mynd [3].

Úr mynd [3] má lesa að við það að lækka ökuhraða úr 50km/klst niður í 40 km/klst lækka líkurnar á alvarlegum meiðslum á gangandi vegfarendum úr 80% niður í 35%.

Þá ber að nefna að þegar keyrt er á 50 km/klst tekur það ökutæki 27 metra að stöðvast við góð veðurskilyrði en aðeins 13 metra þegar ekið er á 30 km/klst, eða tæplega helming vegalengdarinnar, og dregur það verulega úr líkum á árekstrum. Slæm skilyrði geta þó lengt vegalengdirnar fjórfalt.




Mynd 3: Samband árekstrarhraða og líkur á alvarlegum meiðslum og andláti gangandi og hjólandi vegfarenda (Krueger, 2012).

Hægt er að vekja athygli ökumanna á breyttum hámarkshraða með hraðatakmarkandi aðgerðum, m.a. með hraðahindrunum, þrengingum, hliðrunum á akstursleið eða uppsetningu nýrra miðeyja. Ákvörðun um staðsetningu og val á hraðahindrunum ætti að taka í samstarfi við Strætó bs. Á götum þar sem er mikil umferð strætisvagna og þungra ökutækja er mælt með að þrengingar, hliðranir og miðeyjur verði valdar framyfir hraðahindranir. Æskilegar fjarlægðir milli hraðatakmarkandi aðgerða má sjá í töflu hér að neðan

**Tafla 2: Æskilegar fjarlægðir milli hraðatakmarkandi aðgerða**

| Hraðatakmark | Æskileg fjarlægð milli aðgerða | Mesta fjarlægð milli aðgerða |
|---|---|---|
| 50 km/klst | 150 m | 250 m |
| 40 km/klst | 100 m | 150 m |
| 30 km/klst | 75 m | 75 m |

Mikilvægt er að muna við breytingar á hámarkshraða, t.d. við lækkun hans frá 50 km /klst niður í 30 km/klst er nauðsynlegt að fara í hraðatakmarkandi aðgerðir samhliða. Tryggja þarf að vegurinn passi fyrirhuguðum skiltuðum hámarkshraða, til þess að hámarkshraði sé virtur. Þá er æskilegt að hönnun Kambavegar utan hins nýja hverfis taki mið af Kambavegi innan Vatnsendahvarfs og upplifun ökumanna sé samfeldur vegur með samfelldan hámarkshraða.

## 4 Samantekt og niðurstöður

Fyrirhuguð breyting á Kambavegi úr tengibraut í safngötu, breytir ekki landnotkun svæðisins. Fyrir hvern einstakling hefur breytingin óveruleg áhrif á aksturstíma, jafnvel þó hámarkshraði verði lækkaður úr 50 km/klst niður í 30 km/klst yfir báða kafla Kambavegar, eða aðeins að hámarki 25 sekúndur, þá er nú þegar annar hluti Kambavegar með hámarkshraða 30 km/klst. Er því raunbreyting aðeins um 13 sekúndur í stað 25 sekúndna.
Þá mun breyting þessi að öllum líkindum einungis hafa áhrif á íbúa húsagatna sem tengjast Kóravegi sem og verðandi íbúa nýs hverfis.

Lægri umferðarhraði kemur til með að hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist í hinu nýja hverfi.

VSÓ RÁÐGJÖF

# Minnisblað

4.11.2022

22523

*Dreifing*
Skipulagssvið Kópavogsbæjar

Höfundur
Sverrir Bollason

Yfirfarið/Samþykkt
AK

Tilefni

**Vatnsendahvarf**
Mat á þjónusturýmd

## 1 Forsendur

Fyrir liggja áform um uppbyggingu nýs hverfis í Vatnsendahlíð og í drögum að deiliskipulagstillögu sem er er í vinnslu er gert ráð fyrir að íbúðauppbygging verði með þeim hætti sem taflan að neðan sýnir[1].

| Húsnæðisgerð | Fjöldi íbúða |
|---|---|
| Einbýli | 45 |
| Parhús | 60 |
| Raðhús | 46 |
| Fjölbýli | 102 |
| Klasabyggð | 247 |
| **Alls** | **500** |

Tölfræðilegt mat á væntum íbúafjölda í hverfinu með tilliti til þessarar blöndunar íbúðagerða, þegar hverfið er fullbyggt, bendir til að íbúar verði 1.350+/-200 talsins. Ekki liggur fyrir mat á líklegri aldursdreifingu.[2]

Gert er ráð fyrir sambyggðum leik- og grunnskóla fyrir yngsta stig grunnskólans í hverfinu en að eldri börn geti sótt í nærliggjandi skóla.

Fyrir liggur rýni á þjónustu í næsta nágrenni innan bæjarhlutans með tilliti til aðgengis innan 20 mínútna göngufjarlægðar. (Sjá mynd)

[1] Arkþing, Kópavogsbær 28.10.2022
[2] VSÓ Ráðgjöf nóvember 2022




## 2 Yfirlit yfir sjónarmið um verslunar- og þjónusturými í íbúðahverfum

Leitað var til nokkurra aðila sem hafa umtalsverða reynslu af útleigu atvinnuhúsnæðis til að fá fram þau sjónarmið sem þeir myndu líta til við mat á því hvort bæta ætti tiltekinni eign við eignasafn sitt og freista að leigja út og hvernig aðstæður við Vatnsendahvarf slógu þá. Allir aðilar sem rætt var við höfðu kynnt sér hugmyndir um aðgengilega nærþjónustu í öllum hverfum, svokallað 20 mínútna hverfi.

Í grófum dráttum má skipta verslunarrýmum í þrjá flokka:

- A – Verslunarkjarnar með breitt þjónustuframboð sem dregur að fólk víða að. Matvöruverslun og ýmis sérvara í bland við þjónustu.
- B- Minni verslunarkjarnar eða svæði sem höfða fyrst og fremst til íbúa borgarhlutans. Matvöruverslun er kjarninn í starfseminni, sérvara eða þjónusta.
- C- Þau sem hafa fyrst og fremst hlutverk við að þjóna næstu nágrönnum svo sem veitingar, snyrtiþjónusta og sjoppur.

**Matvöruverslun**
Yfirleitt eru það matvöruverslanir sem geta orðið grundvöllur verslunarkjarna, bæði þá sem laða að fólk nær og fjær. Þær laða fólk á staðinn daglega og þar með er önnur samliggjandi starfsemi óbeint auglýst og gefur tækifæri til að veranotuð í sömu ferð. Einhver dæmi eru um verslunarkjarna sem ekki byggja beint á tilvist matvöruverslana en þá er um nokkuð afmarkaða starfsemi að ræða.

**Eiginleikar sem skipta máli**

Nokkrir þættir skipta máli við mat á því hvort tiltekið rými sé talið líklegt til að ganga upp fjárhagslega, sem er grundvöllur þess að verslunar- og þjónusturýmið sé yfirhöfuð byggt og í notkun. Þessir þættir eru:

- Samkeppni við aðra nærliggjandi verslun – Ef önnur starfsemi býður meira úrval, lægra verð eða meiri fjölbreytni í þjónustu má aukin nálægð sín lítils í samkeppninni.
- Aðgengi m.t.t. umferðarleiða gangandi og akandi, viðskiptavina og rekstraraðila – gerir notkun þjónustunnar hentuga.

- Sýnileiki – Kynnir þjónustuna fyrir vegfarendum og minnir þá á tilvist þjónustunnar.
- Samlegðaráhrif nærliggjandi verslunar – Tengd starfsemi (t.d. heilsugæsla og apótek) getur af sér aukna verslun.
- Stærð rýma – Stýrir mestu um kostnað fyrir leigjandann.
- Hönnun rýmis með tillit til hljóðvistar, hljóðmengunar og áhrifa lyktar þegar um veitingarekstur er að ræða. – Hönnunarskilmálar verða að vera í samræmi við vænta notkun og minnka árekstra milli rekstraraðila og íbúa.

## 3 Vatnsendahvarf

**Samkeppni**

Bæjarhlutanum er vel þjónað af fjölbreyttri þjónustu og ekki síst matvöruverslun. Innan bæjarhlutans eru allar helstu keðjur matvöruverslana með útibú, sumar í innan við korters göngufjarlægð. Í bæjarhlutanum eru líka matsölustaðir, sjoppur, líkamsræktarstöðvar og bakarí.

Þar sem atvinnusókn er líklega að langmestu leyti utan bæjarhlutans liggur leið íbúa um svæði sem einnig er vel þjónað af dagvöruverslun. Má þar nefna Smáralind/Smáratorg til vesturs, Mjóddina til norðurs og verið er að byggja nýja matvöruverslun í Norðlingaholti til austurs. Tækifæri íbúa til að sinna erindum innan bæjarhlutans og á leið til og frá honum eru því nokkuð ríkulegir og ólíklegt að matvöruverslun myndi þrífast innan hverfisins af þeim sökum.

Vert er að nefna tilkomu nýs Arnarnesvegar norðvestan við nýtt hverfi og má sjá á meðfylgjandi mynd. Engin bein tenging er frá hinu nýja hverfi í Vatnsendahvarfi (blátt ský á mynd) við nýjan veg en farið yrði um Vatnsendahvarf um athafnasvæðið norðaustan við hið nýja hverfi. Tengingar við bæjarhlutann eru sýndar innan rauðra hringja. Myndin sýnir einnig verslunar- og atvinnusvæði innan bæjarhlutans (appelsínugul) og vel aðgengileg svæði utan bæjarhlutans (gul).



**Aðgengi og sýnileiki**

Staðsetning þeirrar lóðar sem ætluð er fyrir atvinnustarfsemi er á hentugum stað við helstu safngötu hverfisins ásamt því að liggja nærri sambyggðum leik- og grunnskóli. Strætó kynni einnig að stoppa á sömu slóðum. Þessar aðstæður ýta undir sýnileika og almennt aðgengi. Staðsetning starfsemi innan lóðarinnar hefur einnig áhrif þar sem staðsetning nærri umferð akandi og gangandi ýtir undir sýnileika.

Rekstraraðilinn þarf aðgengi að lóðinni fyrir vöruflutninga. Ef um er að ræða rekstur með mikla vöruveltu eða vörur með stuttan líftíma þarf að gera ráð fyrir nær daglegri eða tíðari vöruafhendingu. Þá þarf matvöruverslun að geta tekið á móti stórum ökutækjum með varning. Oft er ónæði af þessum völdum meiri en af völdum viðskiptavinanna og huga þarf að því hversu vel það samrýmist markmiðum fyrir hverfið almennt.

Aðkoma bíla verður yfirleitt á kostnað aðgengis gangandi nema því sé gefinn sérstakur gaumur í hönnun og getur þurft að fylgja því eftir með skilmálum. Huga þarf sérstaklega að aðkomu vöruflutninga með tilliti til mögulegra árekstra við aðra umferð. *Sjá t.d. muninn á bílastæðum Smáratorgs og Ikea í Kauptúni. Bæði svæðin eru nær alfarið miðuð við akandi umferð en sjáanlega betri aðstæður fyrir gangandi í Kauptúni.*

Hönnun lóðarinnar mun einnig ákvarða hversu hentug bílastæði eru til að sækja vörur og þjónustu. Eftir því sem afgreiðsla tekur skemmri tíma er mikilvægara að bílastæði séu nærri inngangi en ef tímalengd þjónustunotkunar er lengri má hafa bílastæði fjær. *T.d. ef sækja á tilbúinn mat vill fólk leggja beint fyrir utan en getur labbað lengra ef það fer í klippingu.*

**Samlegðaráhrif**

Mögulega má greina samlegðaráhrif í því að sambyggður leik- og grunnskóli sé á næstu lóð sem ýti undir samnýtingu ferða á báða áfangastaði. Ýta mætti undir það með því að tryggja stutta, örugga og aðlaðandi gönguleið milli þessara lóða. Þetta samspil er þó ekki vel þekkt á Íslandi. *Mögulega getur orðið til stemning fyrir að sækja í kaffihús eða ísbúð eftir að börn eru sótt í grunn/leikskólann.*

Ólíklegt er að samlegð verði milli tveggja eða fleiri óskyldra verslana.

**Stærð rýma**

Leigukostnaður er í beinu hlutfalli við stærð hins leigða rýmis og því er stærðin afgerandi fyrir það hvort rekstur gengur eða ekki. Of stórt rými getur sligað reksturinn en auðveldara getur verið að sníða umfang rekstursins að litlu rými.

VSÓ Ráðgjöf kannaði stærð nokkurra staða sem hafa gengið upp rekstrarlega með starfsemi sem gæti hentað í nærumhverfi íbúðahverfis og má sjá útkomuna í töflunni að neðan.

| Starfsemi | Dæmigerð stærð [$m^2$] |
|---|---|
| Ísbúð | 50-70 |
| Bakarí með bakstri á staðnum | 80-100 |
| Veitingahús með 30 sætum | 130-150 |
| Hárgreiðslustofa með 4 stólum | 60-80 |
| Almenn sérvöruverslun | 40-60 |

*Ef verslun leigir húsnæði á kr. 5.000/$m^2$ mánaðarlega og getur sætt sig við að 20% veltunnar fari í leigu þá getur það skipt sköpum að rýmið sé 50$m^2$ frekar en 75$m^2$ enda þyrfti að auka mánaðarlega veltu um 625.000 í hverjum mánuði eða 7,5 milljónir árlega.*

Mælt er með því að heildarstærð útleigðs gólfflatar verði ekki stærri en 200m$^2$ og að skipta megi því plássi upp í 2-3 rými.

**Hönnun rýmis**

Gæta þarf að því að hávaði vegna reksturs og gesta ónáði ekki íbúa í húsinu og hanna þarf rými og burðarvirki með tilliti til þess. Þá þarf að gera ráð fyrir því að útsog úr atvinnueldhúsi sé hugsað frá upphafi svo lyktin leiti sem lengst frá íbúum, af þaki hússins. Þá þarf að huga að skilmálum um opnunartíma og merkingar. Gæta þarf að því að útgáfa vínveitingaleyfis samrýmist skipulagsskilmálum eða ekki eftir því sem við á.

**Áhrif á framkvæmdaraðila**

Eftirspurn eftir verslunar- og þjónusturými í nærumhverfi íbúðarsvæða er fremur takmörkuð eftir því sem fram kemur í samtali við heimildarmenn VSÓ Ráðgjafar. Það er líklegt að framkvæmdaraðili muni forðast að byggja upp atvinnurými í flokki C á svæðinu. Eftirspurnin er takmörkuð og því líklegt að það muni taka tíma að koma eigninni í leigu og ólíklegt er að rekstraraðili kaupi eignina og kjósi heldur að leigja. Þá krefst atvinnuhúsnæði aukinnar fjárfestingar í rýminu og ýmsum aðbúnaði ef vel á að vera. Það er t.d. innréttingar, sérútbúin rými, hljóðeinangrun, lyktarvarnir of þess háttar. Framkvæmdaraðili myndi því líklega kjósa að nýta rýmið fyrir íbúðir sem seljast hraðar, með minni tilkostnaði og mögulega á hærri verði. Að öðrum kosti myndi hann líta á kvöð um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis til virðislækkunar byggingaréttar.

## 4 Skipulagsleg áhrif

**Aðalskipulag**

Með tilliti til þeirrar stærðar verslunar- og þjónusturýma sem lagt er til að gert sé ráð fyrir er óhætt að svæðið allt sé tilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi. Um landnotkun á svæðum fyrir íbúðarbyggð segir í skipulagsreglugerð:

> Íbúðarbyggð (ÍB)
> Svæði fyrir íbúðarhúsnæði <u>og nærþjónustu</u> sem því tengist, <u>auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu</u> eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Með því að tilgreina ákveðinn reit innan skipulagssvæðisins sem verslunar- og þjónustusvæði er ljóst að uppbyggingin yrði á forsendum atvinnureksturs og væntingar um aukna uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í hlutfalli við íbúðarbyggð. Gera má ráð fyrir aukinni umferð og hávaða á slíku svæði. Þá stefnumörkun þyrfti að skoða með tilliti til áhrifa á eðli hverfisins og líkindi uppbyggingar með tilliti til samkeppni við atvinnuhverfi í nágrenninu.

**Deiliskipulag**

Tilgreina þarf þær kvaðir sem gerðar eru um að atvinnuhúsnæði sé á tilteknum reit í hverfinu. Tvær staðsetningar koma til greina innan reitsins og mætti skilja það eftir í höndum framkvæmdaraðila að velja hvora staðsetningu hann hannar fyrir verslun og þjónustu. Gera þarf skilmálana þannig úr garði að ljóst sé að ekki verði komist hjá að reisa aðra hvora bygginguna með atvinnurými ef sú leið er farin. Það hefði áhrif á úthlutunarskilmála lóðanna þannig að úthluta þyrfti þeim byggingarreitum saman.

Taka þarf fram hvort veitingarekstur sé heimill eða ekki og sérstaklega þarf að tilgreina hvort veita beri vínveitingaleyfi eða ekki og þá með hvaða skilyrðum. Ef vilji er til að heimila hverfisveitingahús með vínveitingaleyfi gæti það verið í samræmi við reglugerð um veitinga- og gististaði: Staður í flokki II, af eftirtöldum tegundum: a) veitingahús, c) veitingastofa og greiðasala, e) kaffihús.

Setja þarf fram með skýrum hætti hvernig kröfur verði gerðar til aðgengis gangandi, akandi og vöruflutninga á lóðinni.

- Gönguleiðir þurfa að vera aðlaðandi, öruggar og án ónauðsynlegra hindrana. Nýta ætti samtengingu við skóla, útivistarsvæði og megin tengigötu.
- Fyrir þjónustuhlutverk verslunarrýma er mikilvægt að skammtímabílastæði séu aðgengileg og frátekin nærri inngangi fyrir viðskiptavini.
- Skilgreina þarf hvernig vöruflutningum skuli háttað á lóð.
- Hafa þarf skilmála um útlit með þeim hætti að þeir krefjist opinna glugga fyrir atvinnustarfsemi og heimili merkingar fyrir atvinnurekstur.

Gera verður ráð fyrir að hljóðeinangrun og loftræsing sé með þeim hætti að atvinnustarfsemi hafi ekki neikvæð áhrif á íbúa byggingarinnar, sér í lagi hvað varðar veitingarekstur.

Kópavogsbær

# Vatnsendahvarf – drög að deiliskipulagi

## Kynning á vinnslustigi

Dags. 12. maí 2022 one:2011714
Uppfært 25.maí 2022

Minnisblað

Úrvinnsla sjónarmiða í framkomnum athugasemdum á kynningartíma og samráðs-fundum.

## Samráð við mótun tillög að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Við mótun deiliskipulagstillögu var haft víðtækt samráð við íbúa og hagsmunaaðila í samræmi við á-ætlun um samráð dags. 24.04.2022. Með forkynningu á vinnslustigi er umsagnaraðilum, hagsmuna-aðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu að deiliskipulagi. Forkynningartímabil var frá 8 mars - 22 apríl 2022. Í þessu minnis-blaði er gert grein fyrir samráðsferlinu á forkynningarstigi og úrvinnslu athugasemda . Vinna við að fullmóta deiliskipulagið stendur yfir.

### Kynningarefni og auglýsingar

Útbúin voru rafræn kynningargögn og veggspjöld sem hengd voru upp á forkynningar tímabili vinnslutillögunar.

- Kynningargögn/veggspjöld hengd upp í verslunarkjarna í Vallarkór og Salalaug
- Ávarp um samráðsferlið og kynningarmyndband um deiliskipulagstillöguna birt á heimasíðu Kópavogs
- Samfélagsmiðlaðir notaðir til að vekja athygli á vinnslutillögu
- Dreifibréf send á umsagnaraðila og íbúa
- Auglýsingar birtar á vef Kópavogsbæjar, Lögbirtingablaðinu 14 mars, Fréttablaðinu 12 mars og Kópavogsblaði 29 mars.

### Vinnustofur með nemendaráðum Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla

Vinnustofur með nemendaráði fóru fram 25. mars í Hörðuvallaskóla og 30. Mars í Vatnsendaskóla. Markmið vinnustofanna var að eiga samtal við fulltrúa nemendur í skólunum tveimur. Vinnslutillaga deiliskipulags var kynnt og kjölfarið unnu nemendur verkefni um útisvæði og samgöngur í nýju hverfi á Vatnsendahæð. Nemendur kynntu hugmyndir sínar í vinnustofunni.

| **Verkefni nærumhverfi** | Efnisþættir úr hópavinnu |
|---|---|
| Hvað finnst ykkur vanta í hverfið ykkar þar sem þið búið?<br>Hvað finnst ykkur mætti vera betra? | • Mætti vera betri strætóskýli, betri hjólavegur, ærslabelgur, mínigólfvöllur<br>• Vantar ruslatunnur og hjólabrettapalla<br>• Ærslabelgur, klifurgrind, hjólastígar, hjóla/brettasvæði, búð sem er opin 24/7 |

| | |
|---|---|
| | • Sundlaug með rennibraut, Hagkaup opin 24/7, útitæki, hoppudýna, skólahreystivöllur, útileiktæki, tjörn,<br>• Í fyrsta lagi langar okkur ekki í að hverfið verð byggt því að okkur finnst þetta mikilvægt náttúrusvæði, þetta er eina hundasvæðið í Kópavogi og margir nota þetta sem útivistarsvæði, Ef hverfið verðu byggt erum við með eftirfarandi punkta, fleiri ruslatunnur, hundahótel, rafmagns strætó, frítt í strætó, banna krossara útaf hestagöngu og mikið af börnum búa í hverfinu<br>• Mótorkrossbraut, körfuboltavöll, rólur, sleðabraut |
| **Verkefni Vatnsendahæð** | |
| Hvernig finnst ykkur útivistarsvæðin eiga að vera í nýju hverfi á Vatnsendahæð?<br>Eruð þið með hugmyndir hvar gott er að hafa gögnu- og hjólastíga? | • Klifurgrind og leiktæki, ærslabelgur, leiktæki, sleðabrekka<br>• Ærslabelgur, minigolfvöllur, varðeldastæði, grillsvæði, hangsvæði, róló, körfuboltavöllur, sleðabrekka<br>• Hoppudýna, körfuboltavöllur, kaðlagrind, hengirúm, varðeldastæði míni golfvöllur, sleðabrekka<br>• Stærri hundasvæði, sleppa nokkrum húsum í staðin (ekki gera girðingu), leyfa bara rafmagnsbíla í hverfinu, tennisvöll eða strandblak(hægt að hafa hlíf yfir á veturna), Te og kaffi, sleðabrekku, Félagsmiðstöð fyrir allan Kópavogsbæ, stór og flottur leikvöllur fyrir allan aldur t.d aparópla, róla, rennibraut<br>• Krossarabraut, hlaupahjól frá Hopp, körfuboltavöll, fleiri ruslatunnur, útikamra, útsýnispall, sleðabrekka |

## Opin íbúafundur (streymisfundur)

Opin íbúafundur um vinnslutillögu Vatnsendahæðar var haldin  7 apríl 2022 í sal Hörðuvallaskóla, frá 17-19. Alls mættu 67 íbúar á fundinn skv. talningu starfsmanna. Um 133 fylgdust með beinu streymi. Á fundinum var vinnslutillaga og umferðargreining kynnt og kjölfarið var opnað fyrir spurningar.

## Kynningarfundur í félagsmiðstöð eldri borgara í Boðaþingi

Kynningarfundur var haldin um vinnslutillögu Vatnsendahæðar í félagsmiðstöð eldri borgara í Boðaþingi, þann 28 mars. Eldri borgarar voru sérstaklega hvattir til að koma með ábendingar og athugasemdir.

## Samráðsfundur með menntasviði/skólastjórnendum

Þegar nýtt hverfi byggist upp er gert ráð fyrir fjölgun nemenda á grunnskólastígi. Haldnir voru fundir með Menntasviði Kópavogs og skólastjórnendum varðandi nemendafjölda og stöðu skólana í hverfinu.

Kópavogsbær









Kópavogsbær

## Úrvinnsla ábendinga og athugasemda

Á forkynningartímabili bárust 22 athugasemdir og ábendingar um vinnslutillögu sem lagðar voru fram á fundi skipulagsráðs 2.maí 2022. Þrjár athugsemdir hafa borist eftir að frestur rann út. Hér að neðan er gert grein fyrir efnisatriðum ábendinga og hvernig áframhaldandi vinnu við deiliskipulag verði háttað.

| Umsagnaraðili | Efnisatriði | Móttekið |
|---|---|---|
| Sveitarfélög og opinberar stofnanir | | |
| Strætó bs | Bendir á að deiliskipulagð sé ekki samgöngumiðað skipulag. Engin strætóleið þjónusti svæðið. | 23.3.2022 |
| Vegagerðin | Uppfæra hljóðkort | 6.4.2022 |
| Reykjavíkur-borg | Gerir ekki athugasemdir | 11.4.2022 |
| Skipulags-stofnun | Benda á skipulagsmörk  og skilmála um hljóðsvist og loftgæði | 13.4.2022 |
| Umhverfis-stofnun | Bendir á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsýnlegt að flytja plönturnar á aðra staði. | 20.4.2022 |
| Veitur | Gera þarf ráð fyrir dreifistöð rafmagns í nýju deiliskipulagi. | 25.4.2022 |
| Náttúrufræði-stofnun Íslands | Lagt er til að torfur með vaxtarstöðum blátoppu séu færðar til. | 25.4.2022 |
| Landsnet | Bendir á mögulega færslu Lyklafellslínu meðfram svæðinu | 25.4.2022 |
| Minjastofnun | Staðsetning á rúst við Álfkonuhvarf (42)/MV-9 er ekki rétt sá deiliskipu-lagsuppdrætti. 80 metrar af gömlum Vatnsendaveg liggur innan skipu-lagssvæðis hægt að nýta sem hjólastíg.  Samsíða garðlög ásamt stein-steypuleyfum er að finna á svæðinu. Starfsmenn stofnunnar benda á aðrar minjar sem þarf að kanna. Stofnunin telur að það sé mögulegt að það séu fleiri fornleifar á svæðinu sem ekki eru í fornleifaskrá Kópavogs og slíkar leifar eru friðaðar samkvæmt lögum. Stofnunin mun meta hvort að það þurfi að uppfæra fyrirliggjandi fornleifaskrá sbr reglur um skráningu jarðfesta menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Uppmæling á Vatnsendaveg ætti einnig að sýna á uppdrætti. | 2.05.2022 |
| SSH | Engar athugasemdir | 2.05.2022 |

Kópavogsbær

| Húsfélög og íbúar | | |
|---|---|---|
| Íbúi | Tillaga um minni lóðir, mikilvægt að gera ráð fyrir innviðum til að hlaða rafmagnsbíla, sérbýli og lífsgæðakjarnar þar sem ungir og gamlir geta búið í samlyndi ofl. | 23.3.2022 |
| Íbúi Kórahverfi | Meiri gróður gerir hverfð hlýlegra og vill leiksvæði fyrir börn í staðin fyrir hundagerði | 23.3.2022 |
| Íbúi | Ábendingar um þveranir fyrir gangandi séu upphækkaðar, vantar svæði fyrir verslun og þjónustu,breidd gatna,fjöldi bílastæða, aðgengi að leikskóla, skýrari skilmála, fjarlæga bílastæði á útsýnishæðinni við, tré við götur, aðgengi að göngustígum ofl. | 24.3.2022 |
| Íbúi | Óskar eftir upplýsingum um göngustíg samsíða Kleifarkór. Mótmælir slíkum stíg. | 31.3.2022 |
| Íbúi Kleifarkór 10 | Mótmælir göngustíg samsíða Kleifarkór. Hávaðamengun frá vespum og fleira. Segir gögn vera misvísandi ofl. | 20.4.2022 |
| Íbúi | Ósáttur við niðurrif útvarpshússins ofl. | 21.4.2022 |
| Íbúi Kleifarkór 3 | Mikilvægt að varðveita einstakt útsýni til allra átta án þess að húsin skyggi á,jarðvegurinn sem fellur til við uppgröft verði notaður í til að búa heilsubótar og útsýnishól ofl. | 21.4.2022 |
| Íbúi Jóruseli Rvk | Mótfallinn þriðja áfanga Arnanesvegar. Svæðið á skilið útsýnissvæði, vonbrigði að hafa verslun-og þjónustu í útjaðri hverfisins. Áhyggjur af umferðaraukningunni og lítilli tengingu við almenningssamgöngukerfið ofl. | 22.4.2022 |
| Vinir Vatnsenda-hvarfs | Margir nýta sér útivistarsvæði á Vatnsendahæð daglega, dýrmætt grænt svæði og útsýni til allra átta, bendir á varpsvæði fugla. Einnig mótmælt nýjum Arnarnesvegi. Hætta á miklum vindstrengjum sem gætu verið hættulegir. Þök gætu rifnað og miklir vindir gætu haft áhrif á byggingatímabilið. Byggð mun varpa skugga lengst inní Seljahverfi, óþægileg ljósmengun mun gera það að verkum að ekki er hægt að horfa á stjörnuhiminn, aukin umferð. Mikilvægi grænna svæði að aukast ofl. | 22.4.2022 |
| Íbúar Kletta-kórs 1A-C | Magna lögmannsstofa sendir inn athugasemd fyrir hönd íbúa. Fyrirhuguð uppbygging er íþyngjandi fyrir íbúa Klettakórs , umferð meðfram fasteignum þeirra verði stóraukin með tilheyrandi hljóð og ljósmengun auk þess dragi úr umferðaröryggi barna og annarra íbúa. Útsýni skerðist til muna eða hverfur allt. Vísað nánar í athugasemdina í heild með ítarlegri greinargerð og viðhengjum, auglýsingum, gögnum og myndum af skerðingu útsýnis. | 22.4.2022 |
| Íbúi Álfkonu-hvarf 37 | Áhyggjur af nálægð nýrrar byggðar og aukinni umferð. Framkvæmdatíminn íþyngjandi. Væri fínt að hafa Vatnsendahæðina sem útivistarsvæði. | 22.4.2022 |
| Íbúar Álfkonu-hvarf 47 | Gera alvarlegar athugasemdir við skerðingu á útsýni. Í Álfkonuhvarfi 47 eru þrjár íbúðir sem snúa upp að Vatnsendahæð. Áhrif á útsýni er verulegt þar sem byggt er 2-3 hæða klasabyggð sem allar eru hærri en Álfkonuhvarfi 47. Íbúðir voru kynntar sem útsýnisíbúðir . Gífurlega skuggamyndun af nýrri byggð á Álfkonuhvarf 47 ofl. | 22.4.2022 |

Kópavogsbær

| | | |
|---|---|---|
| Íbúi Álfkonu-hvarfi 37 | Skuggafall hefur áhrif á byggð, staðsetning á leikskóla þar sem vindurinn er mestur, skoða betur grunnskóla, á hæðinni er eina hundasvæði í Kópavogi, hundagerði skapar umferð allan daginn, ekki trygg leið fyrir skólabörn yfir götu og lóð Álfkonuhvarfs 37. Bendir á aukin umferðarhávaða, umferðarstíflur þegar fólk keyrir börn í skóla, umferða á uppbyggingatímabili, . Gera þarf ráð fyrir stoðþjónustu í Vatnsendaskóla við stækkun skólans, skv barnasáttmála ofl. | 22.4.2022 |
| Kemur ekki fram | Vill þéttari byggð og betri vegatengingar. Ábendingar varðandi félagslegar íbúðir innan svæðisins, aukin umferðarþunga í efri byggðum, efnahagslegur ávinningur er lítill af dreifðri byggð ofl. | 24.2.2022 |
| Fleiri aðilar | Fyrirspurnir um úthlutanir lóða | mars/apríl |

## Úrvinnsla og áframhaldandi skipulagsvinna

Hér að neðan er gert grein fyrir hvernig áframhaldandi vinnu við deiliskipulag verður háttað. Unnið er úr ábendingum og athugasemdum m.a með eftirfarandi atriði. Atriðalistinn er ekki tæmandi

### Minjar í Vatnsendahvarfi

Skoða þarf nánar staðsetningu á minjaverndarsvæði í aðalskipulagi Kópavogs (MV -9) og rúst í Álfkonuhvarfi skráð númer 42 í fornleifaskrá Kópavogs. Vegna ósamræmis þarf mögulega að fara fram óverulega breyting á Aðalskipulagi Kópavogs.

Minjastofnun bendir á að það sé mögulega fleiri fornleifar á svæðinu sem ekki eru skráðar í fornleifaskrá Kópavogs og slíkar leifar eru friðaðar samkvæmt lögum. Stofnunin getur krafist að gerð verði skráning á fornleifum sbr reglur um skráningu jarðfestra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Á núverandi stigi í deiliskipulagsvinnunni þarf að meta þörf á uppfærðri fornleifaskráningu.

### Skóli fyrir yngstastig á Vatnsendahæð

Eftir samráð með Menntasviði Kópavogs og skólastjórnendum Hörðuvallaskóla og Vatnsenda-skóla er niðurstaðan sú, að æskilegt er að koma fyrir skóla fyrir yngsta stig (1-4 bekk) í tengslum við við nýjan leikskóla á Vatnsendahæð. Margir kostir eru taldir vera á að byggja varanlegan skóla í stað þess að fara í tímabundnar stækkanir á núverandi skólum. Til eru dæmi um sambærilega grunn- og leikskóla m.a í Mosfellsbæ (Krikaskóli) og Kópavogi (Kárs-nesskóli). Skoða þarf aðalskipulagsbreytingu vegna stækkunar á samfélagsþjónustureit til að koma fyrir skóla.



Kópavogsbær

## Aðlaga raðahúsabyggð að sunnan

Unnið er að koma til móts við athugasemdir íbúa Klettakórs með því að breyta og aðlaga raðhúsabyggð á norðanverðu skipulagssvæðinu.

## Útbúa skuggavarp

Í ábendingum og athugasemdum frá íbúum er oft bent á mögulega skuggamyndum frá nýrri byggð á Vatnsendahæð. Unnið er að því að útbúa skuggavarp.

## Vinnustofur nemenda

Unnið verður með niðurstöður úr vinnustofum nemendaráða skólanna varðandi útisvæði og tengingar. Stefnt er að því að gefa gott pláss fyrir sleðabrekku innan skipulagssvæðisins ofl.

## Blátoppa

Viðbrögð vegna ábendinga frá Umhverfisstofnun varðandi og Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi vaxtarsvæði blátoppu sem nýverið hefur verið friðlýst. Settir verða skilmálar sem tryggja flutning á vaxtarsvæði friðlýstra plantna.

## Samráðsfundir

Áráðið er að boða auka samráðsfund með íbúum sem hafa sent umfangsmikla athugasemdir um vinnslutillöguna. Boðað verður til fundar fljótlega og verður hann væntanlegur haldinn í lok maí.

## Önnur atriði

Áfram verður unnið með ofanvatnslausnir, hljóðvarnir, skipulagsmörk, áhættumat vegna loftslagsáhrifa, staðsetningu á dreifistöð rafmagns, staðsetning á göngustígum, áhrif á útsýni frá núverandi byggð, umferðaröryggi, vindgreiningu, jarðtækni kortlagningu á sprungum osfrv.

## Í kjölfar umræðu í skipulagsráði 16 maí 2022

Skoðuð verður tilfærsla á verslunar og þjónustureit nær miðju hverfisins, vinna áfram með vindgreiningar, uppfæra fornleifaskrá fyrir svæðið, samtal við náttúrufræðistofnun Íslands mtt færslu á blátoppu, stækka samfélagsþjónustureit og koma fyrir skóla/leikskóla, skoða einnig staðsetninguna mtt veðurfars.

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til Umhverfissviðs

Kópavogi, 1. september 2022
2011714/510.03 RH

Efni: **Minnisblað vegna fyrirhugaðrar byggðar á Vatnsenda**

Frá opnun Vatnsendaskóla (2005) og Hörðuvallaskóla (2006) hefur nemendum fjölgað stöðugt ár hvert þar til nemendafjöldi náði hámarki fyrir 2-3 árum. Í Hörðuvallaskóla fór nemendafjöldi hæst í um 920 nemendur og var þá orðinn næst stærsti skóli landsins. Á undanförnum árum hefur reglulega þurft að bregðast við húsnæðisvanda í báðum skólum og þá sér í lagi Hörðuvallaskóla sem hefur undanfarin ár starfað í tveimur byggingum eftir að hafa flutt hluta skólastarfs í Kórinn við Vallarkór. Framkvæmdir við kjallara í Kórnum standa nú yfir og er ráðgert að þar verði tekið í notkun viðbótar húsnæði fyrir Hörðuvallaskóla um áramót.

Auk þeirra framkvæmda sem grípa hefur þurft til vegna fjölgunar nemenda hefur einnig reynt mikið á skipulag og stjórnun skólastarfs í ört stækkandi skólum.

Báðir skólar eru í dag full setnir að mati skólastjórnenda og allt viðbótar húsnæði í fullri notkun. Við núverandi aðstæður er því ekki gert ráð fyrir að skólarnir geti tekið við fjölgun nemenda.

Fyrirhuguð er ný byggð sem liggur að skólahverfum beggja skóla þar sem gert er ráð fyrir 500 íbúðum. Hlutfall barna á hverja íbúð í Kópavogi er mismunandi milli skólahverfa en hlutfall barna er þó lang hæst í skólahverfum Hörðuvalla- og Vatnsendaskóla, hvort sem litið er til barna á leikskólaaldri eða grunnskólaaldri. Skipulag væntrar byggðar gerir ráð fyrir mikið af sérbýli og því ekki óvarlegt að ætla að þangað sæki barnafjölskyldur. Ef hlutfall grunnskólabarna í nýrri byggð verður það sama og meðalhlutfall í áðurnefndum skólahverfum í dag, þá má vænta þess að fjölgun grunnskólanemenda verði á bilinu 245-275. Sé hins vegar miðað við meðal hlutfall grunnskólanemenda í bænum í heild mætti áætla að fjöldi grunnskólanema í nýju hverfi gæti orðið 170. Ef gert er ráð fyrir að skipulag fyrirhugaðrar byggðar verði eftirsótt af barnafjölskyldum má eiga von á því að fjöldi grunnskólabarna verði yfir 200 en slík spá er ávallt háð einhverri óvissu.

Líkt og að ofan greinir gera skólastjórnendur ekki ráð fyrir að geta tekið á móti slíkri fjölgun nemenda að öðru óbreyttu. Miðað við núverandi fjölda barna með lögheimili í ofangreindum skólahverfum þá má hins vegar gera ráð fyrir að nokkur fækkun verði í báðum skólum á næstu árum. Uppsöfnuð fækkun næstu 5 árin gæti verið allt að 150 nemendur samtals. Er þá miðað við núverandi fjölda barna frá 1 árs aldri með lögheimili í skólahverfinu, án tillits til allra flutninga til og frá skólahverfinu.

Þegar horft er til væntrar fjölgunar barna á leikskólaaldri má ætla að búast megi við um 100 börnum í nýrri byggð. Til þess að koma til móts við þá fjölgun þyrfti að byggja einn leikskóla í ofangreindu hverfi.

Að ofangreindum forsendum gefnum, er aðeins hægt að gera ráð fyrir að takmarkaður hluti af væntri fjölgun grunnskólanemenda geti komist fyrir í Hörðuvalla-

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

og/eða Vatnsendaskóla. Að því gefnu telur menntasvið tillögu um byggingu samrekins leik- og grunnskóla fyrir yngsta stig í nýju hverfi geta verið farsæla lausn á þróun byggðar og skipulagi skólastarfs.

Virðingarfyllst,

| | |
|---|---|
| Ragnheiður Hermannsdóttir | Sindri Sveinssn |
| Deildastjóri grunnskóladeildar | Rekstrarstjóri menntasviðs |

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

# Þróun nemendafjölda 2002-2023

| | 2013-2014 | 2014-2015 | 2015-2016 | 2016-2017 | 2017-2018 | 2018-2019 | 2019-2020 | 2020-2021 | 2021-2022 | 2022-2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kópavogsskóli | 303 | 308 | 316 | 329 | 349 | 360 | 368 | 356 | 376 | 354 |
| Kársnesskóli | 494 | 505 | 548 | 568 | 569 | 583 | 595 | 603 | 630 | 657 |
| Snælandsskóli | 445 | 434 | 420 | 433 | 443 | 432 | 451 | 467 | 460 | 458 |
| Salaskóli | 512 | 546 | 553 | 585 | 573 | 589 | 601 | 587 | 586 | 564 |
| Smáraskóli | 360 | 345 | 372 | 389 | 391 | 414 | 422 | 430 | 457 | 473 |
| Lindaskóli | 482 | 497 | 496 | 472 | 482 | 489 | 461 | 459 | 452 | 439 |
| Hörðuvallaskóli | 638 | 699 | 779 | 869 | 904 | 920 | 921 | 889 | 862 | 861 |
| Vatnsendaskóli | 505 | 539 | 550 | 568 | 592 | 613 | 601 | 582 | 576 | 582 |
| Álfhólsskóli | 701 | 677 | 661 | 665 | 636 | 650 | 629 | 612 | 572 | 579 |
| **Samtals nemendafjöldi** | **4.440** | **4.550** | **4.695** | **4.878** | **4.939** | **5.050** | **5.049** | **4.985** | **4.971** | **4.967** |
| **Íbúafjöldi í Kópavogi** | 32.303 | 33.095 | 34.105 | 35.234 | 35.246 | 35.970 | 37.843 | 37.937 | 38.801 | 38.950 |
| **%hlf. grunnsk.nem af íbúafj.** | 14% | 14% | 14% | 14% | 14% | 14% | 13% | 13% | 13% | 13% |

| | 2003-2004 | 2004-2005 | 2005-2006 | 2006-2007 | 2007-2008 | 2008-2009 | 2009-2010 | 2010-2011 | 2011-2012 | 2012-2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kópavogsskóli | 393 | 378 | 383 | 355 | 346 | 328 | 315 | 332 | 321 | 318 |
| Kársnesskóli | 588 | 588 | 568 | 504 | 515 | 492 | 492 | 486 | 484 | 490 |
| Snælandsskóli | 438 | 446 | 442 | 442 | 449 | 435 | 424 | 414 | 416 | 419 |
| Salaskóli | 268 | 379 | 412 | 413 | 415 | 414 | 441 | 478 | 483 | 489 |
| Smáraskóli | 612 | 561 | 537 | 489 | 450 | 424 | 401 | 380 | 372 | 367 |
| Lindaskóli | 622 | 597 | 584 | 588 | 575 | 562 | 563 | 565 | 548 | 527 |
| Hörðuvallaskóli | 0 | 0 | 0 | 55 | 218 | 310 | 376 | 457 | 528 | 575 |
| Vatnsendaskóli | 0 | 0 | 117 | 202 | 309 | 317 | 360 | 397 | 426 | 465 |
| Álfhólsskóli | 914 | 884 | 848 | 813 | 818 | 814 | 772 | 735 | 716 | 687 |
| **Samtals nemendafjöldi** | **3.835** | **3.833** | **3.891** | **3.861** | **4.095** | **4.096** | **4.144** | **4.244** | **4.294** | **4.337** |
| **Íbúafjöldi í Kópavogi** | 25.291 | 25.784 | 26.468 | 27.536 | 28.561 | 29.957 | 30.314 | 30.697 | 31.139 | 31.676 |
| **%hlf. grunnsk.nem af íbúafj.** | 15% | 15% | 15% | 14% | 14% | 14% | 14% | 14% | 14% | 14% |
| Hjallaskóli | 446 | 430 | 414 | 397 | 414 | 408 | 376 | 0 | 0 | 0 |
| Digranesskóli | 468 | 454 | 434 | 416 | 404 | 406 | 396 | 0 | 0 | 0 |






| | Kópavogsskóli | Kársnesskóli | Snælandsskóli | Salaskóli | Smáraskóli | Lindaskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúða - (15.jún 2022) | 1.516 | 2.571 | 1.245 | 1.312 | 1.717 | 1. |
| Fjöldi íbúa (15.jún 2022) | 4.165 | 6.362 | 3.069 | 3.286 | 3.435 | 3. |
| Fjöldi íbúa per íbúð | 2,75 | 2,47 | 2,47 | 2,50 | 2,00 | |
| | | | | | | |
| Fjöldi barna 1-5 ára (2017-2021) | 202 | 390 | 197 | 176 | 230 | |
| Fjöldi barna 1-5 ára per íbúð | 0,13 | 0,15 | 0,16 | 0,13 | 0,13 | |
| Fjöldi barna 6-15 ára (2007-2016) | 424 | 708 | 355 | 463 | 419 | |
| Fjöldi barna 6-15 ára per íbúð | 0,28 | 0,28 | 0,29 | 0,35 | 0,24 | |
| | | | | | | |
| Fjöldi grunnskólanema 2021-2022 | 376 | 630 | 460 | 586 | 457 | |
| Fjöldi grunnskólanema per íbúð | 0,25 | 0,25 | 0,37 | 0,45 | 0,27 | |



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

**Fjöldi barna í hverjum árgangi í hverju skólahverfi miðað við skráning**

**Hér er aðeins stuðst við upplýsingar úr þjóðskrá. Ekki er tekið tillit til fjölgunar íbúða né**

| | Álfhóls-skóli | Hörðuvalla-skóli | Kársnes-skóli | Kópavogs-skóli | Linda-skóli | Sala-skóli | Smára-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 93 | 77 | 63 | 31 | 39 | 50 | 44 |
| 2008 | 67 | 93 | 78 | 44 | 49 | 49 | 43 |
| 2009 | 84 | 90 | 79 | 50 | 65 | 49 | 45 |
| 2010 | 88 | 108 | 75 | 56 | 40 | 58 | 39 |
| 2011 | 59 | 108 | 63 | 46 | 40 | 39 | 40 |
| 2012 | 76 | 91 | 82 | 47 | 50 | 35 | 49 |
| 2013 | 71 | 79 | 70 | 53 | 48 | 50 | 49 |
| 2014 | 76 | 87 | 69 | 36 | 34 | 44 | 46 |
| 2015 | 60 | 87 | 58 | 50 | 44 | 44 | 42 |

**Áætlaður fjöldi barna á grunnskólaaldri sem býr í viðkomandi skólahverfi m.v. núverand**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2022-2023** | 737 | 911 | 710 | 444 | 459 | 457 | 433 |
| **2023-2024** | 708 | 889 | 724 | 450 | 469 | 433 | 426 |
| **2024-2025** | 702 | 885 | 712 | 449 | 456 | 420 | 426 |
| **2025-2026** | 680 | 886 | 716 | 438 | 425 | 406 | 428 |
| **2026-2027** | 673 | 868 | 725 | 422 | 428 | 385 | 447 |
| **2027-2028** | 681 | 849 | 748 | 428 | 439 | 394 | 460 |

**Áætluð breyting á fjölda barna á grunnskólaaldri milli ára m.v. ofangreindar forsendur**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2023-2024** | -29 | -22 | 14 | 6 | 10 | -24 | -7 |
| **2024-2025** | -6 | -4 | -12 | -1 | -13 | -13 | 0 |
| **2025-2026** | -22 | 1 | 4 | -11 | -31 | -14 | 2 |
| **2026-2027** | -7 | -18 | 9 | -16 | 3 | -21 | 19 |
| **2027-2028** | 8 | -19 | 23 | 6 | 11 | 9 | 13 |
| **Uppsafnað** | **-56** | **-62** | **38** | **-16** | **-20** | **-63** | **27** |



Kópavogur 24. 02. 2022
One mál: 2011714

# Uppfærð samráðsáætlun

## Samráð við gerð deiliskipulags á Vatnsendahæð
## - með fyrirvara um breytingar -

Við gerð deiliskipulags á Vatnsendahæð verður eftir föngum leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, umsagnaraðila og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta.

Á vinnslustigi verður haft samráð við nemendaráð í nærliggjandi skólum, Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla. Haldin verður kynningarfundur í félagsmiðstöðinni Boðaþingi og eldri borgarar hvattir til að senda inn skriflegar athugasemdir að því gefnu leyfi fáist hjá skólastjórnendum og forstöðumanni Boðaþings.

Einnig verður haldinn opinn íbúafundur með íbúum sem láta sig málið varða. Útbúin verða kynningar-gögn, plaköt og/eða plansjar sem hengdir verða upp á forkynningartímabili vinnslutillögunar. Notast verður við samfélagsmiðla til að vekja athygli á vinnslutillögunni og fólk hvatt til að koma með ábend-ingar og athugasemdir. Að lokum verður útbúið rafrænt kynningarmyndband þar sem tillagan er kynnt og gert aðgengilegt á vef Kópavogsbæjar og á samfélagsmiðlum.

Á kynningartíma deiliskipulags er stefnt á að halda opið hús og kynningafundi.

Stuðst verður við handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga og samráðsaðferðum í fyrsta, öðru og þriðja þrepi þátttökustiga sambandsins beitt, en fyrsta þrepið er **upplýsingagjöf** og fimmta þrepið **ákvörðun** (Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa, (Anna Guðrún Björnsdóttir/Samband íslenskra sveitarfélaga, 2017).




**Mynd 1.** Yfirlit yfir mismunandi þátttökustig íbúa. Í samráðsferlinu verður leitast við að ná góðu samráði með íbúum og hagsmunaðilum og samtali með börnum og ungmennum. Mynd tekin úr handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga (bls. 5).

Kópavogsbær

## Samráð við upphaf deiliskipulagsvinnu

Deiliskipulagslýsing fyrir Vatnendahæð er dagsett 25. mars 2021. Skipulagslýsingin er eins konar verk-áætlun um mótun deiliskipulagstillögu þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram. Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu. Deiliskipulagslýsing var auglýst og kynnt á tímabilinu 23. apríl - 25. maí 2021. Í kjölfar kynningar bárust 22 athugasemdir og ábendingar.

Ábendingar og athugasemdir voru kynntar skipulagsráði á fundi 8. júní 2021.

## Forkynning -samráð við mótun deiliskipulagstillögu (vinnslutillaga)

Með forkynningu á vinnslustigi er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu að deiliskipulagi.

Fyrirhugað samráð mun fara fram á vormánuðum 2022. Vinnslutillaga verður kynnt og gerð aðgengileg almenningi í kjölfarið samþykktar skipulagsráðs að kynna vinnslutillöguna skv. fjórðu málsgrein 40 gr skipulagslaga.

Þrenns konar samráðsaðferðum verður beitt á þessu stigi deiliskipulagsvinnunnar.

### *1. Vinnustofur með nemendaráðum í nærliggjandi skólum*

Samráð við börn og ungmenni fellur undir þriðja þrep samráðsstiga handbókarinnar, samtal, þar sem leitast er við að gefa fulltrúum barna rödd í skipulagi. Sérstök áhersla verður á að fá hugmyndir barna um útfærslur opinna svæða og samgöngur í nýja hverfinu.

Eftirfarandi samráð fer fram með börn og ungmennum:

- Vinnustofur með nemendaráðum Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla.

### *2. Samráðsfundir með eldri borgurum sem sækja félagsmiðstöðina Boðaþing:*

Samráð við eldri borgurum fellur undir annað þrepið, samráð. Haldinn verður stutt kynning í félagsmiðstöðinni Boðaþingi og verkefnið kynnt fyrir áhugasömum eldri borgurum,

Eftirfarandi samráð fer fram með eldri borgunum:

- kynningarfundur með áhugasömum eldri borgurum í Boðaþingi.

### *3. Opið hús og íbúafundur*

Opið hús og íbúafundur fellur undir fyrsta og annað þrepið, opinn fundur, sem hefst á upplýsingagjöf og endar á endurgjöf.

Á opnu húsi með íbúum verða kynntar hugmyndir sem hafa komið frá börnum.

### *4. Kynningargögn og veggspjöld*

Útbúin verða kynningargögn og veggspjöld sem hengd verða upp á forkynningar tímabili vinnslutillögunar.

- Kynningargögn/veggspjöld verða útbúin og þau gerð aðgengileg í verslunarkjörnum og viðeigandi stofnununum
- Kynningarmyndband útbúið um deiliskipulagstillöguna
- Samfélagsmiðlaðir notaðir til að vekja athygli á vinnslutillögu

Kópavogsbær

## Kynning -Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst

Eftir úrvinnslu úr hugmyndaleit, athugasemda og ábendinga er unnin deiliskipulagstillaga.

Áætlað er að formleg deiliskipulagstillaga verði kynnt og auglýst vor 2022. Þá verður fólki boðið upp á að mæta á opið hús og kynna sér tillöguna, og senda inn athugasemdir og ábendingar að nýju.

## Deiliskipulag samþykkt

Eftir úrvinnslu innsendra athugasemda og ábendinga verður deiliskipulag lagt fyrir skipulagsráð, bæjarráðs og  bæjarstjórn til samþykktar haustið 2022.

## Áætluð tímalína samráðsferlis

Eftirfarandi eru drög að samráðsferlinu og helstu tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.



**Samráðsaðilar/umsagnaraðilar**

Listinn er ekki tæmandi

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa
- Veitur ohf
- Landsnet
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis- og samgöngusvið
- Garðabær
- Ríkiseignir
- Sögufélag Kópavogs
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla
- Landssamtök hjólreiðamanna
- Foreldrafélög Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla
- Hópur barna úr Vatnsenda- og Hörðuvallaskólum
- Nemendur í Hörðuvalla- og Vatnsendaskólum
- Stjórn félags eldri borgara í Kópavogi
- Hópur eldri borgara sem sækja félagsmiðstöðina Boðaþing
- Ofl.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi



Bjarni F. Einarsson
2022

Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 42 í Kópavogi. Hægra megin við rústina liggur Vatnsendavegur, nr. 92. (Horft mót NA. Ljósm. BFE 2022).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Kópavogsbæ
Maí 2022

### *Inngangur*

Að beiðni Kópavogsbæjar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á deiliskipulagsreit í landi Vatnsenda vegna fyrirhugaðra húsbygginga. Staðsetning fornleifa og mörk skipulagssvæðisins eru sýnd á Mynd 1. Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem fyrri skráningarskýrslur og ýmsar heimildir sem þar er getið.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 25–26. maí síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá.

Fulltrúi verkkaupa var Kristjana H. Kristjánsdóttir hjá Kópavogsbæ.




Mynd 1. Yfirlit yfir deiliskipulagsreitinn (svört brotalína) og staðsetningu fornleifa/minja (rautt). Sjá einnig mynd 2 sem er eldri loftmynd þar sem herminjar og sumar þær minjar sem nú voru skráðar sjást (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Kópavogsbær/ Fornleifafræðistofan).

## *Skráningin*

Samkvæmt lögum um menningar-minjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **42** | Rúst | 1 | Byggingar | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| **92** | Þjóðleið | 1 | Byggingar | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| **93** | Rúst | 1 | Byggingar | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Þversnið |
| **94** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Lélegt | 1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| **95** | Garðar | 3 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Þversnið |
| **96** | Garður | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Engar |
| **97** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Prufuhola |
| **98** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **99** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **100** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **101** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| | Fjöldi fornleifa/minja | 12 | | | | Meðaltöl: | | | | |

Tafla yfir skráðar fornleifar við Vatnsenda. Hér er gengið út frá því að skipulagið valdi hættu á öllum fornleifum/minjum á svæðinu. Minjar sem lenda í aldurshópnum 1900 eru allar talsvert yngri en svo og nær því að vera frá 1950 eða yngri.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í næsta nágrenni könnunarsvæðisins.

Samtals voru 12 fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangskönnunina undir 11 númerum.

Einar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi og hinar lítið minja- og varðveislugildi.

Tvær voru í ágætu ástandi, tvær minjar í lélegu og restin í sæmilegu ástandi.

Sjö fornleifanna voru taldar eldri en 1900, aðrar yngri. Af þessum sjö sem voru eldri en 1900 eru allar nema fjórar hugsanlega á mörkum þess að vera fornleifar (nr. 95 og 96). Ef þær tengjast möstrunum á svæðinu eru þær ekki 100 ára, en annars frá 19. öld. Ef þarf að raska þeim ætti að nægja að taka þversnið í einn garðinn. Dældirnar eru allar yngri en 1900 og líklega frá tímanum 1920-1950 og sennilega nær 1950. Margar þeirra sjást ekki á loftmynd sem tekin var skömmu eftir seinna stríð (sjá mynd 2). Sumar dældanna geta verið kartöflugeymslur (sbr. fornleifaskrá) og/eða geymslur á vegum hersins. Mælt er með því að ein þeirra, nr. 94, verði könnuð með prufuholu til að sannreyna aldursgreininguna.

Þegar gömul loftmynd (map.is) sem tekin var eftir að Vatnsendastöðin var byggð sjást nokkrar af þeim fornleifum/minjum á þeirri mynd. Þar sjást einnig herminjar, en kampur var reistur við sendistöðina sem kallaður var Camp Vatnsendis á stríðsárunum (Friðþór Eydal 2013). Slík rústaþyrping er alls ólík þeim rústaþyrpingum sem tilheyra hinu íslenska landbúnaðarsamfélagi. Þarna eru rústirnar í beinum röðum með götum á




Mynd 2. Loftmynd sem tekin var eftir að herinn var farinn af landinu (t.v.) og nýleg loftmynd af byggðinni við Vatnsenda. Fornleifar/minjar nr. 95 og 96 eru dregnar upp eins og þær sjásts á gömlu loftmyndinni. (map.is/Loftmyndir ehf).

milli. Margar minjar sjást ekki á gömlu myndinni og því má ætla að þær séu yngri en myndin.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), ljósmyndun eða nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og görðum geta verið nákvæmari GPS mæling, drónamyndir og hugsanlega þversnið. Rannsóknir á yngri rústum geta einskorðast við þverskurði eða prufuskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef öll rústin er ekki fullrannsökuð. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Í töflunni hér að framan er stungið upp á mótvægisaðgerðum ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna. Minjar yngri en 100 ára njóta ekki friðunar og því er ekki hægt að fara fram á rannsnókn nema að grunur liggi fyrir um að eldri minjar leynist undir. Sá grunur er ekki fyrir hendi.

### *Niðurstaða*

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Einar voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki og restin í þeim lægsta. Allar fornleifarnar/minjarnar teljast vera í mikilli hættu vegna skipulagsins. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Herminjar njóta ekki friðunar laga um menningarminjar né heldur minjar yngri en 100 ára. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

### *Heimildir*


Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Kópavogs endurskoðuð*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og María Gísladóttir. *Byggðakönnun. Borgarhluti 6. Breiðholt*. Borgarsögusafn. Reykjavíkur. Skýrsla 216. 2021.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Arnarnesvegur í Kópavogi - mat á umhverfisáhrifum. Fornleifakönnun.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002.

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Friðþór Eydal. *Kampar í Kópavogi: herbúðir bandamanna í landi Kópavogsbæjar og næsta nágrenni í síðari heimsstyrjöld..* Gunnar Marel Hinriksson bjó til prentunar. Sögufélag Kópavogs og Héraðsskjalasafnið. Kópavogur 2013.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0 Sótt 27. maí 2022.

*Minjastofnun Íslands*. Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf - deiliskipulag - Forkynning. Bréf dags. 29. apríl 2022.

Stefán Ólafsson. *Arnarnesvegur 3. áfangi. Deiliskráning og fornleifarannsókn.* Fornleifastofnun Íslands 2021.

*Örnefnaskrá*. Örnefni í heimalandi Kópa

*Örnefnaskrá.* Breiðholt. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.vogs- kaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.

*Örnefni í bæjarlandi Kópavogs.* Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.


### *Fylgirit*

*Fornleifaskrá:* Kópavogur Nr. 42, 92–101.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | 1000 | | 42 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | - | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 23.7.2019 | E 362763,45 N 401837,79 | Isn 93 | - | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst (stekkur?) | Fjárhús | Kóp 19 Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | - | Byggð | Talsverð | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | - |

*Lega og staðhættir*

Í blásnu holti í austanverðu Vatnsendahvarfi. Um 50 m SSA (neðan) af girðingu utan um Vatnsendastöðina.

*Heimildir og munnmæli*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Kópavogs endurskoðuð.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
*Örnefnaskrá.* Örnefni í heimalandi Kópavogs-kaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.
*Örnefni í bæjarlandi Kópavogs.* Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.

*Lýsing*

**Rúst (stekkur?).**
4 x 6 m (NV - SA).
Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.
Tvö hólf eru á rústinni (A og B). Í hólfi A (syðra hólfið) er talsvert af stórgrýti. Engar dyr sjás svo að vel sét á rústinni.
Rústin er vel gróin og þó einkanlega hólf B. Uppblástur hefur eytt landinu í kring, en nú er þar allt á kafi í lúpínu og erfitt að finna rústina.

Rústin var heimsótt á ný 10.5.2020 og mæld aftur inn og ljósmynduð (efri mynd). Gengið var út frá því að dyr væru á báðum hólfum til SV.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Stafræn. Olympus C-820L |

*Athugasemdir*

Ekki er víst að hér sé kominn sá stekkur sem getið er um í Örnefnaskrám. Átti hann að vera í Leyni (sem er norðar). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | 92 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | Vatnsendavegur | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362791,5 N 401801,5 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Þjóðleið | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Leiðin liggur upp Vatnsednahlíð skammt norðan við Álfkonuhvarf 47.

*Heimildir og munnmæli*


Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og María Gísladóttir. *Byggðakönnun. Borgarhluti 6. Breiðholt.* Borgarsögusafn. Reykjavíkur. Skýrsla 216. 2021.

*Minjastofnun Íslands.* Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf - deiliskipulag - Forkynning. Bréf dags. 29. apríl 2022.

Stefán Ólafsson. Arnarnesvegur 3. áfangi. Deiliskráning og fornleifarannsókn. Fornleifastofnun Íslands 2021.

*Örnefnaskrá.* Breiðholt. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.


*Lýsing*

**Þjóðleið.**

Leiðin er um 2 m á breidd og víða sér í grjót í götunni.

Leiðina má rekja frá Álfkonuhvarfi upp að girðingu gömlu ratsjárstöðvarinnar þar sem hún hverfur. Hún kemur svo aftur í ljós skammt vestan við nýju ratsjárstöðvarinnar og hefur þar verið skráð undir númerinu GK-215:007 (Stefán Ólafssosn 2021).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Minjastofnun Íslands hefur með bréfi dags. 29. apríl 2022 leyft rask á leiðinni eða nýtingu á henni sem göngustíg.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | 93 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362701,0 N 401748,5 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

**Lega og staðhættir**

Í austanverðri Vatnsendahlíð í holti.

**Heimildir og munnmæli**

map.is
https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0.

**Lýsing**

**Rúst.**
Um 6 - 7 m í þvermál, nánst hringlaga. Veggir úr torfi um 0,5 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Op eða eyða er í veggnum að norðanverðu.

Á gamalli loftmynd virðist einhverskonar gerði liggja við austurhliðina sem ekki sást á vettvangi (map.is).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

**Athugasemdir**

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **94** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362808,9 N 401855,8 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | Kartöflugeymsla | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Lélegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í austanverðri Vatnsendahlíð í holti.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
4 x 4 m og 0,8 m djúp. Op eða dyr eru mót norðri og þar er rani sem gengur út úr rústinni.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | 95 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362658,1 N 402000,0 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Garðar | | Kóp 22 | 3 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Lítið | 3 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti norðarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Arnarnesvegur í Kópavogi - mat á umhverfisáhrifum. Fornleifakönnun.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002.

*Lýsing*

**Garðar.**

1) Garður um 1 m breiður og 0,4-0,6 m hár og tæplega 40 m langur. Úr torfi (og grjóti?). Við vesturenda sér í kröftugt járn sem virðist liggja undir garðinn. Hefur verið lengri sbr. map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0.

2) Garður um 1 m breiður og 0,4-0,6 m hár. Úr torfi (og grjóti?) og um 40 m langur. Hefur verið lengri sbr. map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0.

Áður skráðir undir númerinu GK-215:004 (Elín Óksk Hreiðarsdóttir 2002).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **96** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362669,6 N 402023,3 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Garður | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Lítið | 3 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti norðarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Garður.**
Um 30 m langur, 1 m breiður og 0,3 - 0,4 m hár. Úr torfi (og grjóti?). Hefur verið lengri.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar*: Canon EOS 750D

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | 97 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362707,4 N 401821,3 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | Kartöflugeymsla | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
3 x 6 m stór og 0,7 m djúp.
Út úr dældinni er rani mót SA, en sjálf dældin er 2,5 x 3 m stór.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# *Fornleifaskrá*

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Núv. sveitarfél.* | *Hverfi* | *Aðalnr.* |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | **98** |

| *Landareign* | *MÍ:Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362710,8 N 401679,2 | Isn 93 | | |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Dæld | | Kóp 22 | 1 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Tímab. hættumat* | *Tímab. hætta* | *Á kort?* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| *Minjagildi* | *Einkunn* | *Varðveislugildi* | *Einkunn 2* | *Friðlýsa?* | *Friðlýst?* | *Hvenær* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
2 x 2 n stór og 0,3 m djúp. Enginn sýnilegur útgafnur er úr dældinni, en gæti hafa verið til suðurs.
Tvær hellur liggja við jaðarinn að norðan, gætu verið lagðar nýlega.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar* Canon EOS 750D

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | **99** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362663,6 N 401744,3 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
1,5 x 1,5 m stór og 0,5 m djúp. Engar dyr eða útgangur.





| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | **100** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362673,1 N 401739,2 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | Kartöflugeymsla | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
3 x 4 m stór og 0,5 m djúp. Ranni liggur út úr dældinni til NNV.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Bjarni F. Einarsson |
| *Filma nr./teg. myndar* | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **101** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362695,3 N 401751,8 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**

3 x 4 m stór og 0,5 m djúp. Op er á dældinni mót suðri.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, vinnslutillaga

## Auglýsingar um forkynningu




# Fylgiskjal 14

# FORVAL

## Húsnæði fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila

Ríkiskaup f.h. Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna óska eftir þátttakendum í forvali á arkitektahönnun vegna byggingar húsnæðis fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu (HVH) að Kleppsgörðum 2.

**Þeir aðilar sem verkefnið nær yfir eru:**
- Landhelgisgæslan (LHG)
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH)
- Neyðarlínan (112)
- Ríkislögreglustjóri (RLS)
- Tollgæslan
- Landsbjörg
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) – skrifstofur

Forvalið er opið öllum hæfum þátttakendum. Að loknu forvali mun verkkaupi velja fimm fyrirtæki úr hópi hæfra þátttakenda til þátttöku í lokuðu samkeppnisútboði.

Þau sem boðið verður að taka þátt í lokaða samkeppnisútboðinu fara í gegnum þrjú þrep. Í fyrsta þrepi skila allir þátttakendur inn hönnunartillögum. Matsnefnd velur tvær tillögur til áframhaldandi þátttöku. Í þrepi tvö uppfæra þátttakendur tillögur sínar eftir notendasamráð og umsögn matsnefndar ásamt ábendingum frá verktaka-verkfræðingateymum um hvað betur mætti fara m.t.t. kostnaðar og framkvæmda. Að loknu þrepi tvö velur matsnefnd vinningstillögu á grundvelli 70% vægis tillögu og 30% vægis tilboðs í arkitektahönnunina. Í þrepi þrjú hefst forhönnunin. Að því loknu fer fram gerð aðaluppdrátta og svo verkhönnun.

**Verkefnið:**
Ákveðið hefur verið að byggja nýjar höfuðstöðvar fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðið þarf að taka tillit til fjölmargra verkefna aðila og breytilegrar starfsemi þeirra. Niðurstaða þarfagreiningar verkefnisins gaf til kynna að aðstöðuþörf væri rúmlega 26.000 m². Er þá miðað við verkefnamiðað vinnuumhverfi sem skapar sveigjanleika til komandi framtíðar. Í húsnæðinu verður sameiginleg björgunarmiðstöð, kennslusetur, matstofa, æfingsvæði og fleira.

**Forsendur verkefnisins eru eftirfarandi:**
- Viðbragðs- og þjónustustig löggæslu og viðbragðsaðila við almenning verði eflt
- Húsnæðis- og aðstöðumál aðilanna leyst með hagkvæmum hætti
- Byggt verður yfir verkefni, ekki aðila
- Samvinna, samþætting, samlegð og þekkingarmiðlun milli aðila eflist
- Verkefnamiðað vinnuumhverfi (VMV)
- Sveigjanlegt húsnæði og aðstaða

Útboð á síðari stigum verða lokuð öðrum en þeim sem tekið hafa þátt í forvalinu og uppfyllt allar kröfur þess.
Haldin verður kynning fyrir væntanlega þátttakendur á Teams 6. desember kl. 13:00.

Allar nánari upplýsingar um ferlið og útboðsskilmála er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/ , útboðsnúmer 21730.

Óski þátttakendur frekari upplýsinga má senda fyrirspurn í útboðskerfinu.

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

**Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.**

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 forkynning á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Breytingar á aðalskipulagi eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í tillögunni að aðalskipulagsbreytingu er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut" á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður.

**Fimmtudaginn 8. desember 2022 milli 15:00-17:00 verður opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem ofangreind tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf verður kynnt þeim sem þess óska.**

Tillagan er aðgengileg á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 á opnunartíma. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn **11. janúar 2023.**

*Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.*

Kópavogsbær
kopavogur.is

Þingeyjarsveit

## Auglýsing um deiliskipulag Fjósatungu í Fnjóskadal

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi hluta jarðarinnar Fjósatungu í Fnjóskadal eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka 44 lóðir fyrir frístundahús á um 38 ha svæði.

Tillagan að breytingu mun liggja frammi á skrifstofum Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum og Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með mánudeginum 5. des 2022 með athugasemdarfresti til og með þriðjudeginum 17. janúar 2023. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar undir skipulagsmál.
Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið atli@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

***Atli Steinn Sveinbjörnsson***
***Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar***

# FORVAL

RARIK óskar eftir jarðvinnuverktökum í forval:

**RARIK 22046**
**Forval fyrir strenglagnir 2023**

Gögn er hægt að sækja án greiðslu á vef RARIK www.rarik.is/forval

Skila þarf umbeðnum upplýsingum til Verkís á netfangið jo@verkis.is fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 20. desember 2022.

RARIK

RARIK ohf. • www.rarik.is/forval

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is




- **Leita að einbýli** í 200 Kópavogi (Tún – Grundir – Hólmi)
- Kostur ef hægt er að gera **aukaíbúð** á jarðhæð
- Einnig þurfa **5 herbergi** að vera í heildina



**Jórunn**
**Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is

**MIKLABORG** 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is



Staða: Innsend

Útgáfud.: 5. desember 2022

**Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.**

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 forkynning á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Breytingar á aðalskipulagi eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í tillögunni að aðalskipulagsbreytingu er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut" á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður.

**Fimmtudaginn 8. desember 2022 milli 15:00-17:00 verður opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem ofangreind tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf verður kynnt þeim sem þess óska.**

Tillagan er aðgengileg á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 á opnunartíma. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn **11. janúar 2023**.

Skipulagsfulltrúi Kópavogs.

( A

Loka glugga

**Vefsíða Kópavogs, 2. desember 2022.**

**Auglýsing og gögn um forkynningu** sjá bls. 4 og 5 – Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

Frétt um samráð (sjá frétt á næstu blaðsíðu)

Tilkynning um opið hús (sjá tilkynningu á bls. 3)



# Breytingar á skipulagi í Vatnsendahvarfi í kjölfar samráðs

Hlusta
Google translate

02.12.2022 | Fréttir



*Frá samráði við börn í skipulagsvinnu fyrir nýtt hverfi í Kópavogi.*

Gert er ráð fyrir samreknum leik- og grunnskóla fyrir fyrsta skólastigið miðsvæðis í nýju hverfi í Vatnsendahvarfi.

Nýtt hverfi í Vatnsendahvarf afmarkast af Kórahverfi, Hvörfunum í Vatnsenda og fyrirhuguðum Arnarnesvegi. Þar er áformað að rísi íbúðabyggð með um 500 íbúðum, bæði í sérbýli og fjölbýli. Gert er ráð fyrir góðum útivistasvæðum, hundagerði, leikskóla og verslun og þjónustu innan hverfisins.

Víðtækt samráð við íbúa Kópavogs hefur farið fram í tengslum við mótun deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf. Meðal annars var haldin kynningarfundur í félagsmiðstöð eldri borgara í Boðaþingi, vinnustofur með nemendaráðum Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla auk opinna kynningarfunda fyrir almenning. Fjölmargar góðar ábendingar og athugasemdir hafa borist á forkynningartímabilinu. Þar má m.a. nefna eindregna ósk yngri kynslóðarinnar um að fá góða sleðabrekku í hverfið og verður gert ráð fyrir henni í deiliskipulaginu.

Þá verður brugðist við ábendingum um skólamál þannig að í deiliskipulaginu verði gert ráð fyrir samreknum leik- og grunnskóla fyrir fyrsta skólastigið miðsvæðis í hverfinu og í tengslum við útivistarsvæði. Einnig verður brugðist við ábendingum um staðsetningu verslunar- og þjónustu innan hverfisins.

Gera þarf breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs svo unnt sé að koma til móts við ofangreindar ábendingar. Forkynning á þeim breytingum stendur nú yfir og verður opið hús þann 8. desember á Bæjarskrifstofum Kópavogs, Digranesvegi 1, þar sem tillögurnar verða kynntar og mögulegt verður að koma með fyrirspurnir.

Mótun deiliskipulags stendur enn yfir og ráðgert er að deiliskipulagið fari í auglýsingar- og kynningarferli í byrjun næsta árs. Þá verður haldið opið hús og breytingar tillögunni kynnt nánar. Einnig verða öll kynningargögn uppfærð á vef bæjarins og gerð aðgengileg. Athugasemdir sem berast á kynningartíma tillögunar verða notaðar til að fullmóta deiliskipulagið.

Kynningargögn vegna forkynningar á tillögu að breytingum á aðalskipulagi má finna á vef Kópavogsbæjar.

Aftur í yfirlit

Prenta
Senda frétt
Deila

Fréttasafn

2022
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2021
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2020
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2019
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2018
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2017
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2016
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2015
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2014
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2013
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2012
janúar febrúar mars
september október nóvember

kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/category/8/opid-hus-vegna-forkynningar-a-tillogu-a-vinnslustigi-ad-breytingu-a-adalskipulagi-i-vatnsendahvarfi

Kópavogsbær

441 0000 Opnunar-

ÍBÚAR STJÓRNSÝSLA MANNLÍF ÞJÓNUSTUGÁTT ÁBENDINGAR

Forsíða / Fréttir & tilkynningar / Opið hús vegna forkynningar á tillögu á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi í Vatnsendahvarfi

# Opið hús vegna forkynningar á tillögu á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi í Vatnsendahvarfi

Hlusta

Google translate

02.12.2022 | Tilkynningar

**Fimmtudaginn 8. desember 2022 milli 15:00-17:00 verður opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem ofangreind tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf verður kynnt þeim sem þess óska.**

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 forkynning á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Kynningargögn má nálgast á vefsíðu bæjarins og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudag til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 13:00. ÍBÚAR-Skipulagsmál-Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn **11. janúar 2023**

Aftur í yfirlit

Prenta

Senda frétt

Deila

Fréttasafn

2022
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2021
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2020
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember
2019
janúar febrúar mars apríl maí
júní júlí ágúst september
október nóvember desember



kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu

Kópavogsbær

441 0000 Opnunar- og símatímar ÍSL

ÍBÚAR STJÓRNSÝSLA MANNLÍF ÞJÓNUSTUGÁTT ÁBENDINGAR

Forsíða / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

# Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu

Hlusta

| Titill | Gerð kynninga | Dagsetning frá og til |
|---|---|---|
| Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi. | Breyting á aðalskipulagi | 2. desember til 11. janúar 2023. |
| Baugakór 10 | Breytt deiliskipulag. | 30. nóvember til 6. janúar 2023. |
| 3. áfangi Arnarnesvegar frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut. | Framkvæmdaleyfi. | |
| Álfhólsvegur 29. | Kynning á byggingarleyfisumsókn. | 15. nóvember til 16. desember 2022. |



kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/vatnsendahvarf-breyting-a-adalskipulagi-kopavogs-2019-2040-forkynning-tillogu-a-vinnslustigi

Kópavogsbær

441 0000 Opnunar- og símatímar ÍSL

ÍBÚAR STJÓRNSÝSLA MANNLÍF ÞJÓNUSTUGÁTT ÁBENDINGAR

Forsíða / Íbúar / Skipulagsmál / Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu / Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.

# Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.

Hlusta

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 forkynning á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Breytingar á aðalskipulagi eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í tillögunni að aðalskipulagsbreytingu er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður.

**Fimmtudaginn 8. desember 2022 milli 15:00-17:00 verður opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem ofangreind tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf verður kynnt þeim sem þess óska.**

Tillagan er aðgengileg á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 á opnunartíma. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn **11. janúar 2023.**

Skipulagsfulltrúi Kópavogs.

Vatnsendahvarf. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Forkynning tillögu á vinnslustigi.

Tímabil

2. desember til 11. janúar 2023.

Tengd skjöl

- Vatnsendahvarf, forkynning á tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Á vinnslustigi.
- Samráðsáætlun deiliskipulags
- Fornleifaskráning Vatnsendahvarf
- Fskj-1. Umhverfismat
- Fskj-2. Breyting á tengibraut
- Fskj-3. Mat á þjónustu
- Minnisblað menntasviðs, fjölgun nemenda
- Um samráð við gerð deiskipulags

HEIM

# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, vinnslutillaga

Opið hús 8. desember 2022




# Fylgiskjal 15

## Vatnsendahvarf. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi
## Vinnslutillaga í forkynningu
## Opið hús bæjarskrifstofum Kópavogs 8 desember 2022. apríl kl. 15-17

Tilefni: Opið hús á forkynningartímabili. Auglýst í Fréttablaðinu á vefsíðu Kópavogs - frétt um verkefnið og tilkynning um opið hús. Einnig var sendur tölvupóstur til íbúa sem hafa verið í samráðshópi vegna samráðs í vinnu við mótun/úrvinnslu deiliskipulags. Fulltrúar úr ráðgjafahópi verkefnisins voru á staðnum og starfsmenn Kópavogsbæjar.

**Þátttakendur:**

Hjördís Ýr Johnsen formaður skipulagsráðs
Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi
Bergljót Sigríður Einarsdóttir skipulagsdeild
Kristjana H. Kristjánsdóttir skipulagsdeild
Stefán L. Stefánsson deildarstjóri framkvæmdadeildar
Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs
Jóhanna Helgadóttir Arkþing - deiliskipulag

Orri Gunnarsson VSÓ ráðgjöf - umferð
Hrafnhildur Brynjólfsdóttir Efla – umhverfismat áætlana

### Opið hús

Lögð voru fram gögn til kynningar/upplýsinga og umræðu á fundinum. Auglýst gögn tillögu að breytingu á aðalskipulagi lágu frammi. Uppdrættir voru einnig prentaðir út á A3 og tímaáætlun verkefnis.

Auk þess uppdráttur deiliskipulags í vinnslu sem sýndi auglýsta tillögu að deiliskipulagi á vinnslustigi og breytta tillögu í kjölfar samráðs.

Þátttökulisti var lagður fram og voru fjórir íbúar skráðir í lokin. Auk þess komu einn til tveir íbúar í viðbót sem ekki skráðu sig – og annað starfsfólk Kópavogsbæjar.




VATNSENDAHVARF - DEILISKIPULAG TILLAGA UPPFÆRÐ EFTIR FORKYNNINGU - Í VINNSLU
Tillaga til forkynningar apríl 2022
BREIÐHOLT VETRARGARÐUR REYKJAVÍK
VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
NÝR ARNARNESVEGUR
TURNAHVARF
LEIKSKÓLI
ÚTSÝNISREITUR
MINJAR
HUNDAGERÐI
ÁLFKONUHVARF
KLEIFAKÓR
VATNSENDAVEGUR
Tillaga í vinnslu desember 2022
VISTLOK
TURNAHVARF
NÝR ARNARNESVEGUR
VISTLOK
LEIK- OG GRUNNSKÓLI
MINJAR
ÚTSÝNISREITUR
HUNDAGERÐI
KVÖÐ UM ATVINNUSTARFSEMI Á JARÐHÆÐ
ÁLFKONUHVARF
KLEIFAKÓR
VATNSENDAVEGUR
Helstu breytingar eftir forkynningu:
• Ný byggð færð fjær núverandi byggð við Klettakór og lækkuð að hluta og raðhúsum breytt í parhús.
• Staðsetning minja leiðrétt sbr. ábendingu frá Minjastofnun.
• Skilmálar um blátoppu í greinargerð.
• Bætt við samþættum leik- og grunnskóla.
• Bætt við sambýli.
• Reitur fyrir verslun og þjónustu felldur niður og bætt við kvöð um verslun/þjónustu miðsvæðis í íbúðahverfi.
• Afmörkun á grænum greira breytt til samræmis við nærliggjandi stígakerfi.
nordic





# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, vinnslutillaga

## Umsagnir, ábendingar og athugasemdir




# Fylgiskjal 16

Skipulags- og
byggingarfulltrúi

ÖLFUS

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 olfus.is

Skipulagsfulltúi
v/ Bergljót Einarsdóttir
Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Þorlákshöfn, 8. desember 2022
Málsnúmer: 2212005 GJ
Kt. umsk. 7001693759

Á 42. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 7.12.2022 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

**Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Kópavogsbæjar**

*Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar óskar eftir umsögn um breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar vegna svæðis við Vatnsendahæð.*
*Svæðið er hvergi nærri landamerkjum Kópavogsbæjar og breytingin virðist ekki snerta sveitarfélagið Ölfus.*

*Sveitarfélagið Ölfus gerir ekki athugasemd við þá breytingu sem fyrirhuguð er á aðalskipulagi Kópavogs.*

*Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Ölfuss og verður þér gert viðvart fari afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér kemur fram.*

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar

Gunnlaugur Jónasson
skipulagsfulltrúi Ölfuss

# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs

## Tillaga að breytingu febrúar 2023 ásamt fylgigögnum




# Fylgiskjal 17

# Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

*Breyting á aðalskipulagi*

*Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð*

TILLAGA

## Greinargerð og uppdrættir

Málsmeðferð aðalskipulagsbreytingar samkvæmt

30. gr., 31. gr. og 32. gr.  skipulagslaga nr. 123/2010

Kynning samkvæmt 3. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. sömu laga

Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs auglýst samtímis
samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sömu laga

Breyting nr. 2

Tillaga, febrúar 2023

málsnr. ONE 2208338

Skipulagsdeild

Umhverfissvið

Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs er/var auglýst um leið og tillaga þessi að breytingu á aðalskipulagi með vísan til 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 /2010.

**Samþykktar- og staðfestingarferli**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs þann ____________ 20__.

______________________________________________________

var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann ____________ 20__.

______________________________________________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr.skipulagslaga nr. 123/2010 þann____________20__.

______________________________________________________

Tillaga þessi að aðalskipulagsbreytingu sett fram í greinargerð þessari, A4. Uppdrættir fyrir og eftir breytingu eru í greinargerðinni.

TILLAGA

# Efnisyfirlit

1 Inngangur ....................................................................................... 2
2 Forsendur ....................................................................................... 2
2.1 Breyting og aðdragandi breytingar ....................................................................................... 2
2.2 Deiliskipulag Vatnsendahvarfs, tillaga ....................................................................................... 3
2.3 Staðhættir ....................................................................................... 5
3 Gildandi skipulag og tengsl við aðrar áætlanir. ....................................................................................... 5
3.1.a Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040 ....................................................................................... 5
3.1.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 ....................................................................................... 6
4 Breytingar ....................................................................................... 7
4.1 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar ....................................................................................... 7
4.1.a Markmið, breyting, umhverfismatsskýrsla, heimsmarkmið SÞ ....................................................................................... 7
4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti ....................................................................................... 7
4.1.c Tillaga að breytingum í greinargerð ....................................................................................... 9
5 Umhverfisáhrif áætlunar ....................................................................................... 12
5.1 Samantekt umhverfismatsskýrslu ....................................................................................... 12
6 Ferill máls, kynning, samráð, málsmeðferð ....................................................................................... 13
6.1 Ferill máls -Aðdragandi, lýsing skipulagsverkefnis, forkynning tillögu, kynning tillögu ....................................................................................... 13
6.1.a Aðdragandi. Tillaga að deiliskipulagi – forkynning, samráð – úrvinnsla ....................................................................................... 13
6.1.b Lýsing skipulagsverkefnis – tillaga að breytingu á aðalskipulagi - kynning ....................................................................................... 13
6.1.c Tillaga að breytingu á aðalskipulagi á vinnslustigi - forkynning ....................................................................................... 14
6.1.d Tillaga þessi að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi ....................................................................................... 14
6.2 Auglýsing, kynning – tillögur auglýstar samtímis ....................................................................................... 14
6.3 Umsagnar- og hagsmunaaðilar ....................................................................................... 15
6.4 Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun ....................................................................................... 16
7 Heimildir ....................................................................................... 17
Fylgiskjal 1: Umhverfismatsskýrsla. Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og Vatnsendahvarf-deiliskipulag. Dags. 24. janúar 2023. ....................................................................................... 18
Fylgiskjal 2: Minnisblað. Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi, dags. 15.11.2022. ....................................................................................... 18
Fylgiskjal 3: Minnisblað. Vatnsendahvarf. Mat á þjónusturýmd, dags. 4.11.2022. ....................................................................................... 18

TILLAGA

# 1 Inngangur

Hér er lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð. Um er að ræða 2. breytingu frá staðfestingu aðalskipulagsins 28. desember 2021. Tilgangur breytingar á aðalskipulagi er að samræma stefnu í aðalskipulagi við þá útfærslu byggðar sem unnið er að í deiliskipulagi m.a. í kjölfar forkynningar og samráðs og uppfæra aðalskipulagið m.t.t. nýrra upplýsinga um fornminjar og gróðurfar. Sjá nánar kafla *2.1 Breyting og aðdragandi breytingar*.

Tillaga að breytingum á aðalskipulagi er hér lögð fram til kynningar samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni athugun Skipulagsstofnunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

# 2 Forsendur

## 2.1 Breyting og aðdragandi breytingar

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er sett stefna um uppbygginguu nýs íbúðarsvæðis í Vatnsendahvarfi á Vatnsendahæð samanber m.a. mynd 4 í kafla *3.1.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040* aftar í greinargerð þessari.

Í samræmi við þá stefnu hefur verið unnið að deiliskipulagi fyrir svæðið og var deiliskipulagstillaga á vinnslustigi (drög) forkynnt vorið 2022. Á kynningartíma komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögunnar.

Tillögur að breytingum deiliskipulagsins – að lokinni forkynningu með vísan til ábendinga - kalla á að breyta þarf gildandi aðalskipulagi - breyta afmörkun íbúðarsvæða, opinna svæða, samfélagsþjónustusvæði o.fl. Áætlað er að færa og stækka opið svæði í gegnum byggðina til að gefa tækifæri á fjölbreyttari útivistarmöguleikum. Þá er æskilegt að færa opna svæðið norðar þar sem það mætir Arnarnesvegi í samræmi við áætlaða legu stíga á vistloki/brú yfir veginn til að skapa betri göngu- og hjólatengingar.

Hér með er í greinargerð þessari er lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi – til kynningar. Sjá tillögu að breytingu á mynd 5 í kafla *4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti*. Sjá jafnframt skýringarmyndir (myndir 1 og 2) sem sýna annars vegar deiliskipulagstillögu á vinnslustigi, drög (mynd 1) sem forkynnt var vorið 2022 og hins vegar sömu tillögu uppfærða/breytta (mynd 2) í kjölfar forkynningar og samráðs.

Í aðalskipulagi (gildandi þ.e. fyrir breytingu þessa) er gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu til norðurs við Arnarnesveg í útjaðri íbúðarsvæðisins. Í kynningarferli deiliskipulagsins komu fram ábendingar um að betra aðgengi væri fyrir íbúa í hverfinu ef þjónustan væri í því miðju og er nú unnið með þá útfærslu í deiliskipulags-tillögu. Því er ekki lengur gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu í jaðri íbúðarsvæðisins en þess í stað er gert ráð fyrir verslun og þjónustu inni í miðju hverfinu og settir skilmálar þar um, sjá kafla *4.1.c.*

Innan nýja hverfisins er gert ráð fyrir að Kambavegur verði safngata og tengi hverfið við íbúðarsvæðið í Kórum um Kóraveg og Kambaveg og athafnasvæðið í Hvörfum. Í tillögu þessari að breytingu er lagt til að skilgreiningin tengibraut á hluta Kambavegar (og Kóravegar) að og frá hverfinu verð felld niður þ.e. gatan verði ekki skilgreind sem tengibraut.

Búið er að skoða náttúrufar á svæðinu og úttektin leiddi í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Brugðist er við þessum nýju upplýsingum og settir skilmálar, sjá kafla *4.1.c.*

Við minjaskráningu í tengslum við deiliskipulagið kom í ljós að staðsetning friðaðra minja í aðalskipulaginu var ónákvæm. Því þarf að leiðrétta staðsetningu minjanna á aðalskipulagsuppdrætti. Fyrir liggur ,,Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi, 2022. Bjarni F. Einarsson.“

Í tengslum við síðustu endurskoðun aðalskipulags Kópavogs fjölluðu Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd um varðveislu á húsi Útvarpsstöðvar Íslands sem reist var á Vatnsendahæð árið 1929. Mælt er með í aðalskipulaginu að húsið verði varðveitt (kafli 4.1.9 Minjavernd í gildandi aðalskipulagi) en tilmæli um verndun náðu einkum til ytra borðs eldri hluta hússins. Minjastofnun benti þá á að sjá mætti fyrir sér að húsið fengi nýtt hlutverk í deiliskipulagi og að húsið hefði listrænt gildi sem eitt af verkum Guðjóns Samúelssonar fyrrum húsameistara ríkisins. Frá því að aðalskipulagið var staðfest hafa komið fram nýjar upplýsingar. Í ljós hefur komið að húsið er að öllum líkindum gert skv. teikningu danskra arkitekta og hliðstæðar byggingar eru til í Danmörku. Þá reyndist húsið við nánari skoðun að heita má ónýtt og undirlagt af myglu. Í kjölfar þessara upplýsinga var veitt heimild fyrir því að húsið yrði rifið. Í ljósi þessa breytta varðveislugildis er ástæða til að taka út úr aðalskipulagi ákvæði um íbúðarhverfið (ÍB-6) þar sem segir að Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd vilji benda á mikilvægi þess að varðveita húsið. Í ljósi sögu á svæði Útvarps-stöðvarinnar eru settir skilmálar um að þar verði útsýnis- og upplýsingastaður, sjá *kafla 4.1.c.*

## 2.2 Deiliskipulag Vatnsendahvarfs, tillaga

**Vor 2022. Forkynning deiliskipulags á vinnslustigi – kynnt vor 2022**

Í mars-apríl 2022 (10. mars til 22. apríl 2022) var tillaga að deiliskipulagi í Vatnsendahvarfi til forkynningar. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Í tillögunni er unnið með nýtt íbúðarhverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Gert er ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara.

Á **mynd 1** er skýringarmynd af deiliskipulagstillögu á vinnslustigi þegar tillagan var forkynnt vor 2022.

Á næstu blaðsíðu á mynd 2 má sjá tillögu að deiliskipulagi (skýringarmynd) eins og hún er auglýst í dag (febrúar 2023). Breytingar á deiliskipulagstillögunni kalla á breytingu á aðalskipulagi sem er til umfjöllunar í greinargerð þessari.




**Mynd 1. Tillaga (drög) að deiliskipulagi (á vinnslustigi) sem forkynnt var vorið 2022.**
Drögin/tillagan á vinnslustigi samkvæmt gildandi aðalskipulagi Kópavogs (fyrir breytingu sem kynnt er í greinargerð þessari) samanber mynd 4 í kafla *3.1.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.*

***Skýringarmynd, ekki í mælikvarða. Birt til upplýsinga.***

## Uppfærð tillaga (breytt) að deiliskipulagi í kjölfar forkynningar og samráðs deiliskipulags

**Á mynd 2** er skýringarmynd ef lokatillögu deiliskipulags þ.e. að uppfærðri (breyttri) tillögu að deiliskipulagi – í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem er til umfjöllunar í greinargerð þessari.



**Mynd 2. Uppfærð tillaga að deiliskipulagi, breytt í kjölfar forkynningar og samráðs.**
Í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem skilgeind er í kafla *4. Breytingar*. Sjá m.a. mynd 5 í kafla *4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti* og kafla *4.1.c Tillaga að breytingum í greinargerð.*

***Skýringarmynd, ekki í mælikvarða. Birt til upplýsinga.***

## 2.3 Staðhættir

Svæðið sem fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi nær til er í Vatnsendahvarfi á Vatnsendahæð en íbúðarhverfið liggur að fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs (á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur), að íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (S-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Auk breytinga á umræddu svæði er gert ráð fyrir að skilgreining á tengibraut á Kambavegi að og frá hverfinu á tveimur stöðum verði felld niður.




**Mynd 3. Fyrirhugað nýtt íbúðarhverfi í Vatnsendahvarfi á Vatnsendahæð er afmarkað með hvítri punktalínu, loftmynd úr LUKK.** Skýringarmynd, ekki í mælikvarða.

Vatnsendahvarf liggur hæst í um 148 m.y.s. og liggur hærra í landinu en aðliggjandi svæði. Á hæðinni hefur verið útvarpssendistöð umkringd fjarskiptamöstrum en svæðið er að öðru leyti óbyggt. Aðliggjandi byggð hefur byggst upp á síðastliðnum tveimur áratugum. Á stórum hluta svæðisins eru ríkjandi landgerðir alaskalúpína, skógarkerfill, tún eða annað manngert land. Alaskalúpínan er ríkjandi á svæðinu en inn á milli eru misstórir mólendisblettir. Í úttekt Náttúrufræðistofnunar sem unnin var fyrir deiliskipulagsgerð á svæðinu kom í ljós að fjöldi æðplantna er á svæðinu og þar af ein grastegund, blátoppa, sem er á válista Náttúrufræðistofnunar sem tegund í nokkurri hættu og nú friðuð.

# 3 Gildandi skipulag og tengsl við aðrar áætlanir.

## 3.1.a Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Breytingar á afmörkun landnotkunarreita í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf á Vatnsendahæð eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með því að styðja við:

- Aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum, bæði innan hverfis og með góðum stígatengingum.
- Markmið um nærþjónustu í göngufæri með möguleika á verslun og þjónustu í miðju íbúðarhverfisins.
- Markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

Umhverfisáhrif uppbyggingar íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi voru metin í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og voru þar metin neikvæð áhrif af uppbyggingu íbúðasvæðisins á andrúmsloft. Bent var á að uppbygging í útjaðri byggðar gæti haft neikvæð áhrif þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði gætu valdið meiri notum á einkabílnum, sem vinnur á móti markmiðum svæðisskipulagsins um að meginþunga vaxtar sé beint á miðkjarna og önnur þróunarsvæði. Í umhverfisskýrslu sem fylgdi aðalskipulaginu (k. *9.5.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð*) er einnig bent á að uppbygging almenningssamgöngukerfisins og stígakerfis og efling atvinnusvæða í Hvörfum gæti dregið úr þessum áhrifum. Þrátt fyrir að Vatnsendahvarf sé utan þessara vaxtarsvæða þá er uppbyggingarsvæðið engu að síður mikilvægt þéttingarsvæði innan núverandi byggðar sem nýtir vel núverandi innviði, er staðsett nálægt atvinnukjarna sem byggst hefur upp í Hvörfum, auk þess sem stutt er í tengingu inn á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Þá er svæðið (uppbyggingin) innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins og styður við markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

### 3.1.b Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Samkvæmt meginmarkmiðum aðalskipulagsins skal stuðla að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Breyting á landnotkunarreitum í aðalskipulagi styður við markmið aðalskipulagsins (kafli 2.1.1.1) um þéttingu byggðar með fjölbreyttu framboði af húsnæði, aðgengi að útivistarsvæðum og möguleika á þjónustu innan hverfis, sem og greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Á mynd 4 hér fyrir neðan má sjá hluta af þéttbýlisuppdrætti gildandi aðalskipulags Kópavogs (fyrir breytingu sem kynnt er í greinargerð þessari). Tillögu að breytingu á aðalskipulagi er lýst í kafla *4.1.a, 4.1.b* og *4.1.c*




[1] Staðsetning á táknum er til hliðsjónar.
[2] Heimilt er að gera ráð fyrir undirgöngum á fleiri stöðum en sýndir eru á uppdrætti enda sé tilgangur að auka umferðaröryggi.
[3] Staðsetning tákns fyrir stíg á uppdrætti (punktalína), meðfram stofn- og tengibrautum og öðrum götum er ekki ráðandi um hvoru megin götu stígur liggur.

**Mynd 4. Hluti af þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, mælikvarði 1:10.000.**

**Gildandi aðalskipulag Kópavogs FYRIR BREYTINGU.**

# 4 Breytingar

## 4.1 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar

### 4.1.a Markmið, breyting, umhverfismatsskýrsla, heimsmarkmið SÞ

Meginmarkmið breytingar er að styrkja og bæta íbúðarbyggð í Vatnsendahvarfi /Vatnsendahæð. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi felst í að samhæfa/aðlaga aðalskipulag að tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf í kjölfar samráðs á forkynningarstigi. Sjá einnig m.a. kafla *2 Forsendur, kafla 2.1 og 2.2* og kafla *6.5 Ferill máls*.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar (sjá *Fylgiskjal 1*, kafla *3 Tengsl við aðrar áætlanir*) kemur m.a. fram að tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi eru í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs. Við samanburð á valkostum um þróun byggðar innan hverfisins var í öllum tilvikum teknar ákvarðanir sem höfðu jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði. Sjá kafla *5. Umhverfisáhrif áætlunar og 5.1 Samantekt umhverfismatsskýrslu* og *fylgiskjal 1: Umhverfismatsskýrsla. Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Dags. 24.01.2023.*

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu aðalskipulagsins. Við breytingu á aðalskipulagi og mótun nýs deiliskipulags hefur verið litið til markmiða aðalskipulagsins sem voru mótuð með sterkri tengingu við heimsmarkmiðin.

### 4.1.b Landnotkun, tillaga að breytingu á þéttbýlisuppdrætti

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, mynd 5, nær yfir svæðin ÍB-6, S-27 og S-67, VÞ-20, OP-5.13 og MV-9. Breytingar eru í samræmi við deiliskipulagstillögu sem auglýst er samtímis tillögu þessari. Breytingar eru í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Göngu- og hjólaleiðir eru uppfærðar. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi (og hluta Kóravegar) að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Sjá einnig kafla *4.1.a* hér að framan.

Nánar tiltekið eru breytingar á þéttbýlisuppdrætti þessar:

- Verslunar- og þjónustureitur VÞ-20 fellur niður og svæðið verður hluti af ÍB-6
    - samkvæmt breytingartillögu þessari eru skilmálar um verslun og þjónustu í töflu ÍB-6 í kafla 4.1.c
- Samfélagsreitir S-27 og S-67 efst á hæðinni eru sameinaðir og stækkaðir og fá auðkennið S-27
- Samfélagsreitur S-67 sunnan til á svæðinu er óbreyttur
- Opið svæði OP-5.13 stækkar/breikkar og er aðlagað að stígatengingum yfir nýjan Arnanesveg
- Lögun íbúðarsvæðis ÍB-6 breytist
- Lega göngu- og/eða hjólaleiðar breytist í samræmi við legu opins svæðis
- Staðsetning á minjaverndarsvæði MV- 9 lagfærð

- Skilgreiningin „tengibraut“ á hluta Kambavegar og Kóravegar að hverfinu og Kambavegar frá hverfinu (ÍB-6) þ.e. frá Vatnsendavegi felld niður á tveimur stöðum

TILLAGA




## Skýringar

- Athafnasvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði
- Samfélagsþjónusta
- Strandsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Vegir, götur og stígar
- Verslun og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði

Önnur tákn[1], verndarsvæði

- Hverfisvernd
- Minjavernd MV-9
- Göngu og/eða hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Borgarlína
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Göngubrú / Undirgöng
- Vaxtarmörk
- L Leiksvæði

[1] Staðsetning á táknum er til hliðsjónar.
[2] Heimilt er að gera ráð fyrir undirgöngum á fleiri stöðum en sýndir eru á uppdrætti enda sé tilgangur að auka umferðaröryggi.
[3] Staðsetning tákns fyrir stíg á uppdrætti (punktalína), meðfram stofn- og tengibrautum og öðrum götum er ekki ráðandi um hvoru megin götu stígur liggur.

**Mynd 5. Hluti af þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040, mælikvarði 1:10.000.**

**TILLAGA AÐ BREYTINGU, haust 2022, breyttur uppdráttur febrúar 2023.**

## 4.1.c Tillaga að breytingum í greinargerð

Breytingar á greinargerð eru þessar:

- Íbúðarsvæði, ÍB-6, uppfærðir skilmálar fyrir útvarpshúsið, verslunar- og þjónustustarfsemi, leik- og grunnskóla, fjarskipti o.fl.
- Leikskólar, S-27, breyting á skilmálum fyrir leikskóla eða samþættan leik- og grunnskóla
- Skólar, kirkjur, félög/samfélagsþjónusta, S-67, skilmálar gilda nú fyrir einn reit en ekki tvo
- Verslunar- og þjónustusvæði VÞ-20 fellt út
- Opin svæði, OP-5.13, skilmálum bætt við um hundagerði, fjarskipti, dvalar- og leiksvæði og útsýnis- og upplýsingastað

- Fornleifar. Útlínur skráðra fornleifa sem hafa verið mældar skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þ.e. þess svæðis sem er deiliskipulagt.

### Íbúðarsvæði

*Reitur ÍB-6*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu**. Sá texti sem er grálitaður fellur út. **Nýr texti er feitletraður.**
Hluti af töflu 2-9. Yfirlit yfir íbúðarsvæði í Kópavogi.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| ÍB-6 | Vatnsendi<br>Vatnsendahvarf<br>(Vatnsendahæð) | Í Vatnsendahvarfi (á Vatnsendahæð) er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi, ÍB-6 með blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Í hverfinu eða við það er gert ráð fyrir svæðum fyrir samfélagsþjónustu, S-67 og S27, litlu verslunar- og þjónustusvæði, VÞ-20 og opnu svæði, OP-16.<br>Á svæði ÍB-16 er gert ráð fyrir :<br>-Samtals um 500 íbúðum í hverfinu öllu. Þar af verði um 300 byggðar (eða bygging hafin) árið 2030.<br>- Blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa.<br>- Að fjölbýli verði á um 3 hæðum auk kjallara.<br>- Einbýli-, rað- og parhús verði á 1 til 2 hæðum auk kjallara.<br>- Hlutfall íbúða í fjölbýli er áætlað um 60-70% og<br>- Hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40%<br>- Bent er á að austarlega á svæðinu er rúst sem skráð er í Fornleifaskrá Kópavogs, merkt MV-9 á þéttbýlisuppdrætti.<br>Á Vatnsendahæðinni er gamla Útvarpsstöðin á Vatnsenda en Minjastofnun Íslands og Húsafriðunarnefnd hafa fjallað um sögulegt gildi byggingarinnar (haust 2020) og vilja benda á mikilvægi þess að varðveita húsið.<br>Áætlað er að börn hverfisins geti sótt skóla m.a. í Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla og/eða í fyrirhuguðum skóla í Vatnsendahlíð.<br>Náttúrufar á þessum svæðum hefur lítið verndargildi en bent er á að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda komi.<br>Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3. Áætlun um uppbyggingu íbúða.<br>Stærð heildarsvæðis um 24 ha. |

Skipulagsákvæði í töflu 2-9 **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður**.

| Nr. | Heiti. | Lýsing |
|---|---|---|
| ÍB-6 | | Í Vatnsendahvarfi (á Vatnsendahæð) er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi, ÍB-6 með blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. |

TILLAGA

| | | |
|---|---|---|
| | | Á svæði ÍB-16 er gert ráð fyrir :<br><br>-Samtals um 500 íbúðum í hverfinu öllu. Þar af verði um 300 byggðar (eða bygging hafin) árið 2030 **og/eða allt hverfið uppbyggt á þeim tíma.**<br><br>- Blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa.<br><br>- Að fjölbýli verði á um 3 hæðum auk kjallara.<br><br>- Einbýli-, rað- og parhús verði á 1 til 2 hæðum auk kjallara.<br><br>- Hlutfall íbúða í fjölbýli er áætlað um 60-70% og<br><br>- Hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40%<br><br>**- Gera skal ráð fyrir sambýli. Það skal útfæra nánar í deiliskipulagi.**<br><br>- Bent er á að austarlega á svæðinu er rúst sem skráð er í Fornleifaskrá Kópavogs, merkt MV-9 á þéttbýlisuppdrætti. **Staðsetning hefur verið lagfærð á uppdrætti.**<br><br>**Á Vatnsendahæðinni stóð gamla Útvarpsstöðin á Vatnsenda. Þar er nú gert ráð fyrir útsýnis- og upplýsingareit. Útfærist nánar í deiliskipulagi.**<br><br>**Fornleifar. Útlínur skráðra fornleifa sem hafa verið mældar skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þ.e. þess svæðis sem er deiliskipulagt.**<br><br>**Gera skal ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi miðju hverfisins, á lóðum við græna geirann sunnan við skólann. Um þessar lóðir skal setja skilmála í deiliskipulagi.**<br><br>**Um leik- og grunnskóla, sjá umfjöllun um S-27 í töflu 6-2. Yfirliti yfir leikskóla.**<br><br>**Á svæðinu hefur blátoppa fundist sem er grastegund á válista Náttúrufræði-stofnunar sem tegund í nokkurri hættu. Hún er nú friðuð skv. auglýsingu nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Unnið skal að verndun/varðveislu blátoppu samkvæmt tillögu Kópavogsbæjar með vísan til ábendinga Náttúrufræði-stofnunar Íslands. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi. Úttekt á fuglalífi hefur leitt í ljós að það er fábreytt.**<br><br>**Huga skal að fjarskiptalausnum t.d. með mastri/möstrum á hæðinni og/eða með öðrum fjarskiptalausnum. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi.**<br><br>Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3. Áætlun um uppbyggingu íbúða.<br><br>Stærð heildarsvæðis um **23 til 24 ha.** |

## Leikskólar /grunnskólar

*Reitur S-27*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu.** Sá texti sem er grálitaður fellur út.

Hluti af töflu 6-2. Yfirlit yfir leikskóla.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-27 | Vatnsendahvarf / Vatnsendahæð | Gert er ráð fyrir leikskóla í Vatnsendahvarfi. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir möguleika á að hafa skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi, S-67.<br><br>Ákvörðun verður tekin við gerð deiliskipulags. Stærð 0,41 ha. |

Skipulagsákvæði í töflu 6-2 **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður**.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-27 | Vatnsendahvarf/ Vatnsendahæð | **Gert er ráð fyrir leikskóla eða samþættum leik- og grunnskóla fyrir yngri deildir í Vatnsendahvarfi. Auk þess er áætlað að börn hverfisins geti sótt skóla m.a. í Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla og/eða í fyrirhuguðum skóla í Vatnsendahlíð. Stærð: um 1,6 ha.** |

TILLAGA

## Skólar, kirkjur, félög/samfélagsþjónusta

*Reitur S-67*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu**. Sá texti sem er grálitaður fellur út.

Hluti af töflu 6-5. Yfirlit yfir aðra skóla, kirkjur og félög/samfélagsþjónustu.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-67 | Vatnsendahvarf/-hæð | Svæði fyrir samfélagsþjónustu s.s. skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi. Tveir reitir (svæði) koma til greina og eru báðir merktir á uppdrætti (sama númeri). Á öðrum svæðinu er jafnframt gert ráð fyrir leikskóla, S-27. Ákvörðun verður tekin við gerð deiliskipulags. Stærð 1,8 ha. |

Skipulagsákvæði í töflu 6-5 **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður**.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| S-67 | Vatnsendahvarf/-hæð | **Svæði fyrir samfélagsþjónustu, sunnan við nýtt íbúðarsvæði (ÍB-6) í Vatnsendahvarfi (á Vatnsendahæð) s.s. skóla, kirkju og/eða aðra starfsemi.** Stærð um 1,8 ha. |

## Verslunar- og þjónustusvæði

*Reitur VÞ-20.*

Skipulagsákvæði **fyrir breytingu en reiturinn er felldur út.**

Hluti af töflu 3-6. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| VÞ-20 | Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð | Nýtt verslunar- og þjónustusvæði sem tengist fyrirhugaðri íbúðarbyggð í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð. Stærð 0,45 ha. |

Skipulagsákvæði **eftir breytingu**. Sjá nýjan texta, **feitletraðan**, í töflu 2-9 um íbúðarsvæði, ÍB-6, eftir breytingu.

## Opin svæði

*Reitur OP-5.13*

Skipulagsákvæði fyrir breytingu. Sá texti sem er grálitaður er felldur út.

Hluti af töflu 4-3. Yfirlit yfir opin svæði.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| OP-5.13 | Vatnsendahvarf | Opið svæði í tengslum við nýja byggð í Vatnsendahvarfi (-hæð). Þar eru fyrirhugaðir stígar sem tengja hverfin saman. Stærð 6.39 ha. |

Skipulagsákvæði í töflu 4-3 **eftir breytingu**. Nýr texti er **feitletraður.**

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|---|---|---|
| OP-5.13 | Vatnsendahvarf | Opið svæði í tengslum við nýja byggð í Vatnsendahvarfi (-hæð). Þar eru fyrirhugaðir stígar sem tengja hverfin saman. **Gert er ráð fyrir hundagerði, útvistar- og leiksvæði, upplýsingaskilti auk útsýnisstaðar frá háholtinu þar sem gamla „útvarpshúsið" var áður. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi.**<br>**Fornleifar. Útlínur skráðra fornleifa sem hafa verið mældar skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þ.e. þess svæðis sem er deiliskipulagt.**<br>**Huga skal að fjarskiptalausnum t.d. með mastri/möstrum á hæðinni og/eða með öðrum fjarskiptalausnum. Það skal skilgreina nánar í deiliskipulagi.** |

TILLAGA

| | | |
|---|---|---|
| | | Stærð **6,7 ha**. |

# 5 Umhverfisáhrif áætlunar

Umhverfismatsskýrsla fylgir tillögu þessari að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs-/Vatnsendahæðar sem og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Umfjöllunin á við báðar tillögurnar.

Lagt er mat á umhverfisáhrif tillagnanna í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Eftirfarandi samantekt umhverfisskýrslu (í kafla *5.1*) er birt í báðum tillögunum þ.e. tillögu þessari að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Umhverfismatsskýrslan í heild sinni er í *fylgiskjali 1: Umhverfismatsskýrsla. Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og Vatnsendahvarf-deiliskipulag. Dagsett 24.01.2023.*

## 5.1 Samantekt umhverfismatsskýrslu

**Samantekt:**

Þegar á heildina er litið þá eru breytingar á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð líklegar til að hafa eftirfarandi áhrif á umhverfið:

| | |
|---|---|
| Landslag og ásýnd | Neikvæð áhrif þar sem náttúrulegt umhverfi víkur fyrir byggð. Eftir uppbyggingu mun uppbyggt svæði falla inn í umhverfi nálægrar borgarbyggðar. |
| Samfélag | Jákvæð áhrif af uppbyggingu hverfis með grænum geira, skóla, leikskóla, verslun og þjónustu, góðu stígakerfi og götum þar sem gert er ráð fyrir lágum umferðarhraða. Almennar tengingar við hverfið og gott stígakerfi vinna á móti aukinni umferðarsköpun. |
| Náttúrufar | Jákvæð áhrif á náttúrufar þar sem blátoppa, sem í dag á undir högg að sækja í vaxandi lúpínubreiðu, verður færð í öruggara umhverfi. |
| Hljóðvist og loftgæði | Jákvæð útfærsla í aðalskipulagi þar sem Kambavegur er ekki lengur áætluð sem tengibraut, sem hefur jákvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði og umferðaröryggi og útfærslu byggðar í deiliskipulagi. |
| Menningarminjar | Jákvæð áhrif á minjar, þar sem minjar sem áður voru skráðar á rangan stað, eru nú skráðar á réttum stað, auk þess sem skipulagið tekur tillit til minjanna. |
| Vatnafar | Óveruleg áhrif á vatnafar, þar sem engar ár, vötn eða sérstæð vatnakerfi eru á skipulagssvæðinu. |

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag eru í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs.

Við samanburð á valkostum um þróun byggðar innan hverfisins voru í öllum tilvikum teknar ákvarðanir sem höfðu jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

Til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á blátoppu, sem vex innan skipulagssvæðisins, var tekin ákvörðun um að varðveita gróðurtorfur frá fundarstöðum hennar og koma þeim fyrir þar sem hún getur dafnað til framtíðar innan hverfisins eða annars staðar í landi Kópavogs.

Til að draga úr áhrifum þéttara yfirborðs á ofanvatn er brugðist við í deiliskipulagi með því að setja skilmála um aðgerðir sem hægja á rennsli ofanvatns inn í lagnakerfi.

TILLAGA

# 6 Ferill máls, kynning, samráð, málsmeðferð

Forsendur fyrir uppbyggingu íbúðarhverfis í Vatnsendahvarfi/ Vatnsendahæð liggja fyrir í aðalskipulagi. Sú tillaga sem hér er kynnt felur ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á stefnu aðalskipulagsins heldur er um að ræða minni breytingar á útfærslu byggðar í hverfinu í samræmi við nýjar upplýsingar (s.s. náttúrufarsúttektar og fornleifaskráningar), umsagnir og ábendingar sem borist hafa í tengslum við forkynningu deiliskipulagstillögu.

## 6.1 Ferill máls -Aðdragandi, lýsing skipulagsverkefnis, forkynning tillögu, kynning tillögu

### 6.1.a Aðdragandi. Tillaga að deiliskipulagi – forkynning, samráð – úrvinnsla

**Febrúar-apríl 2022. Tillaga að deiliskipulagi í forkynningu.** Skipulagsráð samþykkti 28. febrúar 2022 með tilvísun í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna framlagða vinnslutillögu skv. samráðsáætlun. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn staðfesti 8. mars 2022 afgreiðslu skipulagsráðs. Tillagan var auglýst í forkynningu frá 10. mars til 22. apríl 2022. Opinn kynningarfundur var í sal Hörðuvallaskóla 7. apríl 2022 kl. 17-18. Athugasemdafrestur var til 22. apríl 2022 kl. 13. Við gerð deiliskipulags var leitað samráðs samkvæmt samráðsáætlun (uppfærð 24.02.2022). Umsagnir og ábendingar bárust sem höfðu áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögunnar. Lagðar voru til breytingar á deiliskipulagstillögunni sem kölluðu á breytingu á aðalskipulagi. Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf var unnin samkvæmt samráðsáætlun. Sjá gögn á vef Kópavogs sem kynnt voru í forkynningu deiliskipulags. https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu.

**Vor, sumar 2022. Úrvinnsla.**

**Tillaga að úrvinnslu (breytingu) á deiliskipulagstillögu í kjölfar samráðs – kallar á breytingu á aðalskipulagi.** Við gerð deiliskipulagstillögu var í fyrstu ekki reiknað með að vinna breytingu á aðalskipulagi en í tengslum við og í kjölfar forkynningar á henni (deiliskipulagstillögunni) komu fram margar góðar hugmyndir að breytingum sem talið er að hafi jákvæði áhrif - og er unnið að breytingum á deiliskipulags-tillögunni í framhaldi af þeim. Í kjölfarið varð ljóst að breyta þyrfti aðalskipulagi til að það yrði í samræmi við þær breytingar nú er lagt til að verði gerðar.

**Vor, sumar 2022. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í kjölfar samráðs á forkynningarstigi deiliskipulags.** Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er afmörkun landnotkunarreita breytt fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu - fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla. Auk þess er staðsetning minjasvæðis leiðrétt. Einnig er lagt til að skilgreiningin tengibraut á hluta Kambavegar að og frá hverfinu verði felld niður þ.e. gatan verði ekki skilgreind sem tengibraut.

### 6.1.b Lýsing skipulagsverkefnis – tillaga að breytingu á aðalskipulagi - kynning

**September 2022. Lýsing skipulagsverkefnis - tillaga að breytingu á aðalskipulagi.** Skipulagsráð Kópavogs samþykkti 19. september 2022 að framlögð skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 yrði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 27. september 2022 var lögð fram og samþykkt **lýsing skipulagsverkefnis** (skipulagslýsing) – með vísan til bókunar skipulagsráðs - varðandi fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Lýsingin var auglýst í Fréttablaðinu 1. október 2022 og á vefsíðu Kópavogs. Gögn til kynningar voru sett á vefsíðu Kópavogs undir „Íbúar/Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu“ 30. sept. 2022.

Athugasemdafrestur til fim. 27. október 2022 kl. 15. Athugasemdir og ábendingar bárust frá 15 aðilum og voru þær hafðar til hliðsjónar við úrvinnslu tillögunnar.

Óskað var eftir umsögnum umsagnaraðila (í tölvupósti 30.9.2022) í samræmi við 1. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnaraðilar voru: *Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Vegagerðin, Samgöngustofa, Isavia, Heilbrigðiseftirlit Gb., Hfj. Kóp., Mos. og Seltj., Veðurstofa Íslands, Veitur, Landsnet, Strætó, Samtök sveitarfél. á höfuðb.svæðinu (ssh), Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusvið, sveitarfélagið Ölfus, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær,*

TILLAGA

*Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir. Auk þess var sendur tölvupóstur til upplýsinga til samráðshóps vegna deiliskipulags í Vatnsendahvarfi.*

### 6.1.c Tillaga að breytingu á aðalskipulagi á vinnslustigi - forkynning

**Desember 2022, janúar 2023. Forkynning - tillaga að breytingu á aðalskipulagi.** Tillaga á vinnslustigi (forkynning í vinnslu) að breytingu á aðalskipulagi var kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísan til afgreiðslu skipulagsráðs Kópavogs 28. nóvember 2022.

Tillagan var auglýst í forkynningu 2., 3. og 5. desember 2022. Auglýsing var m.a. birt í Fréttablaðinu 3. des. 2022, 2. des. á vefsíðu Kópavogs og 5. des. í Lögbirtingablaðinu. Gögn til kynningar voru sett á vefsíðu Kópavogs 2. des. 2022 undir „Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu". Frétt var einnig birt á vefsíðu Kópavogs um ,,Breytingar á skipulagi í Vatnsendahvarfi í kjölfar samráðs".

Athugasemdafrestur var til miðv. 11. janúar 2023 eigi síðar en kl. 16:00. Eitt erindi barst - þar sem ekki var gerð athugasemd við tillöguna.

*Umsagnaraðilar. Erindi (tölvupóstur) var sent 2. des. 2022 til sveitarstjórna aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefndar svo og til Skipulagsstofnunar.*

Opið hús var fimmtudag 8. desember 2022 milli 15-17 á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem tillagan á vinnslustigi var kynnt þeim sem þess óskuðu.

16. janúar 2023 samþykkti skipulagsráð Kópavogs á grundvelli framlagðrar tillögu á vinnslustigi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð að hafin yrði vinna við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi samhliða vinnu við tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði (Vatnsendahvarf).

### 6.1.d Tillaga þessi að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi

Fyrir liggur tillaga þessi að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð ásamt umhverfisskýrslu. Eins og fram kemur hér að framan (í kafla *6.1.a* um aðdraganda) er tillagan unnin samhliða tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs þ.e. uppfærðri tillögu deiliskipulags í kjölfar forkynningar og samráðs.

Tillagan er í grundvallaratriðum eins og tillaga sem kynnt var á vinnslustigi (í forkynningu).

Sjá einnig kafla *6.1.b* um lýsingu skipulagsverkefnisins og *6.1.c* um forkynningu tillögu á vinnslustigi hér að framan.

Tillögurnar verða auglýstar samtímis sjá kafla *6.2 Auglýsing, kynning – tillögur auglýstar samtímis*.

## 6.2 Auglýsing, kynning – tillögur auglýstar samtímis

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi. Febrúar-apríl 2023. Vatnsendahvarf. Kynning - tillaga að breytingu á aðalskipulagi auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi.**

Breyting á aðalskipulagi nr.2, tillaga lögð fram í skipulagsráði Kópavogs í febrúar 2023 með vísan til 3. mgr. 30. gr. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

■ **30. gr.** *Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.*

☐ Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

☐ Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

☐ Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

■ **31. gr.** *Auglýsing aðalskipulagstillögu.*

☐ Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu [og vera aðgengileg á netinu]. [1)] … [1)]

☐ Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal

hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum. [1)]L. 111/2021, 38. gr.

Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs lögð fram í skipulagsráði Kópavogs í febrúar 2023 með vísan til 1. og 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

■ **41. gr.** *Auglýsing og samþykkt deiliskipulags.*
☐ Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags. … [1)] Ef deiliskipulagstillaga tekur til svæðis sem liggur að mörkum aðliggjandi sveitarfélags skal tillagan kynnt sveitarstjórn þess sveitarfélags.
☐ Sé tillaga að deiliskipulagi ekki í samræmi við aðalskipulag skal samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða. Að loknum auglýsingartíma getur sveitarstjórn samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.
☐ Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka tillöguna til umræðu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun. Hafi borist athugasemdir skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.
☐ Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.
[1)]L. 111/2021, 38. gr.

Tillaga að breytingum á aðalskipulagi verður auglýst að lokinni athugun Skipulagsssstofnunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. sömu laga. Eins og áður hefur komið fram þá verða báðar tillögurnar auglýstar samtímis samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 6.3 Umsagnar- og hagsmunaaðilar

Við kynningu lýsingar skipulagsverkefnisins (þessarar breytingar) var kallað eftir umsögnum frá neðangreindum hagsmunaaðilum. Sjá einnig umfjöllun í kafla ***6.1.b*** hér að framan.

Gerð er grein fyrir forkynningu tillögu þessarar að breytingu á aðalskipulagi í kafla ***6.1.c*** hér að framan.

Hér með er kynnt tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs — sjá umfjöllun í kafla ***6 Kynning, samráð – Ferill máls*** *(og undirköflum)* hér að framan.

Kallað er eftir umsögnum frá sömu hagsmunaaðilum og áður:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Isavia
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf.
- Landsnet
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis og samgöngusvið
- Sveitarfélagið Ölfus
- Hafnarfjörður
- Garðabær
- Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir

Eins og fram hefur komið í greinargerð þessari hefur verið horft til umsagna sem hafa borist (í forkynningu deiliskipulags) við úrvinnslu deiliskipulagstillögunnar og við úrvinnslu tillögu þessarar að breytingu á aðalskipulagi.

Einnig verða eftirfarandi aðilar upplýstir m.a. með vísan til forkynningar deiliskipulags – listi hefur verið uppfærður. Boðið verður upp á opið hús á kynningartímanum.

- Sögufélag Kópavogs
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla
- Landssamtök hjólreiðamanna

TILLAGA

- Nemendafélög Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla /tengiliðir skólarnir
- Eldri borgarar sem sækja félagsmiðstöðina í Boðaþingi í Kópavogi /tengiliður Boðaþing

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila.

## 6.4 Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun

### Málsmeðferð

Aðalskipulagsbreyting er/verður unnin samkvæmt 1. mgr. 36. gr. -og 30. gr., 31. gr. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu er kynnt samkvæmt 3. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

Deiliskipulag er og hefur verður unnið, kynnt og afgreitt samkvæmt 40. gr., 41. gr. og 42. gr. sömu laga.

Tillögurnar eru/verða auglýsar samtímis samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sömu laga.

Tillaga að breytingum á aðalskipulagi er hér lögð fram til kynningar samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni athugun Skipulagsstofnunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. sömu laga

### Skipulagsferli – áfangar og drög að tímaáætlun

Eftirfarandi eru helstu áfangar og drög að tímaáætlun, birt með fyrirvara um breytingar.

| Aðalskipulags-breyting<br><br>Lýsing á skipulagsverkefni | Aðalskipulags-breyting, **tillaga í vinnslu**<br><br>**Forkynning** | Aðalskipulagsbr. og deiliskipulag, **tillögur**<br><br>Auglýsing, kynning | Aðalskipulagsbr. og deiliskipulag, **tillögur**<br><br>Úrvinnsla | Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag, **tillögur**<br><br>Afgreiðsla | Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag<br><br>Gildistaka |
|---|---|---|---|---|---|
| Samþykkt að kynna/auglýsa lýsingu að tillögu að breytingu á aðalskipulagi<br><br>Kynningartími um 3-4 vikur<br><br>Unnið úr athugasemdum<br><br>Tillaga að breytingum | Samþykkt að forkynna /augl. tillögu að breytingum á aðalskipulagi<br><br>Kynningartími um 3-4 vikur<br><br>**Unnið úr athugasemdum**<br><br>Tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi samhæfðar | Samþykkt að auglýsa tillögur samtímis<br><br>**a.**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi<br>-send til Skipulags-stofnunar til athugunar – svar innan 4ra vikna<br><br>**b.**Uppfærð tillaga að deiliskipulagi<br><br>**c.** Tillögur auglýstar samtímis -6 vikna athugasemdafrestur | Að auglýsingu lokinni<br><br>-Athugasemdir berast<br>-Unnið úr athugasemdum, greinargerð skrifuð<br><br>Greinargerð og endanlegar tillögur lagðar fram til afgreiðslu | Tillögur ásamt viðbrögðum við athugasemdum í greinargerð afgreiddar /samþykktar<br><br>-Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst<br>-Aðilum sem sendu inn athugasemdir svarað<br><br>Gögn aðalskipulags-breytingar send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar<br><br>Gögn deilskipulags send til Skipulagsstofnunar til skoðunar áður en gildistaka verður auglýst | Skipulagsstofnun staðfestir breytingu á aðalskipulagi og auglýsir gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda<br><br>Kópvogsbær auglýsir gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda |
| September-oktbóber 2022 | Nóvember 2022 - janúar 2023 | Mars 2023 til maí 2023 | Maí-júní 2023 | Júní-júlí 2023 | Ágúst-september 2023 |

# 7 Heimildir

Helstu heimildir. Listinn er ekki tæmandi.

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Aðgengilegt á vefsíðu Kópavogs og skipulagssjá Skipulagsstofnunar.
https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/adalskipulag

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040. Aðgengilegt á vefsíðu ssh.is.

Deiliskipulagstillaga til auglýsingar. Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Deiliskipulagstillaga í vinnslu. Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Deiliskipulagstillaga til forkynningar (á vinnslustigi) fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Kynnt 10. mars til 22. apríl 2022. Gögn aðgengileg á vefsíðu Kópavogs https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/vatnsendahaed-vatnsendahvarf-forkynning-deiliskipulagstillogu

Deiliskipulagstilllaga til forkynningar (uppdráttur, 11.02.2022)
Vatnsendahvarf, greinargerð (dags. 11.02.2022)
Vatnsendahvarf, kynning fyrir skipulagsráð (14.02.2022)
Vatnsendahvarf, samráðsáætlun (uppfærð, dags. 24.2.2022)
Vatnsendahvarf, náttúrufarsúttekt (vegna deiliskipulags Vatnsendahæðar).

Lýsing fyrir skipulagsverkefni, fyrir nýtt deiliskipulag á Vatnsendahæð /Vatnsendahvarf, dags. 25. mars 2021. Kynnt vor 2021.

Náttúrufarsúttekt. Minnisblað. Úttekt á fuglalífi og gróðurfari vegna deiliskipulags Vatnsendahæðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, unnið fyrir Kópavogsbæ. Rannveig Thoroddsen og Borgný Katrínardóttir.

Minnisblað skipulagsdeildar, dags. uppfært 25.5.2022, um samráð og kynningu deiliskipulagstillögu á vinnslustigi – forkynningarstigi.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi, 2022.

Deiliskipulagstillaga (að lokinni forkynningu), skýringarmynd (mynd 2) í greinargerð þessari.

Breyting á aðalskipulagi, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Breyting nr. 2.

Lýsing. Breyting á aðalskipulagi, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð, Lýsing á skipulagsverkefni, dags. 15. september 2022. Breyting nr. 2. Kynnt 1. – 27. október 2022. (Bent er á að um er að ræða lýsingu vegna breytingartillögu (í vinnslu sem er var forkynnt)). https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/vatnsendahvarf-lysing-skipulagsverkefnis

Forkynning. Breyting á aðalskipulagi, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Tillaga á vinnslustigi í forkynningu. Sjá nánar feril máls í kafla 6.5.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar m.a. Lýsing fyrir skipulagsáætlun.

o.fl.

TILLAGA

## Fylgiskjal 1: Umhverfismatsskýrsla. Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og Vatnsendahvarf-deiliskipulag. Dags. 24. janúar 2023.

Sjá pdf fylgiskjal.

## Fylgiskjal 2: Minnisblað. Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi, dags. 15.11.2022.

Sjá pdf fylgiskjal.

## Fylgiskjal 3: Minnisblað. Vatnsendahvarf. Mat á þjónusturýmd, dags. 4.11.2022.

Sjá pdf fylgiskjal.

TILLAGA



# UMHVERFISMATSSKÝRSLA

**Breyting á aðalskipulagi Kópavogs**
**Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og Vatnsendahvarf-deiliskipulag**

**24.01.2023**



## UPPLÝSINGAR

| SKJALALYKILL | HÖFUNDUR |
|---|---|
| 101458-SKY-001-V01 | Hrafnhildur Brynjólfsdóttir |
| | **RÝNT** |
| | Silja Traustadóttir |
| | **SAMÞYKKT** |
| Unnið fyrir Kópavogsbæ | Hrafnhildur Brynjólfsdóttir |

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

# 1 INNGANGUR

Umhverfismatsskýrsla þessi fylgir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/ Vatnsendahæðar og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Umfjöllun í umhverfismatsskýrslu á við báðar tillögurnar. Samantekt umhverfisskýrslu er birt í aðalskipulags- og deiliskipulagstillögunum.

Hér er lagt mat á umhverfisáhrif tillagnanna í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

# 2 SKIPULAGSTILLÖGUR

Í tillögu að **deiliskipulagi** Vatnsendahvarfs er sett stefna um blandaða íbúðabyggð ásamt samfélagsþjónustu, verslun og þjónustu, með vísan til gildandi aðalskipulags. Með deiliskipulaginu er unnið samkvæmt markmiðum og áherslum í aðalskipulagi og fellur uppbyggingin að markmiðum um fjölbreytt framboð íbúðargerða og búsetukosta. Áherslur á vistvænar lausnir og vistvæna byggð styðja við frekari uppbyggingu í Vatnsendahvarfi. Í hverfinu og við það er gert ráð fyrir svæðum fyrir leikskóla, verslunar- og þjónustusvæði og opnu svæði. Gert er ráð fyrir um 500 íbúðum og er áætlað hlutfall íbúða í fjölbýli 60-70% og hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum um 30-40%.

Á kynningartíma deiliskipulagstillögu fyrir Vatnsendahvarf komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögunnar og kalla á tilfærslu á landnotkunarreitum í **aðalskipulagi**. Kópavogsbær var því ákveðið gera tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við breyttar forsendur úr deiliskipulagsferlinu og nýjar upplýsingar sem hafa komið fram.

- Breyting á afmörkun íbúðarsvæða og opinna svæða.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu fellt niður í útjaðri hverfisins en skilmálar settir um að verslun og þjónusta skuli vera innan íbúðarsvæðis.
- Kambavegur felldur niður sem tengibraut, að/frá fyrirhuguðu íbúðarhverfi.
- Leiðrétting á staðsetningu minja.
- Umfjöllun um varðveislugildi húss Útvarpsstöðvar Íslands felld út vegna breyttra forsendna.

Gögn úr forkynningu deiliskipulags fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð og forkynningu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi má sjá á vef Kópavogsbæjar.

# 3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

## 3.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Breytingar á afmörkun landnotkunarreita í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með því að styðja við:

- aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum, bæði innan hverfis og með góðum stígatengingum.

- markmið um nærþjónustu í göngufæri með möguleika á verslun og þjónustu í miðju íbúðahverfisins.
- markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

Umhverfisáhrif uppbyggingar íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi voru metin í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og þar voru metin neikvæð áhrif af uppbyggingu íbúðasvæðisins á andrúmsloft. Bent var á að uppbygging í útjaðri byggðar gæti haft neikvæð áhrif þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði gætu valdið meiri notum á einkabílnum, sem vinnur á móti markmiðum svæðisskipulagsins um að meginþunga vaxtar sé beint á miðkjarna og önnur þróunarsvæði. Í aðalskipulaginu (k. *9.5.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð*) er einnig bent á að uppbygging almenningssamgöngukerfisins og stígakerfis og efling atvinnusvæða í Hvörfum gæti dregið úr þessum áhrifum. Þrátt fyrir að Vatnsendahvarf sé utan þessara vaxtarsvæða þá er uppbyggingarsvæðið engu að síður mikilvægt þéttingarsvæði innan núverandi byggðar sem nýtir vel núverandi innviði, er staðsett nálægt atvinnukjarna sem byggst hefur upp í Hvörfum, auk þess sem stutt er í tengingu inn á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Þá er svæðið (uppbyggingin) innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins og styður við markmið um fjölbreytt framboð húsnæðis og búsetukosta.

## 3.2 Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Samkvæmt meginmarkmiðum aðalskipulagsins skal stuðla að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Breyting á landnotkunarreitum í aðalskipulagi styður við markmið aðalskipulagsins um þéttingu byggðar með fjölbreyttu framboði af húsnæði, aðgengi að útivistarsvæðum og möguleika á þjónustu innan hverfis, sem og greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Breyting á aðalskipulagi nær yfir eftirfarandi svæði ÍB-6, S-27 og S-67, VÞ-20, OP-5.13 og MV-9. Allar breytingarnar eru í samræmi við útfærslu deiliskipulags sem unnið er að og í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Göngu- og hjólaleiðir eru uppfærðar og tengibraut felld út.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu aðalskipulagsins. Við breytingu á aðalskipulagi og mótun nýs deiliskipulags hefur verið litið til markmiða aðalskipulagsins sem voru mótuð með sterkri tengingu við heimsmarkmiðin.

## 3.3 Deiliskipulag

Það svæði sem deiliskipulag Vatnsendahvarfs nær yfir hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Nærliggjandi íbúðahverfi eru fullbyggð og er byggð á deiliskipulagssvæðinu eðlilegt framhald af aðliggjandi byggð. Við gerð deiliskipulagsins er tekið tillit til nærliggjandi deiliskipulagsáætlana, þær eru:

- Vatnsendi-norðursvæði, samþykkt 26.07.2002.
- DSK Hörðuvalla (Vatnsendi), samþykkt 24.07.2003
- Vatnsendahvarf, svæði IV, samþykkt 13.05.2008.
- Arnarnesvegur, þriðji áfangi, samþykkt 07.07.2022.

# 4 UMHVERFISÁHRIF

Þeir umhverfisþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum á breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Vatnendahæð/Vatnsendahvarf eru:

- Landslag og sjónræn áhrif vegna áhrifa af byggð.
- Samfélag vegna áhrifa á framboð af íbúðarbyggð, þjónustu og grænum svæðum.
- Náttúrufar með hliðsjón af náttúrufarsúttekt.
- Hljóðvist og loftgæði vegna umferðar.
- Menningarminjar með hliðsjón af minjaskráningu.
- Vatnafar áhrifa þéttrar byggðar á ofanvatn.

Við val á umhverfisþáttum var m.a. litið til umfjöllunar í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Kópavogs. Viðmið eru einkum sótt í stefnu stjórnvalda í viðkomandi málaflokkum og skipulagsáætlunum, Landsskipulagsstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Kópavogs, auk viðmiða í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna , lögum og reglugerðum, sem og umsögnum í skipulagsferlinu. Í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi Kópavogs var unnið áhættumat vegna loftslagsbreytinga fyrir deiliskipulagið og breytingu á aðalskipulagi. Aukin úrkomuákefð getur haft áhrif á vatnafar og aukin tíðni ofsaveður getur haft áhrif á vindafar og foktjón. Fjallað er um þessa þætti í matinu.

Til að meta hugsanleg umhverfisáhrif svæðisskipulagsins er notast við þá aðferðafræði að horfa til þess hver séu áætluð áhrif af framfylgd stefnu skipulagsáætlananna. Lögð er til eftirfarandi einkunnagjöf:

Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.

Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.

Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.

Óviss áhrif ef áhrif á umhverfisþátt eru háð útfærslu.

## 4.1 Landslag og ásýnd

Uppbygging á deiliskipulagssvæðinu mun gjörbreyta ásýnd og landslagi svæðisins. Svæðið er að mestu aflíðandi hæð með mýrlendi, mólendi og graslendi (tún) ásamt svæðum þöktum alaskalúpínu. Þó landið gerbreyti um ásýnd þá verður það eftir uppbyggingu í samræmi við nálæga borgarbyggð og mun þannig falla inn í umhverfi sitt sem er jákvætt, en það breytir þó ekki því að náttúrlegt umhverfi víkur fyrir byggð. Áhrif uppbyggingarinnar á **landslag og ásýnd** eru metin **neikvæð.**

## 4.2 Samfélag

Á deiliskipulagssvæðinu er skipulagt íbúðarsvæði með grænum geirum, skóla, leikskóla og möguleika á verslun og þjónustu. Uppbyggingin styrkir svæðið í heild sinni og íbúar þess munu geta sótt fjölbreytta þjónustu sem er að finna í nærumhverfi þess. Innra skipulag hverfisins ýtir undir samveru og lýðheilsu með aðstöðu til hreyfingar, boltavöllum, hundagerði og stígum sem tengjast nálægum útivistarsvæðum og þjónustu. Áhrif á **samfélag** og heilsu eru talin **jákvæð** m.t.t. fjölgunar íbúa og blandaðrar byggðar sem m.a. styður við blómlegt mannlíf.

Til samræmis við útfærslu í deiliskipulagi eru tveir reitir fyrir samfélagsþjónustu sameinaðir í aðalskipulagsbreytingunni og færðir til innan hverfisins. Á reitunum tveimur er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir uppbyggingu leikskóla og möguleikanum á skóla, kirkju og/eða annarri starfsemi. Tillagan miðar við að færa svæðið og sameina í einn reit og koma þar fyrir leikskóla og skóla í samræmi við þarfir hverfisins. Breytingin er í samræmi við áherslur aðalskipulagsins um aðgengi að leikskólum og gerð í kjölfarið á samráði við Menntasvið Kópavogs og skólastjórnendur í nálægum skólum, þar sem kom fram að æskilegt væri að koma fyrir skóla fyrir yngsta stig grunnskóla í tengslum við nýjan leikskóla. Breytingin styður við framboð samfélagsþjónustu í hverfinu og hefur þannig **jákvæð** umhverfisáhrif á **samfélag**, auk þess sem staðsetning skólanna er miðsvæðis í hverfinu.

Færsla í aðalskipulagi á áætluðu svæði fyrir verslun og þjónustu frá jaðri íbúðasvæðisins inn í hverfið og að miðju þess er í samræmi við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og markmið hverfisáætlana í aðalskipulagi Kópavogs um að borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins, sem byggir m.a. á aðgengi íbúa að þjónustu í nærumhverfi sínu. Með þessari breytingu aukast líkur á að t.d. verslun eða ámóta starfsemi verði í göngufæri við íbúa hverfisins og nýtist sem hverfisþjónusta, eins og bent var á í umferðargreiningu.[1] Breytingin er því líkleg til að hafa **jákvæð** umhverfisáhrif á **samfélag** með bættu aðgengi íbúa að þjónustu.

Með breytingu frá náttúrulegu umhverfi yfir í manngert umhverfi geta myndast aðstæður sem magna upp áhrif ofsaveðurs og vindstrengi sem þeim fylgja. Unnið er markvisst með skjólmyndun í deiliskipulaginu til að draga úr þessum áhrifum og mynda skjólrík svæði.

Samkvæmt umferðargreiningu verður umferðarsköpun innan hverfisins umtalsverð. Sú umferð á þó greiða leið að stofnbrautakerfi höfuðborgarinnar um nýjan Arnarnesveg og nálæg gatnamót við Breiðholtsbraut. Umferðaráhrif frá hverfinu koma því frekar til almennrar aukningar á umferð á nærliggjandi stofnbrautum og í borginni allri frekar en að valda staðbundnum töfum. Þó eykur uppbygging á nálægu atvinnusvæði í Hvörfum líkurnar á að íbúar geti sótt vinnu í nálægð við heimili sitt sem getur dregið úr þörf fyrir lengri ferðir. Áhrif aukinnar umferðar á **samfélag** eru því metin **óveruleg**.

Í umsögn Strætó um deiliskipulagstillögu fyrir svæðið kemur fram að stór hluti hverfisins mun vera utan 400m fjarlægðar frá stöðvum almenningssamgangna skv. framtíðar leiðaneti sem Strætó hefur unnið í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Í deiliskipulaginu er hins vegar gert ráð fyrir þeim möguleika að strætó geti farið um Kambaveg og gert ráð fyrir strætóstöð við grænt svæði nálægt skóla og í miðju hverfinu.

---

[1] VSÓ ráðgjöf. Minnisblað um Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Umferðargreining á vinnslustillögu deiliskipulags, dags 1. apríl 2022.

Í stefnu aðalskipulags Kópavogs er lögð áhersla á að yngstu börnunum verði gert kleift að stunda íþrótta- og tómstundastarf í sínu hverfi. Í deiliskipulaginu er unnið að þessu með skipulagi stíga, en stígatengingar fara um græna geira í átt að íþróttasvæðinu við Kórinn og aðrir stígar liggja í átt að Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla.

Í aðalskipulagsbreytingunni er áætlað að útivistarsvæði í grænum geira í gegnum íbúðarhverfið verði stækkað og við þá breytingu er opnað fyrir fjölbreyttari not af útivistarsvæðinu sem endurspeglast í áformum í deiliskipulagi um sleðabrekku, leiksvæði, dvalarsvæði, hundagerði, almenningsrými og boltavöll. Breyting er gerð á því hvar grænn geiri mætir Arnarnesvegi og er það gert í samræmi við útfærslu stígatengingar yfir Arnarnesveg á mögulegu vistloki, sem skapar góða tengingu við meginleiðir gangandi og hjólaleiðanet höfuðborgarsvæðisins. Með breytingunni er stutt við aukið aðgengi íbúa að fjölbreyttu útivistarsvæði í nærumhverfi sínu t.a.m. í Elliðaárdal, skíðasvæði í Seljahverfi í samræmi við stefnu aðalskipulags Kópavogs, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði. Breytingin hefur jákvæð umhverfisáhrif á **samfélag** með bættu aðgengi fyrir íbúa að grænum svæðum og stígakerfi.

Að öllu samanlögðu eru áhrif uppbyggingarinnar á **samfélag** metin **jákvæð.**

## 4.3 Náttúrfar

Í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir svæðið var unnin náttúrufarsúttekt í samræmi við tilmæli úr umhverfismati aðalskipulags Kópavogs um að áður en til uppbyggingar kæmi yrði gerð úttekt á vistgerðum og fuglalífi og metið hvort tilefni væri til mótvægisaðgerða. Úttektin leiddi í ljós að fuglalíf á svæðinu væri ekki sérstætt og gæfi ekki tilefni til aðgerða. Hins vegar kom í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385 frá 18. nóvember 2021. Í deiliskipulagstillögu eru útfærðar mótvægisaðgerðir sem miða við að gróðurtorfur með blátoppu skuli varðveittar og fundinn viðeigandi staður til framtíðar. Metið er jákvætt að færa blátoppuna úr núverandi gróðurumhverfi þar sem hún á undir högg að sækja, þar sem hún vex á svæði þar sem lúpínubreiðan stækkar hratt, en lúpína er flokkuð sem ágeng tegund. Með tilliti til skilmála í aðalskipulagi og mótvægisaðgerða í deiliskipulagi, sem unnar voru eftir samtal við Náttúrufræðistofnun og garðyrkjustjóra Kópavogs, eru áhrif á **náttúrufar** metin **jákvæð.**

## 4.4 Hljóðvist og loftgæði

Samkvæmt aðalskipulagsbreytingu er ekki lengur gert ráð fyrir að Kambavegur verði tengibraut að hverfinu. Þetta hefur jákvæð áhrif á útfærslu götunnar í deiliskipulagi, þar sem nú er gert ráð fyrir götu með lágan umferðarhraða sem bætir öryggi óvarinna vegfarenda, meðal annars í nálægð við skóla. Við útfærslu götunnar í deiliskipulagi, innan íbúðarsvæðisins, er gert ráð fyrir viðeigandi hraðatakmarkandi aðgerðum, en hægari umferð hefur minni áhrif á hljóðvist, auk þess sem alvarleiki slysa þar sem virkir vegfarendur og ökutæki mætast verður minni.[2]

---

[2] VSÓ ráðgjöf. Minnisblað um Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi, dags 2. nóvember 2022.

## 4.5 Menningarminjar

Í tengslum við deiliskipulagsgerð hafa minjar verið skráðar og eru fornminjar sýndar á deiliskipulagsuppdrætti. Við skráninguna kom í ljós að staðsetning minjasvæðis MV9 í gildandi aðalskipulagi var ónákvæm. Aðalskipulagsbreytingin uppfærir staðsetningu minjasvæðisins miðað við þessar nýju upplýsingar. Útfærsla deiliskipulagsins tekur tillit til þessara minja sem ætlunin er að varðveita. Skipulagið tekur tillit til minja, sem áður voru rangt skráðar sem hefði getað skapað hættu, og eru því áhrif á **minjar** því metin jákvæð.

Tekið er tillit til þessara minja við útfærslu byggðarinnar. Nú liggur fyrir betri þekking á staðsetningu minjanna sem ekki lá fyrir áður, sem hefur jákvæð áhrif á varðveislu minjanna.

## 4.6 Vatnafar

Uppbygging svæða þýðir að stærri hluti yfirborðs innan svæðanna er þéttur (götur, þök) þ.a. ofanvatn sem áður rann eftir yfirborði og hvarf svo ofan í jörðina og sameinaðist grunnvatnsstraumum, hefur ekki lengur þessa greiðu leið. Fráveitukerfin sem eru til staðar í núverandi byggð umhverfis skipulagssvæðið eru ekki hönnuð fyrir þetta þétta yfirborð og því anna þau ekki þessu aukna rennsli. Um leið er loftslag að breytast í heiminum sem leiðir til ákafari úrkomuviðburða. Til að hægja á ofanvatni í mikilli úrkomu var skoðað að innleiða blágrænar lausnir sem miða að því að leiða vatnið sem mest niður í jörðina aftur þannig að vatnabúskapur svæðisins haldist að mestu óbreyttur. Við skoðun á jarðfræði svæðisins kom í ljós að aðstæður fyrir blágrænu lausnirnar eru ekki ákjósanlegar, vegna þess hversu jarðlög eru þétt, og því var farið í að skoða aðra möguleika. Lagt var til að nýta beina ofanvatni í settjarnir ofanjarðar eða magasín neðan jarðar sem geta tekið við ofanvatninu og hægt á rennsli þess, og með því minnkað álag á frárennslislagnir. Eins var lagt til að tefja ofanvatnið innan lóða með regnbeðum, ofanvatnslautum, brunnum eða ámóta aðgerðum. Með þessum aðgerðum er dregið úr mögulegum neikvæðum áhrifum þéttara yfirborðs á vatnafar. Engin á, vötn eða sérstæð vatnakerfi eru á skipulagssvæðinu og áhrifin á **vatnafar** eru því metin **óveruleg**. Breyting verður þar sem ofanvatn sem í dag fellur á náttúrulegt svæði verður fært inn núverandi lagnakerfi og eykur álag á þeim. Unnið er á móti þeim áhrifum með ofanvatnslausnum í deiliskipulagi.

## 4.7 Valkostir

Við gerð aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 var lögð til byggð íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi og var hún borin saman við núllkost, sem var að halda svæðinu sem stofnanasvæði með fjarskiptamöstrum og tengdum mannvirkjum. Niðurstaða þess samanburðar var að gera ráð fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar á þessu svæði.

Við gerð deiliskipulags voru skoðaðir valkostir um staðsetningu verslunar og þjónustu innan hverfisins, umfang og staðsetningu skóla, afmörkun græns geira og skilgreiningu á Kambavegi sem tengibraut. Niðurstaða þeirrar greiningar var í öllum tilvikum breyting sem hafði jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

# 5 SAMANTEKT

Þegar á heildina er litið þá er tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð líkleg til að hafa eftirfarandi áhrif á umhverfið:

| | | |
|---|---|---|
| Landslag og ásýnd | Neikvæð áhrif þar sem náttúrulegt umhverfi víkur fyrir byggð. Eftir uppbyggingu mun uppbyggt svæði falla inn í umhverfi nálægrar borgarbyggðar. | − |
| Samfélag | Jákvæð áhrif af uppbyggingu hverfis með grænum geira, skóla, leikskóla, verslun og þjónustu, góðu stígakerfi og götum þar sem gert er ráð fyrir lágum umferðarhraða. Almennar tengingar við hverfið og gott stígakerfi vinna á móti aukinni umferðarsköpun. | + |
| Náttúrufar | Jákvæð áhrif á náttúrufar þar sem blátoppa, sem í dag á undir högg að sækja í vaxandi lúpínubreiðu, verður færð í öruggara umhverfi. | + |
| Hljóðvist og loftgæði | Jákvæð útfærsla í aðalskipulagi þar sem Kambavegur er ekki lengur áætluð sem tengibraut, sem hefur jákvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði og umferðaröryggi og útfærslu byggðar í deiliskipulagi. | + |
| Menningarminjar | Jákvæð áhrif á minjar, þar sem minjar sem áður voru skráðar á rangan stað, eru nú skráðar á réttum stað, auk þess sem skipulagið tekur tillit til minjanna. | + |
| Vatnafar | Óveruleg áhrif á vatnafar, þar sem engar ár, vötn eða sérstæð vatnakerfi eru á skipulagssvæðinu. | 0 |

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag eru í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs.

Við samanburð á valkostum um þróun byggðar innan hverfisins voru í öllum tilvikum teknar ákvarðanir sem höfðu jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

Til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á blátoppu, sem vex innan skipulagssvæðisins, var tekin ákvörðun um að varðveita gróðurtorfur frá fundarstöðum hennar og koma þeim fyrir þar sem hún getur dafnað til framtíðar innan hverfisins eða annars staðar í landi Kópavogs.

Til að draga úr áhrifum þéttara yfirborðs á ofanvatn er brugðist við í deiliskipulagi með því að setja skilmála um aðgerðir sem hægja á rennsli ofanvatns inn í lagnakerfi.

# 6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulag Vatnsendahvarfs og tengd breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru unnar í nánu samstarfi skipulagshönnuða, skipulagsfulltrúa, verkefnisstjóra skipulags, skipulagsráðs Kópavogs og bæjarstjórnar Kópavogs.

Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi var kynnt í október 2022 og tillaga til forkynningar fyrir breytingu á aðalskipulagi í desember 2022. Tillaga til forkynningar fyrir nýtt deiliskipulag var kynnt á vormánuðum 2022. Við kynningu skipulagslýsingar og tillagna var óskað eftir umsögnum frá fjölda aðila og var fleirum bætt á lista yfir umsagnaraðila ef ábendingar bárust um það.

Unnið var samkvæmt samráðsáætlun við tillögu að deiliskipulagi á forkynningarstigi. Áætlunin var kynnt samhliða kynntum gögnum sem eru aðgengileg á vefsíðu Kópavogs.

Tillögur að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi eru nú auglýstar samhliða. Við kynningu á þeim er óskað eftir umsögnum frá eftirfarandi aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Isavia
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf.
- Landsnet
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis og samgöngusvið
- Sveitarfélagið Ölfus
- Hafnarfjörður
- Garðabær
- Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir

Tillögur að deiliskipulagi og breytingar á aðalskipulagi verða auglýstar samtímis og á verður haft samráð við eftirfarandi m.a. með vísan til forkynningar deiliskipulags. Boðið verður upp á opið hús eins og gert var í forkynningu fyrir aðalskipulagsbreytinguna.

- Sögufélag Kópavogs
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla.
- Landssamtök hjólreiðamanna
- Nemendafélög Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla / tengiliðir skólarnir.
- Eldri borgarar sem sækja félagsmiðstöðina í Boðaþingi/tengiliður Boðaþing.

Innkomnar ábendingar og umsagnir eru nýttar jafnt til mótunar deiliskipulagstillögu og breytingar á aðalskipulagi. Stefnt er að því að auglýstar tillögur taki gildi sumarið 2023.

Fylgiskjal 2

# Minnisblað

Minnisblað dags. 15.11.2022

Uppfærsla minnisblaðs. 29.11.2022

22251

*Dreifing*
Kristjana H Kristjánsdóttir, Kópavogsbær
Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Kópavogsbær

Höfundur
RÞÞ

Yfirfarið/Samþykkt
SÓ

Tilefni

**Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi**

Niðurfelling tengibrautar á Kambavegi í aðalskipulagi

## 1 Inngangur

Að beiðni Kópavogsbæjar hefur VSÓ Ráðgjöf metið áhrif þess að fella niður tengibrautir sem sýndar eru í aðalskipulagi Kópavogs um Kambaveg að hinu nýja hverfi á Vatnsendahæð.

Greiningin þessi nær aðeins til akandi umferðar.

### 1.1 Forsendur

Fyrirliggjandi er

- Breyting á aðalskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar Lýsing á skipulagsverkefni. dags 15.09.2022.
- Minnisblað VSÓ Ráðgjafar: Vatnsendahæð umferðargreining. dags. 01.04.2022.
- Minnisblað VSÓ Ráðgjafar: Hámarkshraði í Kópavogi. dags 05.05.2022 (óútgefið – unnið fyrir umferðaröryggisáætlun Kópavogs)

Núverandi hámarkshraði Kambavegar er mismunandi.. Kambavegur sunnan við Vatnsendahæð, þ.e. frá Kóravegi, er með hámarkshraða 30 km/klst. Kambavegur norðaustan við Vatnsendahæð, þ.e. frá hringtorgi við Vatnsendahvarf er með hámarkshraða 50 km/klst. Er því um að ræða tvo stubba sama tengivegar, með mismunandi hámarkshraða.

Ekki hefur á þessu stigið verið ákveðið hver hámarkshraðinn verður á Kambavegi.

## 2 Líkindi þess að breytingin hafi áhrif á umferð.

Horft er til þeirrar breytingar að fella tengibrautina Kambavegur út en að Kambavegur verði í staðinn hefðbundin safngata. Á myndum 1 – 2 má sjá tengibrautirnar sem verið er að fella út, Kambavegur til suðurs og Kambaveg til norðaustur. Gera má ráð fyrir að flestir notendur Kambavegar notist aðeins við annan kaflann, þ.e. á leið inn eða út úr hverfinu.

Breytingin mun því ekki lengja vegalengd ferða heldur einungis hafa möguleg áhrif á akstursraða og þar með akstustíma.




Mynd 1  Kambavegur tengist Kóravegi til suðurs við Vatnsendahæð. Lengd 243 metrar.




Mynd 2  Kambavegur tengist til norðaustur hringtorgi Vatnsendavegs / Vatnsendahvarfs / Víkurhvarfs við Vatnsendahæð. Lengd 280 metrar.

Í minnisblaði VSÓ Ráðgjafar dags 05.05.2022, er lagt til að hámarkshraði í húsagötum og götum sem gegna bæði hlutverki safngatna og húsagatna verði 30 km/klst sem og götur við útivistarsvæði, en aðrar safngötur verði með hámarkshraða 40 km/klst.

Skoðaðar verða því 3 sviðsmyndir fyrir báða vegarkafla.

1. Núverandi tengibraut heldur sér og verður með 50 km/klst hámarkhraða, á öllum Kambavegi.
2. Tengibraut verður að safngötu með 40 km/klst hámarkhraða, á öllum Kambavegi.
3. Tengibraut verður að safngötu með 30 km/klst hámarkhraða, á öllum Kambavegi.

Gert er ráð fyrir ökutækjum í frjálsu flæði og að ökumenn fylgi hraðatakmörkunum.

Í töflu 1 má sjá þann tíma sem tekur að aka hvorn kaflann m.v. uppgefinn hámarkshraða. Lækkun hámarkshraða úr 50 km/klst niður í 40 km/klst bætir við 4,4 til 5 sekúndum (0,07-0,08 mín) í ferðatíma, eftir því hvaða átt yrði fyrir valinu. Yrðu báðir leggir eknir myndi heildarlenging í ferðatíma verða 9,4 sekúndur ( 0,16 mín). Yrði farin sú leið að hafa hámarkshraðann 30 km/klst í stað 50 km/klst, myndi ferðatími aukast um 11,7 – 13,4 sekúndur (0,19 – 0,22 mín), á hvorum kafla fyrir sig, eða um 25,1 sekúndu (0,42 mín) ef eknir yrðu báðir kaflarnir.

Samkvæmt ferðarvenjukönnun SSH o.fl. frá árinu 2019 fóru íbúar Kópavogs í 3,9 ferðir á dag að meðaltali[1]. Ef gert er ráð fyrir að allar ferðir fari í gengum báða kafla Kambavegar og að hámarkshraði verði 30 km/klst verður heildarferðartímaaukning 100 sekúndur á dag, þó gerum við ráð fyrir að flestar ferðir um Kambaveg endi /byrji í hinu nýja hverfi.

[1] https://stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/SAM/23_K%C3%B3pavogur.pdf

Í greiningu VSÓ Ráðgjafar um samanburð ferðavenjukannana 2014 og 2017 kemur fram að meðalferðatími að vinnu er hæstur, um 18 mínútur, en aðrar ferðir eru um fjórum mínútum styttri (þ.e. 14 mínútur) að meðaltali[2]. Er því meðalferðartími miðað við að aka báða leggina að lengjast úr 14 mínútum í 14.42 mínútur eða um 2,9% sem **getur ekki talist hafa nein eða í hæsta máta óveruleg áhrif á leiðarval né umferð.**

**Útreikningar hér að ofan gera ráð fyrir að sama hámarkshraða á öllum Kambavegi. Í dag er einungis 50 km/klst hámarkshraði á norðaustur hluta Kambavegar, væri því heildar akstursaukning við að lækka hámarkshraða úr 50 km/klst niður í 30 km/klst aðeins um 13 sekúndur á ferð eða 0,21 mínútur, sem er meðaltímaferða aukning um 1,5% (úr 14 mín í 14,21 mín).**

**Tafla 1: Breytingar á ferðatíma með breyttum ökuhraða**

| Hámarkshraði | | Til suðurs | | Til norðausturs | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Vegalend 243 metrar | | Vegalend 280 metrar | |
| [km/klst] | [m/s] | [sek] | [mín] | [sek] | [mín] |
| 30 | 8,3 | 29,2 | 0,49 | 33,6 | 0,56 |
| 40 | 11,1 | 21,9 | 0,36 | 25,2 | 0,42 |
| 50 | 13,9 | 17,5 | 0,29 | 20,2 | 0,34 |

| Hraðabreytin | | Tíma aukning | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Úr [km/klst] | Í [km/klst] | [sek] | [mín] | [sek] | [mín] |
| 50 | 30 | 11,7 | 0,19 | 13,4 | 0,22 |
| 50 | 40 | 4,4 | 0,07 | 5,0 | 0,08 |

[2] https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/ferdir_a_einstakling_skyrsla/$file/Fer%C3%B0ir_%C3%A1_einstakling_sk%C3%BDrsla.pdf

## 3 Aðrir hagsmunir lækkunar hámarkshraða

Í minnisblaði VSÓ Ráðgjafar dags, 05.05.2022 kemur eftirfarandi fram:

Ávinningur af lækkuðum hámarkshraða er meðal annars lækkun á jafngildishljóðstigi um 1-2 dB(A), en það er talið innan skynmarka fólks. Einnig verður alvarleiki slysa þar sem virkir vegfarendur og ökutæki mætast alvarlegri með hækkandi ökuhraða, líkt og sjá má á mynd [3].

Úr mynd [3] má lesa að við það að lækka ökuhraða úr 50km/klst niður í 40 km/klst lækka líkurnar á alvarlegum meiðslum á gangandi vegfarendum úr 80% niður í 35%.

Þá ber að nefna að þegar keyrt er á 50 km/klst tekur það ökutæki 27 metra að stöðvast við góð veðurskilyrði en aðeins 13 metra þegar ekið er á 30 km/klst, eða tæplega helming vegalengdarinnar, og dregur það verulega úr líkum á árekstrum. Slæm skilyrði geta þó lengt vegalengdirnar fjórfalt.




Mynd 3: Samband árekstrarhraða og líkur á alvarlegum meiðslum og andláti gangandi og hjólandi vegfarenda (Krueger, 2012).

Hægt er að vekja athygli ökumanna á breyttum hámarkshraða með hraðatakmarkandi aðgerðum, m.a. með hraðahindrunum, þrengingum, hliðrunum á akstursleið eða uppsetningu nýrra miðeyja. Ákvörðun um staðsetningu og val á hraðahindrunum ætti að taka í samstarfi við Strætó bs. Á götum þar sem er mikil umferð strætisvagna og þungra ökutækja er mælt með að þrengingar, hliðranir og miðeyjur verði valdar framyfir hraðahindranir. Æskilegar fjarlægðir milli hraðatakmarkandi aðgerða má sjá í töflu hér að neðan

**Tafla 2: Æskilegar fjarlægðir milli hraðatakmarkandi aðgerða**

| Hraðatakmark | Æskileg fjarlægð milli aðgerða | Mesta fjarlægð milli aðgerða |
|---|---|---|
| 50 km/klst | 150 m | 250 m |
| 40 km/klst | 100 m | 150 m |
| 30 km/klst | 75 m | 75 m |

Mikilvægt er að muna við breytingar á hámarkshraða, t.d. við lækkun hans frá 50 km /klst niður í 30 km/klst er nauðsynlegt að fara í hraðatakmarkandi aðgerðir samhliða. Tryggja þarf að vegurinn passi fyrirhuguðum skiltuðum hámarkshraða, til þess að hámarkshraði sé virtur. Þá er æskilegt að hönnun Kambavegar utan hins nýja hverfis taki mið af Kambavegi innan Vatnsendahvarfs og upplifun ökumanna sé samfeldur vegur með samfelldan hámarkshraða.

## 4 Samantekt og niðurstöður

Fyrirhuguð breyting á Kambavegi úr tengibraut í safngötu, breytir ekki landnotkun svæðisins. Fyrir hvern einstakling hefur breytingin óveruleg áhrif á aksturstíma, jafnvel þó hámarkshraði verði lækkaður úr 50 km/klst niður í 30 km/klst yfir báða kafla Kambavegar, eða aðeins að hámarki 25 sekúndur, þá er nú þegar annar hluti Kambavegar með hámarkshraða 30 km/klst. Er því raunbreyting aðeins um 13 sekúndur í stað 25 sekúndna.
Þá mun breyting þessi að öllum líkindum einungis hafa áhrif á íbúa húsagatna sem tengjast Kóravegi sem og verðandi íbúa nýs hverfis.

Lægri umferðarhraði kemur til með að hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist í hinu nýja hverfi.

Fylgiskjal 3

# Minnisblað

VSÓ RÁÐGJÖF

4.11.2022

22523

*Dreifing*
Skipulagssvið Kópavogsbæjar

Höfundur
Sverrir Bollason

Yfirfarið/Samþykkt
AK

Tilefni

**Vatnsendahvarf**
Mat á þjónusturýmd

## 1 Forsendur

Fyrir liggja áform um uppbyggingu nýs hverfis í Vatnsendahlíð og í drögum að deiliskipulagstillögu sem er er í vinnslu er gert ráð fyrir að íbúðauppbygging verði með þeim hætti sem taflan að neðan sýnir[1].

| Húsnæðisgerð | Fjöldi íbúða |
|---|---|
| Einbýli | 45 |
| Parhús | 60 |
| Raðhús | 46 |
| Fjölbýli | 102 |
| Klasabyggð | 247 |
| **Alls** | **500** |

Tölfræðilegt mat á væntum íbúafjölda í hverfinu með tilliti til þessarar blöndunar íbúðagerða, þegar hverfið er fullbyggt, bendir til að íbúar verði 1.350+/-200 talsins. Ekki liggur fyrir mat á líklegri aldursdreifingu.[2]

Gert er ráð fyrir sambyggðum leik- og grunnskóla fyrir yngsta stig grunnskólans í hverfinu en að eldri börn geti sótt í nærliggjandi skóla.

Fyrir liggur rýni á þjónustu í næsta nágrenni innan bæjarhlutans með tilliti til aðgengis innan 20 mínútna göngufjarlægðar. (Sjá mynd)

[1] Arkþing, Kópavogsbær 28.10.2022
[2] VSÓ Ráðgjöf nóvember 2022




## 2 Yfirlit yfir sjónarmið um verslunar- og þjónusturými í íbúðahverfum

Leitað var til nokkurra aðila sem hafa umtalsverða reynslu af útleigu atvinnuhúsnæðis til að fá fram þau sjónarmið sem þeir myndu líta til við mat á því hvort bæta ætti tiltekinni eign við eignasafn sitt og freista að leigja út og hvernig aðstæður við Vatnsendahvarf slógu þá. Allir aðilar sem rætt var við höfðu kynnt sér hugmyndir um aðgengilega nærþjónustu í öllum hverfum, svokallað 20 mínútna hverfi.

Í grófum dráttum má skipta verslunarrýmum í þrjá flokka:

- A – Verslunarkjarnar með breitt þjónustuframboð sem dregur að fólk víða að. Matvöruverslun og ýmis sérvara í bland við þjónustu.
- B- Minni verslunarkjarnar eða svæði sem höfða fyrst og fremst til íbúa borgarhlutans. Matvöruverslun er kjarninn í starfseminni, sérvara eða þjónusta.
- C- Þau sem hafa fyrst og fremst hlutverk við að þjóna næstu nágrönnum svo sem veitingar, snyrtiþjónusta og sjoppur.

**Matvöruverslun**

Yfirleitt eru það matvöruverslanir sem geta orðið grundvöllur verslunarkjarna, bæði þá sem laða að fólk nær og fjær. Þær laða fólk á staðinn daglega og þar með er önnur samliggjandi starfsemi óbeint auglýst og gefur tækifæri til að veranotuð í sömu ferð. Einhver dæmi eru um verslunarkjarna sem ekki byggja beint á tilvist matvöruverslana en þá er um nokkuð afmarkaða starfsemi að ræða.

**Eiginleikar sem skipta máli**

Nokkrir þættir skipta máli við mat á því hvort tiltekið rými sé talið líklegt til að ganga upp fjárhagslega, sem er grundvöllur þess að verslunar- og þjónusturýmið sé yfirhöfuð byggt og í notkun. Þessir þættir eru:

- Samkeppni við aðra nærliggjandi verslun – Ef önnur starfsemi býður meira úrval, lægra verð eða meiri fjölbreytni í þjónustu má aukin nálægð sín lítils í samkeppninni.
- Aðgengi m.t.t. umferðarleiða gangandi og akandi, viðskiptavina og rekstraraðila – gerir notkun þjónustunnar hentuga.

- Sýnileiki – Kynnir þjónustuna fyrir vegfarendum og minnir þá á tilvist þjónustunnar.
- Samlegðaráhrif nærliggjandi verslunar – Tengd starfsemi (t.d. heilsugæsla og apótek) getur af sér aukna verslun.
- Stærð rýma – Stýrir mestu um kostnað fyrir leigjandann.
- Hönnun rýmis með tillit til hljóðvistar, hljóðmengunar og áhrifa lyktar þegar um veitingarekstur er að ræða. – Hönnunarskilmálar verða að vera í samræmi við vænta notkun og minnka árekstra milli rekstraraðila og íbúa.

## 3 Vatnsendahvarf

**Samkeppni**

Bæjarhlutanum er vel þjónað af fjölbreyttri þjónustu og ekki síst matvöruverslun. Innan bæjarhlutans eru allar helstu keðjur matvöruverslana með útibú, sumar í innan við korters göngufjarlægð. Í bæjarhlutanum eru líka matsölustaðir, sjoppur, líkamsræktarstöðvar og bakarí.

Þar sem atvinnusókn er líklega að langmestu leyti utan bæjarhlutans liggur leið íbúa um svæði sem einnig er vel þjónað af dagvöruverslun. Má þar nefna Smáralind/Smáratorg til vesturs, Mjóddina til norðurs og verið er að byggja nýja matvöruverslun í Norðlingaholti til austurs. Tækifæri íbúa til að sinna erindum innan bæjarhlutans og á leið til og frá honum eru því nokkuð ríkulegir og ólíklegt að matvöruverslun myndi þrífast innan hverfisins af þeim sökum.

Vert er að nefna tilkomu nýs Arnarnesvegar norðvestan við nýtt hverfi og má sjá á meðfylgjandi mynd. Engin bein tenging er frá hinu nýja hverfi í Vatnsendahvarfi (blátt ský á mynd) við nýjan veg en farið yrði um Vatnsendahvarf um athafnasvæðið norðaustan við hið nýja hverfi. Tengingar við bæjarhlutann eru sýndar innan rauðra hringja. Myndin sýnir einnig verslunar- og atvinnusvæði innan bæjarhlutans (appelsínugul) og vel aðgengileg svæði utan bæjarhlutans (gul).



**Aðgengi og sýnileiki**

Staðsetning þeirrar lóðar sem ætluð er fyrir atvinnustarfsemi er á hentugum stað við helstu safngötu hverfisins ásamt því að liggja nærri sambyggðum leik- og grunnskóli. Strætó kynni einnig að stoppa á sömu slóðum. Þessar aðstæður ýta undir sýnileika og almennt aðgengi. Staðsetning starfsemi innan lóðarinnar hefur einnig áhrif þar sem staðsetning nærri umferð akandi og gangandi ýtir undir sýnileika.

Rekstraraðilinn þarf aðgengi að lóðinni fyrir vöruflutninga. Ef um er að ræða rekstur með mikla vöruveltu eða vörur með stuttan líftíma þarf að gera ráð fyrir nær daglegri eða tíðari vöruafhendingu. Þá þarf matvöruverslun að geta tekið á móti stórum ökutækjum með varning. Oft er ónæði af þessum völdum meiri en af völdum viðskiptavinanna og huga þarf að því hversu vel það samrýmist markmiðum fyrir hverfið almennt.

Aðkoma bíla verður yfirleitt á kostnað aðgengis gangandi nema því sé gefinn sérstakur gaumur í hönnun og getur þurft að fylgja því eftir með skilmálum. Huga þarf sérstaklega að aðkomu vöruflutninga með tilliti til mögulegra árekstra við aðra umferð. *Sjá t.d. muninn á bílastæðum Smáratorgs og Ikea í Kauptúni. Bæði svæðin eru nær alfarið miðuð við akandi umferð en sjáanlega betri aðstæður fyrir gangandi í Kauptúni.*

Hönnun lóðarinnar mun einnig ákvarða hversu hentug bílastæði eru til að sækja vörur og þjónustu. Eftir því sem afgreiðsla tekur skemmri tíma er mikilvægara að bílastæði séu nærri inngangi en ef tímalengd þjónustunotkunar er lengri má hafa bílastæði fjær. *T.d. ef sækja á tilbúinn mat vill fólk leggja beint fyrir utan en getur labbað lengra ef það fer í klippingu.*

**Samlegðaráhrif**

Mögulega má greina samlegðaráhrif í því að sambyggður leik- og grunnskóli sé á næstu lóð sem ýti undir samnýtingu ferða á báða áfangastaði. Ýta mætti undir það með því að tryggja stutta, örugga og aðlaðandi gönguleið milli þessara lóða. Þetta samspil er þó ekki vel þekkt á Íslandi. *Mögulega getur orðið til stemning fyrir að sækja í kaffihús eða ísbúð eftir að börn eru sótt í grunn/leikskólann.*

Ólíklegt er að samlegð verði milli tveggja eða fleiri óskyldra verslana.

**Stærð rýma**

Leigukostnaður er í beinu hlutfalli við stærð hins leigða rýmis og því er stærðin afgerandi fyrir það hvort rekstur gengur eða ekki. Of stórt rými getur sligað reksturinn en auðveldara getur verið að sníða umfang rekstursins að litlu rými.

VSÓ Ráðgjöf kannaði stærð nokkurra staða sem hafa gengið upp rekstrarlega með starfsemi sem gæti hentað í nærumhverfi íbúðahverfis og má sjá útkomuna í töflunni að neðan.

| Starfsemi | Dæmigerð stærð [m$^2$] |
|---|---:|
| Ísbúð | 50-70 |
| Bakarí með bakstri á staðnum | 80-100 |
| Veitingahús með 30 sætum | 130-150 |
| Hárgreiðslustofa með 4 stólum | 60-80 |
| Almenn sérvöruverslun | 40-60 |

*Ef verslun leigir húsnæði á kr. 5.000/m$^2$ mánaðarlega og getur sætt sig við að 20% veltunnar fari í leigu þá getur það skipt sköpum að rýmið sé 50m$^2$ frekar en 75m$^2$ enda þyrfti að auka mánaðarlega veltu um 625.000 í hverjum mánuði eða 7,5 milljónir árlega.*

Mælt er með því að heildarstærð útleigðs gólfflatar verði ekki stærri en 200m$^2$ og að skipta megi því plássi upp í 2-3 rými.

**Hönnun rýmis**

Gæta þarf að því að hávaði vegna reksturs og gesta ónáði ekki íbúa í húsinu og hanna þarf rými og burðarvirki með tilliti til þess. Þá þarf að gera ráð fyrir því að útsog úr atvinnueldhúsi sé hugsað frá upphafi svo lyktin leiti sem lengst frá íbúum, af þaki hússins. Þá þarf að huga að skilmálum um opnunartíma og merkingar. Gæta þarf að því að útgáfa vínveitingaleyfis samrýmist skipulagsskilmálum eða ekki eftir því sem við á.

**Áhrif á framkvæmdaraðila**

Eftirspurn eftir verslunar- og þjónusturými í nærumhverfi íbúðarsvæða er fremur takmörkuð eftir því sem fram kemur í samtali við heimildarmenn VSÓ Ráðgjafar. Það er líklegt að framkvæmdaraðili muni forðast að byggja upp atvinnurými í flokki C á svæðinu. Eftirspurnin er takmörkuð og því líklegt að það muni taka tíma að koma eigninni í leigu og ólíklegt er að rekstraraðili kaupi eignina og kjósi heldur að leigja. Þá krefst atvinnuhúsnæði aukinnar fjárfestingar í rýminu og ýmsum aðbúnaði ef vel á að vera. Það er t.d. innréttingar, sérútbúin rými, hljóðeinangrun, lyktarvarnir of þess háttar. Framkvæmdaraðili myndi því líklega kjósa að nýta rýmið fyrir íbúðir sem seljast hraðar, með minni tilkostnaði og mögulega á hærri verði. Að öðrum kosti myndi hann líta á kvöð um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis til virðislækkunar byggingaréttar.

## 4 Skipulagsleg áhrif

**Aðalskipulag**

Með tilliti til þeirrar stærðar verslunar- og þjónusturýma sem lagt er til að gert sé ráð fyrir er óhætt að svæðið allt sé tilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi. Um landnotkun á svæðum fyrir íbúðarbyggð segir í skipulagsreglugerð:

> Íbúðarbyggð (ÍB)
> Svæði fyrir íbúðarhúsnæði <u>og nærþjónustu</u> sem því tengist, <u>auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu</u> eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Með því að tilgreina ákveðinn reit innan skipulagssvæðisins sem verslunar- og þjónustusvæði er ljóst að uppbyggingin yrði á forsendum atvinnureksturs og væntingar um aukna uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í hlutfalli við íbúðarbyggð. Gera má ráð fyrir aukinni umferð og hávaða á slíku svæði. Þá stefnumörkun þyrfti að skoða með tilliti til áhrifa á eðli hverfisins og líkindi uppbyggingar með tilliti til samkeppni við atvinnuhverfi í nágrenninu.

**Deiliskipulag**

Tilgreina þarf þær kvaðir sem gerðar eru um að atvinnuhúsnæði sé á tilteknum reit í hverfinu. Tvær staðsetningar koma til greina innan reitsins og mætti skilja það eftir í höndum framkvæmdaraðila að velja hvora staðsetningu hann hannar fyrir verslun og þjónustu. Gera þarf skilmálana þannig úr garði að ljóst sé að ekki verði komist hjá að reisa aðra hvora bygginguna með atvinnurými ef sú leið er farin. Það hefði áhrif á úthlutunarskilmála lóðanna þannig að úthluta þyrfti þeim byggingarreitum saman.

Taka þarf fram hvort veitingarekstur sé heimill eða ekki og sérstaklega þarf að tilgreina hvort veita beri vínveitingaleyfi eða ekki og þá með hvaða skilyrðum. Ef vilji er til að heimila hverfisveitingahús með vínveitingaleyfi gæti það verið í samræmi við reglugerð um veitinga- og gististaði: Staður í flokki II, af eftirtöldum tegundum: a) veitingahús, c) veitingastofa og greiðasala, e) kaffihús.

Setja þarf fram með skýrum hætti hvernig kröfur verði gerðar til aðgengis gangandi, akandi og vöruflutninga á lóðinni.

- Gönguleiðir þurfa að vera aðlaðandi, öruggar og án ónauðsynlegra hindrana. Nýta ætti samtengingu við skóla, útivistarsvæði og megin tengigötu.
- Fyrir þjónustuhlutverk verslunarrýma er mikilvægt að skammtímabílastæði séu aðgengileg og frátekin nærri inngangi fyrir viðskiptavini.
- Skilgreina þarf hvernig vöruflutningum skuli háttað á lóð.
- Hafa þarf skilmála um útlit með þeim hætti að þeir krefjist opinna glugga fyrir atvinnustarfsemi og heimili merkingar fyrir atvinnurekstur.

Gera verður ráð fyrir að hljóðeinangrun og loftræsing sé með þeim hætti að atvinnustarfsemi hafi ekki neikvæð áhrif á íbúa byggingarinnar, sér í lagi hvað varðar veitingarekstur.

**MINNISBLAÐ**

| SKJALALYKILL | TITILL | |
|---|---|---|
| 101458 MIN-002-V04 | **Áhættumat vegna loftslagsbreytinga** | |
| **DAGS.** | **VERKKAUPI** | **TILVÍSUNARNÚMER** |
| 25.01.2023 | Kópavogsbær | ... |
| **SENDANDI** | **MÓTTAKANDI** | **DREIFING** |
| Hrafnhildur Brynjólfsdóttir<br>Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir | Kópavogsbær | |

# ÁHÆTTUMAT VEGNA LOFTSLAGSBREYTINGA FYRIR DEILISKIPULAG OG BREYTINGU Á AÐALSKIPLAGI VEGNA VATNSENDAVARFS/VATNSENDAHÆÐAR

## Áhættumat vegna loftslagsbreytinga

Unnið er að deiliskipulagi fyrir íbúðahverfi í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð og í tengslum við það verður gerð breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er hvatt til notkunar á áhættumati vegna loftslagsbreytinga.




**MYND 1.** Svæði þar sem unnið er að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi. Skjáskot af ja.is.

**Áhættumat** felur í sér að lagt er mat á hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga og hvort að aðgerða sé þörf til þess að tryggja öryggi og ástand mannvirkja til framtíðar. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða áhættumats er að loftslagsbreytingar hafi neikvæð áhrif eru settar fram aðgerðir til þess að lágmarka þau áhrif.

Áhættumati vegna áhrifa loftslagsbreytinga er lýst í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins og eru þar gefnar leiðbeiningar um gerð þess sem hér er unnið eftir. Áhættumatið skiptist í þrjá verkþætti:

- Greining áhættuþátta
- Umfang áhættuþátta innan skipulagssvæðis
- Mat á aðgerðum

***Greining áhættuþátta***

Farið hefur verið yfir öll aðgengileg gögn um deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar til að öðlast skilning á hugsanlegum áhrifum loftslagsbreytinga á skipulagssvæðið. Í Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð er gert ráð fyrir um 500 íbúðum, leikskóla, skóla, verslun og þjónustu og opnu svæði til útivistar. Jafnframt er gert ráð fyrir innviðum sem fylgja slíku hverfi; vegum, stígum og lögnum.

Áhættumatið er unnið í samræmi við leiðbeiningar við gerð áhættumats í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Við kortlagningu á mögulegum áhættuþáttum var litið til skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar[1] sem gefin var út 3. maí 2018 og valið að leggja mat á eftirtalda áhættuþætti:

1. Aukin úrkomuákefð
2. Aukin tíðni ofsaveðurs
3. Breytingar á lífríki á landi

Nýtt hverfi í Vatnsendahvarfi/Vatnendahæð verður staðsett í rúmlega 4 km fjarlægð frá sjó í um 140 m hæð yfir sjávarmáli. Hækkun sjávarborðs eða aukin tíðni sjávarflóða er því ekki líkleg til að hafa áhrif í hverfinu.

***Umfang áhættuþátta innan skipulagssvæðis***

1. **Aukin úrkomuákefð.** Almennt er meiri úrkoma inn til landsins og þar sem land liggur hærra, eins og á við, fyrir Vatnsendahæð. Loftslagsáhrif munu valda aukinni úrkomuákefð sem getur haft áhrif í hverfinu.
   a. **Fráveita og ofanvatnskerfi.** Laga þarf fráveitu- og ofanvatnskerfi að nýrri byggð. Aukist ákefð úrkomu eru miklar líkur á að það valdi meira álagi á fráveitukerfi og taka þarf tillit til þess við hönnun þeirra. Fráveita frá þessu hverfi bætist inn á fráveitukerfi nálægra hverfa og ekki er mikil rýmd til að taka á móti ofanvatni af svæðinu og þarf sérstaklega að seinka gusuvatni í miklum rigningum/asahláku. Blágrænar ofanvatnslausnir sem leiða vatnið sem mest niður í jörðina aftur henta ekki vel á svæðinu þar sem jarðfræðiathugun hefur leitt í ljós að jökulruðningur sem hylur berggrunninn á svæðinu er frekar þétt efni og með litla lekt. Við þær aðstæður hentar svæðið ekki til innsigs á yfirborðsvatni frá lóðum, götum og/eða opnum svæðum. Þar sem aðstæður fyrir blágrænar lausnir eru ekki

[1] Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórssson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson. 2018. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018. Veðurstofa Íslands. Sjá hlekk hér.

ákjósanlegar, þá var fengin ráðgjöf[2] um aðra möguleika til að hægja á ofanvatni, og þeirri ráðgjöf fylgt við útfærslu deiliskipulagsins.

**Áhrif og aðlögun:** Líkur á áhrifum á fráveitu og ofanvatnskerfi vegna loftslagsbreytinga eru miklar en fyrir liggja tillögur að aðgerðum til að draga úr áhrifum. Í deiliskipulagi eru lagðar til mótvægisaðgerðir til að hægja á ofanvatni í mikilli úrkomu, í samræmi við fengna ráðgjöf, þar sem deiliskipulagssvæðinu er skipt upp í 5 svæði og gerð tillaga að staðsetningu ofanvatnsmeðferðar fyrir hvert þeirra, sem geta verið settjarnir, magasín eða neðanjarðargeymar (púkkmagasín, röramagasín, kasettumagasín). Í deiliskipulaginu er einnig fylgt tillögum um að tefja fyrir ofanvatni inni á lóðum með temprunarlausnum þar; ofanvatnslautum, regnbeðum eða brunnum. Þá eru skilmálar um að bílastæði skulu vera gegndræp.

| | Litlar líkur | Meðal líkur | Miklar líkur |
|---|---|---|---|
| Lítil áhrif | | | Fráveita og |
| Meðal áhrif | | | ofanvatn |
| Mikil áhrif | | | |

**Mat á aðgerðum:** Endanleg framkvæmd mun skera úr um hvort líkur á áhrifum og tjóni verði í meðallagi eða litlar, að teknu tilliti til mótvægisaðgerða.

b. **Samgöngur.** Almennt getur aukin úrkomuákefð haft áhrif á skemmdir á vegum, flóð, flóð í ræsakerfum og óstöðuleika undirlags.

**Áhrif og aðlögun**: Miklar líkur eru á að svæðið verði fyrir áhrifum vegna aukinnar úrkomuákefðar þar sem svæðið liggur hátt og er á hæð. Með reglulegu viðhaldi samgöngumannvirkja má taka mið af loftslagsbreytingum án umtalsverðs kostnaðar-auka. Veghönnuðir leita sífellt leiða til að gera endingarbetri mannvirki og í ljósi þess eru litlar líkur á áhrifum á mannvirki s.s. skemmdir á vegum eða öðrum samgöngumannvirkjum. Flóð geta orðið í ræsakerfum og er fjallað um það hér ofar í umfjöllun um fráveitu og ofanvatnskerfi.

| | Litlar líkur | Meðal líkur | Miklar líkur |
|---|---|---|---|
| Lítil áhrif | | | Samgöngur |
| Meðal áhrif | | | |
| Mikil áhrif | | | |

**Mat á aðgerðum**: Sjá lið 1 a.

2. **Aukin tíðni ofsaveðurs**. Samkvæmt skýrslu vísindasiðanefndar er fjöldi hvassviðra breytilegur og sýnir verulegar sveiflur á milli áratuga. Óljóst er hvort markverðar breytingar verði á tíðni þeirra á öldinni.

[2] Elín Inga Knútsdóttir, Jón Skúli Indriðason, Reynir Sævarsson. 2022. Vatnsendahæð-ofanvatnslausnir. Minnisblað. Efla.

Skipulagssvæðið er mjög berskjaldað fyrir veðri og vindum þar sem það er staðsett í 148 m hæð yfir sjávarmáli og þar ríkja sterkar suðaustlægar áttir.

a. **Náttúruvá tengd aftakaveðri.** Ofsaveður með miklum vindi geta haft áhrif á umferð gangandi og foktjón geta orðið.

**Áhrif og aðlögun:** Með breytingu frá náttúrulegu opnu umhverfi yfir í manngert umhverfi geta myndast aðstæður sem magna upp ofsaveður og vindstrengi sem þeim fylgja. Í deiliskipulaginu er unnið er með afstöðu til sólar og skjóls, kvaðir settar um trjágróður á lóðamörkum og skilmálar um að gera þurfi sérstaklega grein fyrir aðgerðum til skjólmyndunar í byggingarlýsingu aðaluppdrátta.

| | Litlar líkur | Meðal líkur | Miklar líkur |
|---|---|---|---|
| Lítil áhrif | | Náttúruvá | |
| Meðal áhrif | | | |
| Mikil áhrif | | | |

Í deiliskipulaginu eru enn fremur kvaðir um að á lóðum fjölbýlishúsa skuli auk þess huga að skjólmyndun og svæðum þar sem gott er fyrir íbúa og gesti að dvelja, bæði fullorðna og börn. Skjólveggir skulu vera hluti af hönnun húsa og koma fram á aðaluppdráttum. Lögun bygginga og byggingarreita er nýtt til að veita skjól gegn ríkjandi vindáttum og til að búa til skjólgóð dvalarsvæði og skilmálar um að landmótun og gróður verði nýtt til að búa til skjól í grænum geirum og í bæjarlandinu.
Almennt eru hús á Íslandi sterkbyggð og þola ofsaveður vel.
Áhrif eru líkleg til að vera meiri á framkvæmdatíma en í fullbyggðu hverfi, þó þau nái því ekki að verða mikil, en eru líkleg til að verða lítil þegar hverfið er fullbyggt.
**Mat á aðgerðum**: Meta þarf áhættu á foktjóni í aftakaveðri út frá staðsetningu svæðisins og ríkjandi vindáttum. Með ákvæðum í skipulagi og skipulagi bygginga er dregið úr líkum á því að fyrirkomulag byggðar hafi neikvæð áhrif á vind í aftakaveðri og markvisst unnið að því að auka skjól. Aðgerðir í deiliskipulagi munu draga úr áhrifum.

3. **Breytingar á lífríki á landi.** Loftslagsbreytingar hafa mikil áhrif á lífsskilyrði plantna og dýra á landi. Á Vatnsendahæð munu náttúruleg vistkerfi víkja fyrir uppbyggingu bæjarlands með lóðum, götum, stígum og skipulögðum grænum svæðum.

**Áhrif og aðlögun.** Miklar líkur eru á að áhrif á lífríki vegna loftslagsbreytinga verði lítil því landið verður manngert.

**Mat á aðgerðum:** Ekki eru lagðar til neinar aðgerðir til aðlögunar.

| | Litlar líkur | Meðal líkur | Miklar líkur |
|---|---|---|---|
| Lítil áhrif | | | Lífríki |
| Meðal áhrif | | | |
| Mikil áhrif | | | |

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi



Bjarni F. Einarsson

2022

Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 42 í Kópavogi. Hægra megin við rústina liggur Vatnsendavegur, nr. 92. (Horft mót NA. Ljósm. BFE 2022).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Kópavogsbæ
Maí 2022

### *Inngangur*

Að beiðni Kópavogsbæjar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á deiliskipulagsreit í landi Vatnsenda vegna fyrirhugaðra húsbygginga. Staðsetning fornleifa og mörk skipulagssvæðisins eru sýnd á Mynd 1. Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem fyrri skráningarskýrslur og ýmsar heimildir sem þar er getið.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 25–26. maí síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá.

Fulltrúi verkkaupa var Kristjana H. Kristjánsdóttir hjá Kópavogsbæ.




Mynd 1. Yfirlit yfir deiliskipulagsreitinn (svört brotalína) og staðsetningu fornleifa/minja (rautt). Sjá einnig mynd 2 sem er eldri loftmynd þar sem herminjar og sumar þær minjar sem nú voru skráðar sjást (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Kópavogsbær/ Fornleifafræðistofan).

## *Skráningin*

Samkvæmt lögum um menningar-minjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **42** | Rúst | 1 | Byggingar | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| **92** | Þjóðleið | 1 | Byggingar | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| **93** | Rúst | 1 | Byggingar | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Þversnið |
| **94** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Lélegt | 1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| **95** | Garðar | 3 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Þversnið |
| **96** | Garður | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Engar |
| **97** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Prufuhola |
| **98** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **99** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **100** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| **101** | Dæld | 1 | Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900 | Lítið (2) | Lítið (2) | Nei | Engar |
| | Fjöldi fornleifa/minja | 12 | | | | Meðaltöl: | | | | |

Tafla yfir skráðar fornleifar við Vatnsenda. Hér er gengið út frá því að skipulagið valdi hættu á öllum fornleifum/minjum á svæðinu. Minjar sem lenda í aldurshópnum 1900 eru allar talsvert yngri en svo og nær því að vera frá 1950 eða yngri.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í næsta nágrenni könnunarsvæðisins.

Samtals voru 12 fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangskönnunina undir 11 númerum.

Einar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi og hinar lítið minja- og varðveislugildi.

Tvær voru í ágætu ástandi, tvær minjar í lélegu og restin í sæmilegu ástandi.

Sjö fornleifanna voru taldar eldri en 1900, aðrar yngri. Af þessum sjö sem voru eldri en 1900 eru allar nema fjórar hugsanlega á mörkum þess að vera fornleifar (nr. 95 og 96). Ef þær tengjast möstrunum á svæðinu eru þær ekki 100 ára, en annars frá 19. öld. Ef þarf að raska þeim ætti að nægja að taka þversnið í einn garðinn. Dældirnar eru allar yngri en 1900 og líklega frá tímanum 1920-1950 og sennilega nær 1950. Margar þeirra sjást ekki á loftmynd sem tekin var skömmu eftir seinna stríð (sjá mynd 2). Sumar dældanna geta verið kartöflugeymslur (sbr. fornleifaskrá) og/eða geymslur á vegum hersins. Mælt er með því að ein þeirra, nr. 94, verði könnuð með prufuholu til að sannreyna aldursgreininguna.

Þegar gömul loftmynd (map.is) sem tekin var eftir að Vatnsendastöðin var byggð sjást nokkrar af þeim fornleifum/minjum á þeirri mynd. Þar sjást einnig herminjar, en kampur var reistur við sendistöðina sem kallaður var Camp Vatnsendis á stríðsárunum (Friðþór Eydal 2013). Slík rústaþyrping er alls ólík þeim rústaþyrpingum sem tilheyra hinu íslenska landbúnaðarsamfélagi. Þarna eru rústirnar í beinum röðum með götum á




Mynd 2. Loftmynd sem tekin var eftir að herinn var farinn af landinu (t.v.) og nýleg loftmynd af byggðinni við Vatnsenda. Fornleifar/minjar nr. 95 og 96 eru dregnar upp eins og þær sjásts á gömlu loftmyndinni. (map.is/Loftmyndir ehf).

milli. Margar minjar sjást ekki á gömlu myndinni og því má ætla að þær séu yngri en myndin.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), ljósmyndun eða nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og görðum geta verið nákvæmari GPS mæling, drónamyndir og hugsanlega þversnið. Rannsóknir á yngri rústum geta einskorðast við þverskurði eða prufuskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef öll rústin er ekki fullrannsökuð. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Í töflunni hér að framan er stungið upp á mótvægisaðgerðum ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna. Minjar yngri en 100 ára njóta ekki friðunar og því er ekki hægt að fara fram á rannsnókn nema að grunur liggi fyrir um að eldri minjar leynist undir. Sá grunur er ekki fyrir hendi.

### *Niðurstaða*

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Einar voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki og restin í þeim lægsta. Allar fornleifarnar/minjarnar teljast vera í mikilli hættu vegna skipulagsins. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Herminjar njóta ekki friðunar laga um menningarminjar né heldur minjar yngri en 100 ára. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

### *Heimildir*


Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Kópavogs endurskoðuð*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og María Gísladóttir. *Byggðakönnun. Borgarhluti 6. Breiðholt*. Borgarsögusafn. Reykjavíkur. Skýrsla 216. 2021.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Arnarnesvegur í Kópavogi - mat á umhverfisáhrifum. Fornleifakönnun.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002.

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Friðþór Eydal. *Kampar í Kópavogi: herbúðir bandamanna í landi Kópavogsbæjar og næsta nágrenni í síðari heimsstyrjöld..* Gunnar Marel Hinriksson bjó til prentunar. Sögufélag Kópavogs og Héraðsskjalasafnið. Kópavogur 2013.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0 Sótt 27. maí 2022.

*Minjastofnun Íslands*. Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf - deiliskipulag - Forkynning. Bréf dags. 29. apríl 2022.

Stefán Ólafsson. *Arnarnesvegur 3. áfangi. Deiliskráning og fornleifarannsókn.* Fornleifastofnun Íslands 2021.

*Örnefnaskrá*. Örnefni í heimalandi Kópa

*Örnefnaskrá.* Breiðholt. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.vogs- kaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.

*Örnefni í bæjarlandi Kópavogs.* Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.


### *Fylgirit*

*Fornleifaskrá:* Kópavogur Nr. 42, 92–101.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | 1000 | | 42 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | - | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 23.7.2019 | E 362763,45 N 401837,79 | Isn 93 | - | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst (stekkur?) | Fjárhús | Kóp 19 Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | - | Byggð | Talsverð | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | - |

*Lega og staðhættir*

Í blásnu holti í austanverðu Vatnsendahvarfi. Um 50 m SSA (neðan) af girðingu utan um Vatnsendastöðina.

*Heimildir og munnmæli*


Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Kópavogs endurskoðuð.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.

*Örnefnaskrá.* Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.

*Örnefni í bæjarlandi Kópavogs.* Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.


*Lýsing*

**Rúst (stekkur?).**

4 x 6 m (NV - SA).

Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Tvö hólf eru á rústinni (A og B). Í hólfi A (syðra hólfið) er talsvert af stórgrýti. Engar dyr sjás svo að vel sét á rústinni.

Rústin er vel gróin og þó einkanlega hólf B. Uppblástur hefur eytt landinu í kring, en nú er þar allt á kafi í lúpínu og erfitt að finna rústina.

Rústin var heimsótt á ný 10.5.2020 og mæld aftur inn og ljósmynduð (efri mynd). Gengið var út frá því að dyr væru á báðum hólfum til SV.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Stafræn. Olympus C-820L |

*Athugasemdir*

Ekki er víst að hér sé kominn sá stekkur sem getið er um í Örnefnaskrám. Átti hann að vera í Leyni (sem er norðar). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | 92 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | Vatnsendavegur | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362791,5 N 401801,5 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Þjóðleið | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Ágætt | 1550-1900 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Leiðin liggur upp Vatnsednahlíð skammt norðan við Álfkonuhvarf 47.

*Heimildir og munnmæli*


Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og María Gísladóttir. *Byggðakönnun. Borgarhluti 6. Breiðholt.* Borgarsögusafn. Reykjavíkur. Skýrsla 216. 2021.

*Minjastofnun Íslands.* Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf - deiliskipulag - Forkynning. Bréf dags. 29. apríl 2022.

Stefán Ólafsson. Arnarnesvegur 3. áfangi. Deiliskráning og fornleifarannsókn. Fornleifastofnun Íslands 2021.

*Örnefnaskrá.* Breiðholt. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.


*Lýsing*

**Þjóðleið.**

Leiðin er um 2 m á breidd og víða sér í grjót í götunni.

Leiðina má rekja frá Álfkonuhvarfi upp að girðingu gömlu ratsjárstöðvarinnar þar sem hún hverfur. Hún kemur svo aftur í ljós skammt vestan við nýju ratsjárstöðvarinnar og hefur þar verið skráð undir númerinu GK-215:007 (Stefán Ólafssosn 2021).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Minjastofnun Íslands hefur með bréfi dags. 29. apríl 2022 leyft rask á leiðinni eða nýtingu á henni sem göngustíg.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | 93 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362701,0 N 401748,5 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í austanverðri Vatnsendahlíð í holti.

*Heimildir og munnmæli*

map.is
https://map.is/base/@362778,401715,z10.32342143
3642228,0.

*Lýsing*

**Rúst.**
Um 6 - 7 m í þvermál, nánst hringlaga. Veggir úr torfi um 0,5 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Op eða eyða er í veggnum að norðanverðu.

Á gamalli loftmynd virðist einhverskonar gerði liggja við austurhliðina sem ekki sást á vettvangi (map.is).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **94** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362808,9 N 401855,8 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | Kartöflugeymsla | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Lélegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í austanverðri Vatnsendahlíð í holti.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
4 x 4 m og 0,8 m djúp. Op eða dyr eru mót norðri og þar er rani sem gengur út úr rústinni.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# *Fornleifaskrá*

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Núv. sveitarfél.* | *Hverfi* | *Aðalnr.* |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **95** |

| *Landareign* | *MÍ:Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362658,1 N 402000,0 | Isn 93 | | |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Garðar | | Kóp 22 | 3 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Tímab. hættumat* | *Tímab. hætta* | *Á kort?* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | Nei |

| *Minjagildi* | *Einkunn* | *Varðveislugildi* | *Einkunn 2* | *Friðlýsa?* | *Friðlýst?* | *Hvenær* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Lítið | 3 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti norðarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Arnarnesvegur í Kópavogi - mat á umhverfisáhrifum. Fornleifakönnun.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002.

*Lýsing*

**Garðar.**

1) Garður um 1 m breiður og 0,4-0,6 m hár og tæplega 40 m langur. Úr torfi (og grjóti?).
Við vesturenda sér í kröftugt járn sem virðist liggja undir garðinn. Hefur verið lengri sbr. map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0.

2) Garður um 1 m breiður og 0,4-0,6 m hár. Úr torfi (og grjóti?) og um 40 m langur. Hefur verið lengri sbr. map.is https://map.is/base/@362778,401715,z10.323421433642228,0.

Áður skráðir undir númerinu GK-215:004 (Elín Óksk Hreiðarsdóttir 2002).

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| *Ljósmyndari* | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| *Filma nr./teg. myndar* | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# *Fornleifaskrá*

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Núv. sveitarfél.* | *Hverfi* | *Aðalnr.* |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | **96** |

| *Landareign* | *MÍ:Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 25.5.2022 | E 362669,6 N 402023,3 | Isn 93 | | |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Garður | | Kóp 22 | 1 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Tímab. hættumat* | *Tímab. hætta* | *Á kort?* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | Nei |

| *Minjagildi* | *Einkunn* | *Varðveislugildi* | *Einkunn 2* | *Friðlýsa?* | *Friðlýst?* | *Hvenær* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Lítið | 3 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti norðarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Garður.**
Um 30 m langur, 1 m breiður og 0,3 - 0,4 m hár. Úr torfi (og grjóti?). Hefur verið lengri.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| *Ljósmyndari* | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| *Filma nr./teg. myndar* | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | 97 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362707,4 N 401821,3 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | Kartöflugeymsla | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
3 x 6 m stór og 0,7 m djúp.
Út úr dældinni er rani mót SA, en sjálf dældin er 2,5 x 3 m stór.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar* Canon EOS 750D

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | **98** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362710,8 N 401679,2 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
2 x 2 n stór og 0,3 m djúp. Enginn sýnilegur útgafnur er úr dældinni, en gæti hafa verið til suðurs.
Tvær hellur liggja við jaðarinn að norðan, gætu verið lagðar nýlega.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# *Fornleifaskrá*

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Núv. sveitarfél.* | *Hverfi* | *Aðalnr.* |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | **99** |

| *Landareign* | *MÍ:Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362663,6 N 401744,3 | Isn 93 | | |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Dæld | | Kóp 22 | 1 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Tímab. hættumat* | *Tímab. hætta* | *Á kort?* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| *Minjagildi* | *Einkunn* | *Varðveislugildi* | *Einkunn 2* | *Friðlýsa?* | *Friðlýst?* | *Hvenær* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**
1,5 x 1,5 m stór og 0,5 m djúp. Engar dyr eða útgangur.





*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar*: Canon EOS 750D

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# *Fornleifaskrá*

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Núv. sveitarfél.* | *Hverfi* | *Aðalnr.* |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | ' | **100** |

| *Landareign* | *MÍ:Nr* | *Heiti* | *Undirnr.* |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| *Skrásetjari* | *Dags.* | *GPS Staðsetning* | *Viðmiðun* | *M.y.s.* | *Skekkja* |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362673,1 N 401739,2 | Isn 93 | | |

| *Tegund minja* | *Tilgáta/Niðurstaða* | *Verk* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| Dæld | Kartöflugeymsla | Kóp 22 | 1 |

| *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Í eyði* | *Tímab. hættumat* | *Tímab. hætta* | *Á kort?* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| *Minjagildi* | *Einkunn* | *Varðveislugildi* | *Einkunn 2* | *Friðlýsa?* | *Friðlýst?* | *Hvenær* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**

3 x 4 m stór og 0,5 m djúp. Ranni liggur út úr dældinni til NNV.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| *Ljósmyndari* | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| *Filma nr./teg. myndar* | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | Kópavogur | | | **101** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsendi | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 26.5.2022 | E 362695,3 N 401751,8 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Dæld | | Kóp 22 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Mikil | Sæmilegt | 1900- | | | | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í holti austarlega á Vatnsendahæð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Dæld.**

3 x 4 m stór og 0,5 m djúp. Op er á dældinni mót suðri.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 750D |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.